allt
GEORGE HOLMES:
*Eldar með hjartanu*
• matur • tilboð
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



birta
ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR:
*Lífsglaður töffari*
• engey • mósambík • kvennahlaup
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG ▶







FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. júní 2005 - 155. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

### Mínus verður Plús og Barði harður



Mínus og Barði Jóhannsson semja tónlist fyrir kvikmyndina Strákana okkar sem fjallar um samkynhneigt fótboltalið.

FÓLK 50

### Tryggvi skorar bara gegn „litlu“ þjóðunum



Tryggvi Guðmundsson hefur skorað öll tíu landsliðsmörkin sín á móti þjóðum neðar en við á Styrkleikalista FIFA. Tryggvi vill fá að sanna sig gegn stærri þjóðum.

ÍÞRÓTTIR 32

### Sakamáli áratugarins fer senn að ljúka



Málflutningi í máli Michaels Jackson lauk 2. júní og nú er beðið í eftirvæntingu eftir niðurstöðu kviðdómsins.

UNGT FÓLK 50

## VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT VERÐUR FREMUR HÆGUR VINDUR** sunnan- og vestanlands en dálítill blástur fyrir norðan. Yfirleitt bjart og þurrt.

VEÐUR 4

# Formaður Garðasóknar segist læsa prestinn úti

**Formaður sóknarnefndar Garðasóknar íhugar að skipta um skrár í safnaðarheimilinu. Sóknarpresturinn hefur ritað biskupi bréf þar sem hann segist munu virða að vettugi öll fyrirmæli um tilfærslu í starfi og ætla að sitja áfram.**

**GARÐASÓKN** „Við höfum fram að þessu ekki haft löngun til að skipta um skrár í skrifstofum í safnaðarheimilinu en teljum okkur ekki hafa neina skyldu til að útvega sóknarpresti vinnuaðstöðu,“ segir Matthías G. Pétursson, formaður sóknarnefndar Garðasóknar.

Hans Markús Hafsteinsson, sóknarprestur í Garðabæ, ætlar að virða að vettugi öll fyrirmæli biskups um tilflutning í starfi ef til þeirra kemur. Þetta kemur fram í bréfi sem Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Hans Markúsar, hefur ritað biskupi Íslands en deilur hafa að undanförnu staðið í prestakallinu vegna ágreinings milli sóknarprestsins og formanns og varaformanns sóknarnefndarinnar.

Matthías segir Hans Markús vera búinn að mála sig út í horn. „Það kemur skýrt fram í reglum áfrýjunarnefndarinnar að biskupi ber að fara eftir þeim og færa hann til í starfi. Ef því verður haldið fram að áfrýjunarnefndin hafi ekki völd í málinu hlýtur biskup að fá umboð frá ráðherra til að hlutast til um málið. Ef hann neitar að verða við þeim tilmælum verðum við að grípa til aðgerða,” segir Matthías.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Hans Markúsar segir að samkvæmt lögum hafi áfrýjunarnefndin aðeins völd þar sem hið kirkjulega vald nær til. „Hans Markús er skipaður af ráðherra og aðeins hann getur leyst hann frá störfum. Þá eru engar málefnalegar ástæður fyrir því að aðalsafnaðarfundur hafi ekki enn verið haldinn. Því hefur verið haldið fram af starfsmanni biskupsstofu að ástæða þess sé málarekstur fyrir áfrýjunarnefndinni en svo er ekki því málsaðilar þess máls eru einstaklingar en ekki sóknarnefndin. Svo er það enn og málsaðilum er ekki skipt út eins og í fótboltaleik. Þetta mál er dæmi um einelti af verstu gerð,“ segir Sveinn Andri.

hjalmar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**NÝR GOSBRUNNUR Í TJÖRNINNI** Ræstur var nýr gosbrunnur í Tjörninni í Hljómskálagarðinum í gær. Þessi nýi gosbrunnur er frábrugðinn þeim gamla að því leytinu að hann gýs ekki jafnhátt og því er hægt að hafa hann í gangi í meiri vindi. Írena Björk Ómarsdóttir á leikskólanum Tjarnarborg ræsti brunninn með því að hringja í hann.

Ítalski hjálparstarfsmaðurinn sem var tekinn í gíslingu í Afganistan:

# Cantoni látin laus heil á húfi

**AFGANISTAN, AP** Clementina Cantoni, ítalski hjálparstarfsmaðurinn sem var rænt í afgönsku höfuðborginni Kabúl fyrir þremur vikum, var í gær látin laus, heil á húfi.

Vopnaðir menn rændu Cantoni á götu í Kabúl 16. maí síðastliðinn, en hún er 32 ára starfsmaður alþjóðlegu Care-hjálparsamtakanna og hafði sem slík starfað í Afganistan frá því í september 2003, einkum við að hjálpa ekkjum og börnum þeirra.

„Hún er heil á húfi,“ sagði talsmaður afganska innanríkisráðherrans í gærkvöld. „Hún er í innanríkisráðuneytinu. Hún er búin að tala við móður sína,“ tjáði talsmaðurinn, Latfullah Mashal, AP-fréttastofunni. Hann sagði ennfremur að ekki hefði verið greitt lausnargjald fyrir Cantoni. Hann sagði samverkandi þrýsting afgansks almennings, Hamid Karzai forseta, ættflokkahöfðingja og múslimaklerka hafa dugað til að telja mannræningjana á að sleppa Cantoni.



**CANTONI FRJÁLS** Á þessari myndbandsmynd sést Clementina Cantoni í afganska innanríkisráðuneytinu eftir að mannræningjar slepptu henni í gær.

Fréttinni af lausn Cantoni var fagnað mjög í heimalandi hennar. Ítalski utanríkisráðherrann Gianfranco Fini lýsti „gríðarlegum létti“ yfir fréttinni.

Ránið á Cantoni vakti áhyggjur um að uppreisnarmenn í Afganistan væru í auknum mæli að taka upp baráttuaðferðir uppreisnarmanna í Írak. ■

Ráðgáta í Moskvu:

# Fjölskylda finnst látin

**RÚSSLAND** Jarðneskar leifar fjögurra manna af þremur kynslóðum sömu fjölskyldu hafa fundist í íbúð í Moskvu, þar sem líkin lágu í að minnsta kosti í tvö ár uns lögreglu var gert viðvart vegna vangreiddra reikninga, að því er greint er frá á fréttavef BBC.

Það sem gerir ráðgátuna enn torræðari er að svo virðist sem fólkið hafi ekki dáið allt á sama tíma, heldur með allt að þriggja ára millibili. Lögregla gat að svo komnu máli ekki úrskurðað neitt um dánarorsök en hún hefur hafið morðrannsókn. ■

Kjaradómur fundaði í gær:

# Tvö prósent hækkun

**LAUNAMÁL** Kjaradómur ákvað í gær að hækka mánaðarlaun þeirra sem falla undir Kjaradóm um tvö prósent frá 1. júlí.

Þingfararkaup þingmanna verður eftir þetta tæplega 460 þúsund krónur. Ráðherrar verða með rúmlega 825 þúsund á mánuði en forsætisráðherra verður með rúmlega 900 þúsund krónur. - mh

Íþróttahús Landakotsskóla:

# Þegar fengið 30 milljónir

**SKÓLAMÁL** Landakotsskóli fékk vilyrði fyrir sextíu milljón króna fjárstyrk frá Reykjavíkurborg til að byggja nýtt íþróttahús. Fyrir liggja samþykktar teikningar af húsinu.

Skólinn hafði fengið greiddar þrjátíu milljónir af þessum sextíu árið 2003, en bygging íþróttahússins hefur ekki hafist, þar sem framkvæmdunum hefur verið frestað ítrekað síðustu árin.

Gunnar Örn Ólafsson formaður núverandi skólastjórnar vildi ekki tjá sig um málið. -ifv

SJÁ BLS. 6








## SPURNING DAGSINS

*Kristinn, eru þetta sleggjudómar í Dagnýju?*

„Ja, mér þykir hún farin að ganga úr skaftinu.“

Dagný Jónsdóttir alþingiskona segir flokksbróður sinn, Kristin H. Gunnarsson, vera ástæðuna fyrir döpru gengi Framsóknarflokksins í skoðanakönnunum. Kristinn hefur viðurnefnið sleggja.

Aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna í Belgrad:

# Líkur á framsali Mladic

**SERBÍA, AP** Ratko Mladic, fyrrverandi hershöfðingi Bosníu-Serba, kann að verða framseldur til stríðsglæpadómstólsins í Haag bráðlega, að því er aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna lét hafa eftir sér í gær. Hann boðaði ennfremur að Bandaríkjastjórn hygðist aflétta frystingu tíu milljóna dala greiðslu sem hún hafði áður samþykkt að veita til uppbyggingar í Serbíu og Svartfjallalandi.

„Það er einlæg von okkar að Serbía muni nú taka síðustu skrefin sem nauðsynleg eru til að fá Mladic hershöfðingja sendan til Haag þar sem hann verði látinn svara til saka fyrir þá glæpi sem hann stýrði er 8.000 karlmenn og drengir voru myrtir í Srebrenica,“ sagði Nicholas Burns, einn aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, eftir viðræður við fulltrúa Serbíustjórnar í Belgrad í gær.

Í janúar síðastliðnum hafði Bandaríkjaþing ákveðið að frysta skyldi tíu milljóna hjálpargreiðslu til Serbíu vegna meintrar ófullnægjandi samvinnu ráðamanna þar við stríðsglæpadómstólinn í Haag. Síðan þá hafa nokkrir Serbar verið framseldir til dómstólsins. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BURNS Í BELGRAD** Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, talar á blaðamannafundi eftir viðræður í Belgrad í gær.



**SVIPPUNGUR BJÖRGÓLFUR** Björgólfi var heitt í hamsi þegar hann svaraði Valgerði í gær. Myndin er samsett.

Björgólfur um Valgerði:

## Erfiðleikar Framsóknar

**ÍSLANDSBANKI** Björgólfur Guðmundsson svaraði Valgerði Sverrisdóttir iðnaðarráðherra í gær eftir að Valgerður sagði í gærmorgun óæskilegt að Björgólfsfeðgar eignuðust Íslandsbanka og að þeir ginu yfir öllu kviku á markaði.

Björgólfur benti á að það hefði verið Burðarás sem keypti Íslandsbanka, en þeir hafi nú selt hlut sinn í Eimskipum. Þá sé Landsbankinn hlutafélag sem njóti mikils trausts meðal viðskiptamanna sinna, þótt öðru máli kynni að gegna um Framsóknarflokkinn og kjósendur hans. Valgerður og Framsóknarflokkurinn yrðu að leysa sína innbyrðis erfiðleika án þess að draga aðra inn í þá. *- grs*

Sjóvá dæmt til greiðslu bóta:

## Ástþór fær bætur

**DÓMSMÁL** Sjóvá-Almennum var í gær gert að greiða Ástþóri Magnússyni 400 þúsund krónur í bætur, fyrir skemmdir á bíl hans sem tekin var ófrjálsri hendi í mars síðast liðnum.

Ekki taldist sannað að konan hefði haft heimild til þess að keyra bifreiðina og því var tryggingafélaginu gert að greiða Ástþóri málskostnað. *- mh*

# Fellur á formsatriðum

**Umhverfismat verður að fara fram vegna álversframkvæmdanna á Reyðarfirði. Þetta var staðfest í Hæstarétti í gær þegar dómur héraðsdóms í máli Hjörleifs Guttormssonar gegn íslenska ríkinu var staðfestur. Umhverfisráðherra segir málið hafa fallið á formsatriðum sem ekki var rétt að staðið.**

**DÓMSMÁL** Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi alþingsmaður og ráðherra, vann í gær mál sem íslenska ríkið, Alcoa á Íslandi og Fjarðarál höfðu áfrýjað, eftir að héraðsdómur dæmdi Hjörleifi í vil fyrr á árinu.



**SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR**



**TÓMAS MÁR SIGURÐSSON**

Í þessu máli var deilt um lögmæti umhverfismats og veitingar starfsleyfis álvers í Reyðarfirði.

Þegar ákveðið var að reisa álver með 322 þúsund tonna framleiðslugetu á ári, komst skipulagsstofnun að því að ekki þyrfti að fara fram umhverfismat fyrir þá framkvæmd, þar sem mat fyrir fyrirhugað álver með 420 þúsund tonna framleiðslugetu hafði þegar farið fram.

Hjörleifur kærði þá ákvörðun til umhverfisráðherra, sem staðfesti hins vegar niðurstöðu skipulagsstofnunar.

Í kjölfarið veitti Umhverfisstofnun starfsleyfi vegna framkvæmdarinnar, og kærði Hjörleifur þá ákvörðun einnig. Þeirri kæru var vísað frá.

Bæði héraðsdómur og Hæstiréttur hafa nú úrskurðað Hjörleifi í vil, og því verður að fara fram nýtt umhverfismat vegna álversframkvæmdanna í Reyðarfiði.

Hjörleifur var ánægður með dóminn. „Ég og Atli Gíslason, lögmaður minn, fögnum þessu og mér finnst gott að vita til þess að hægt sé að treysta dómstólum til þess að takast á við svona stór mál með þessum hætti“.



**HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON Í HÆSTARÉTTI** Dómurinn sem féll í gær er ekki talinn tefja framkvæmdir á Reyðarfirði. Atli Gíslason og Hjörleifur Guttormsson voru ánægðir eftir að dómur hafði fallið.

Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra, segir dóminn hafa komið á óvart. „Það eru vonbrigði að þetta hafi fallið svona, en það er ljóst að málið fellur á formsatriðum sem ekki var rétt að staðið á sínum tíma, að mati Hæstaréttar“.

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi, segir fyrirtækið taka þessu. „Við erum þegar byrjuð undirbúningsvinnu vegna umhverfismatsins. Þessi dómur mun ekki hafa nein áhrif á framkvæmdirnar svona við fyrstu sýn, þótt þetta hafi verið vonbrigði og komið á óvart“.

magnush@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MAHMOUD ABBAS**
Heimsótti Gaza-svæðið til að reyna að tryggja áframhaldandi frið á milli fylkinga.

Hæstiréttur Ísrael:

## Landtökumenn fari

**JERÚSALEM, AP** Hæstiréttur Ísraels úrskurðaði í gær að fyrirhugaður brottflutningur Ísraelsstjórnar á landtökumönnum frá Gaza-svæðinu væri lögmætur. Þar með var rutt úr vegi síðustu lagalegu hindrun þessarar áætlunar Ariels Sharon, forseta, sem miðar að því að bæta samskipti Ísraela og Palestínumanna.

Mahmoud Abbas, leiðtogi Palestínumanna, átti fund með uppreisnarhópum á Gaza-svæðinu í gær. Hann reyndi að sannfæra þá um að halda friðinn til að tryggja að ekki komi babb í bátinn í friðarferlinu sem horfir nú til betri vegar en oft áður. ■

Eiturlyfjasmyglari dæmdur:

## Tólf mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Tuttugu og níu ára gamall maður var í Héraðsdómi Reykjavíkur dæmdur í eins ár fangelsi fyrir smygl á rúmlega 200 grömum af kókaíni frá Þýskalandi til Íslands.

Maðurinn var með efnið innvortis og þurfti hann að gangast undir aðgerð til þess að losa sig við efnin.

Í dómnum var tekið tillit til þess að maðurinn játaði verknaðinn, en einnig var horft til þess að um sterkt og ávanabindandi efni var að ræða og ætla má að það hafi verið ætlað til sölu. *- mh*

Alltaf einfalt
ÓB
ódýrt bensín
14 stöðvar!
www.ob.is

Sakborningur segist hafa misst stjórn á skapi sínu:

# Sex mánuði fyrir rassskellinguna

**DÓMSMÁL** Sævar Óli Helgason var í gær dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir að rjúfa skilorð með því að rassskella leikskólakennara sem lagði fyrir innkeyrslu hans í fyrrahaust.

Dómurinn kom Sævari á óvart. „Já þetta kom mér óvart. Ég viðurkenni það að ég missti stjórn á skapi mínu en mér finnst þetta alltof strangur dómur“.

Tveir mánuðir dómsins eru óskilorðsbundnir og þarf Sævar því að sitja í fangelsi í þann tíma. „Ég skil ekki af hverju ég þarf að fara í fangelsi fyrir þetta. Ég reikna með því að áfrýja dómnum, en ég á eftir að ráðfæra mig við lögfræðing minn.“

Árás Sævars þótti niðurlægjandi og ófyrirleitin. Hann brást æstur við því þegar konan steig út úr bíl sínum við innkeyrsluna, og eftir orðaskipti skellti hann henni upp á vélarhlíf bílsins og rassskellti hana nokkrum sinnum þéttingsfast.

Sævar Helgi hafði áður hlotið dóma fyrir líkamsárásir. *- mh*



**SÆVAR ÓLI HELGASON** Sævar segir dóminn hafa komiðsér mikið á óvart. Hann rassskellti leikskólakennara fyrir að leggja ólöglega fyrir framan innkeyrslu sína.


vega bréf
Esso
Ferðastu um
landið
með ESSO
í sumar!
Nældu þér í vegabréf á næstu ESSO stöð og láttu stimpla það hjá ESSO um allt land í sumar. Fullstimpluðu vegabréfi skilar þú svo inn og færð um leið sérstakan sumarglaðning. Vegabréfin fara í pott og glæsilegir vinningar eru dregnir út vikulega í allt sumar. Þú gætir unnið glæsilegt golfsett, rafmagnsbíl fyrir börn eða jafnvel 42" Plasma sjónvarp! Aðalvinningurinn er svo dreginn út í sumarlok þegar einn heppinn þátttakandi fær eins árs afnot af fjórhjóladrifnum Mitsubishi Outlander, tryggðum hjá VÍS ásamt heilum 1.000 lítrum af gæða bensíni frá Esso
STIMPLAÐU ÞIG INN Í SUMARIÐ!
Fíton/SÍA FI013425

# Grillaðu um helgina



40% afsláttur við kassa

Frosnar
**nautalundir**
frá Nýja Sjálandi

**TILBOÐ**
**2.387** kr/kg
Merkt verð 3.979,-



SS fremstir fyrir bragðið

30% afsláttur við kassa

Hunt's BBQ
**grísakótilettur**

**TILBOÐ**
**1.084** kr/kg
Merkt verð 1.548,-



Kjöt & fisktorgið

**Lambaprime**

**TILBOÐ**
**2.320** kr/kg
Verð áður 2.900,-

**Lambainnralæri**

**TILBOÐ**
**2.398** kr/kg
Verð áður 2.998,-

**NAUTALUNDIR**

700-800 g nautalundir (sinuhreinsaðar)
salt og pipar
2 msk. smjör
1 stk. hvítlauksgeiri (kraminn)

Steikið nautalundina í smjörinu og hvítlauknum á heitri pönnu á öllum hliðum þannig að hún lokist alveg, þá er hún sett inní 200° heitan ofn í ca. 15 mín. eða þar til kjarnhitinn verði 65° (medium) þá er lykilatriði að hún fái að standa á borði í lágmark 15 mín. áður en hún er skorin í sneiðar.

landslið matreiðslumeistara



**Ragnar Ómarsson**
Veitingamaður og keppandi á Bocuse d'or 2005
Meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

Jói FEL



Dijon hunangs sósa | Rósapipar sósa | Basil & hvítlauks sósa

**Mest seldu grillsósurnar í Hagkaupum!**

**Hefur þú prófað?**



**TILBOÐ**
**299** kr/pk
Verð áður 399,-

**Chicago Town** fylltar pizzu sneiðar - tilbúið beint í örbylgjuofninn



Holta-kjúklingur

35% afsláttur við kassa

**Nýtt** í Hagkaupum

**Holta** úrbeinuð læri í tandoori kryddlegi og kjúklinga lundir í western kryddlegi



**TILBOÐ**
**249** kr/pk
Verð áður 369,-

**McCain** franskar, 1 kg.

Gildir til 12. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Á að tengja Vatnsmýri og Álftanes með brú yfir Skerjafjörð?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 64% |
| Nei | 36% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að halda áfram að vernda örninn?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Deilan í Landakotsskóla tekur á sig fleiri myndir:

# Kennarar kanna rétt sinn

**SKÓLAMÁL** „Mín skoðun er sú að stjórn Landakotsskóla sé ekki heimilt að beita þvingun til að fá starfandi kennara við skólann til að lýsa yfir stuðningi við stjórnina. Kennararnir líta á þetta sem ákveðna hótun. Níu kennarar, sem kenna við Landakotsskóla, sem beðnir hafa verið um skrifa undir slíka stuðningsyfirlýsingu hafa leitað til okkar. Það er klárt að þessum kennurum ber ekki að lýsa yfir stuðningi við stjórnina," segir Margrét Einarsdóttir lögmaður sem hópur kennara við Landakotsskóla hefur leitað til vegna bréfs sem stjórn Landakotsskóla sendi þeim á miðvikudag. Í bréfinu var sagt að þeir kennarar sem vilji starfa áfram við skólann þurfi að lýsa yfir stuðningi við nýkjörna stjórn Landakotsskóla til að halda starfi sínu.



**LANDAKOTSSKÓLI** Lögfræðingur segir stjórn Landakotsskóla óheimilt að beita þvingunum við kennara skólans

Kennararnir leituðu lögfræðiálits á fimmtudagsmorgun en ekki er komið á hreint til hvaða ráða kennararnir hyggjast grípa í framhaldinu. ■

Bandarískir öryggisverðir:

# Rannsókn á skothríð

**BAGDAD, AP** Sextán bandarískir einkaöryggisverðir sæta nú rannsókn fyrir að hafa skotið á bandaríska landgönguliða og óbreytta íraska borgara í Fallujah í síðasta mánuði.

Bandaríkjaher segir öryggisverðina vera verktaka sem vinni fyrir bandarískt fyrirtæki sem þjónustar hergögn og vinnuvélar í Írak. Enginn særðist í skotárásinni en engu að síður er atvikið litið alvarlegum augum. Talið er að verktakarnir séu farnir frá Írak en engin formleg ákæra hefur enn verið gefin út. ■

Menntun verslunarfólks:

# Þarf að stórefla

**MENNTAMÁL** Aðeins um 40 prósent starfsmanna í smásöluverslunum hér á landi hafa lokið framhaldsskólanámi og í sumum verslunum er hlutfallið mun lægra. Samtök verslunar og þjónustu spurðust fyrir í stærstu verslunarfyrirtækjunum og skoðuðu síðustu launakönnun VR og komust að þessari niðurstöðu.

Þetta er mjög lágt hlutfall, en talið er að 60 prósent Íslendinga á vinnumarkaði hafi lokið framhaldsnámi. Um 12.000 manns starfa í smásöluverslun og má því gera ráð fyrir að aðeins 4.800 þeirra hafi lokið framhaldsnámi.

Samtökin telja niðurstöðuna gefa tilefni til að stórefla menntun verslunarfólks. ■

Fræðslusjóður um einhverfu:

# Efla þekkingu um einhverfu

**HEILBRIGÐISMÁL** Stofnaður hefur verið Fræðslusjóður um einhverfu. Stofnfé hans er 1.7 milljónir króna sem er ágóði af námstefnunni Einhverfa – Leikur – Félagsfærni sem Fjölskyldudeild Akureyrar, Fræðsluskrifstofa Kópavogs, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Umsjónarfélag einhverfra héldu í apríl 2004.

Markmið fræðslusjóðsins er að efla enn frekar þá þekkingu sem námstefnan lagði grunn að í þágu barna með einhverfu hér á landi. Tilgangur hans er að stuðla að því að fagleg og hagnýt námskeið séu haldin af viðurkenndum aðilum. Enn fremur að styrkja fyrirlestrahald erlendra fræðimanna á sviði einhverfu og styrkja útgáfu á fræðsluefni. Úthlutað verður úr sjóðnum einu sinni á ári. -jss

# Framtíð Landakotsskóla í óvissu

**Ástandið í Landakotsskóla er ekki að skýrast þrátt fyrir fund stjórnar og foreldra í gær. Formaður stjórnar Landakotsskóla sagði á fundinum að spurningin væri hvort skólastarf myndi halda áfram eða bundinn verði endir á það.**

**SKÓLAMÁL** Stjórn Landakotsskóla hélt fund í gærkvöldi með foreldrum barna í Landakotsskóla. Búist var við því fyrir fundinn að mál skólans myndu skýrast á fundinum.

Margrét Halldórsdóttir sem fer nú með starfsmannamál í skólanum ásamt Írenu Kojic, meðan enginn skólastjóri er við störf, las upp nafnalista með nöfnum átta þeirra kennara sem hafa skuldbundið sig til að kenna áfram við skólann. Hún tók það fram að einhverjir kennarar hefðu ekki enn gefið svar sitt um það hvort þeir ætluðu að halda áfram störfum.

Laufey Jónsdóttir sem hefur verið kennari við skólann las upp yfirlýsingu með um átta öðrum nöfnum kennara sem ætla ekki að sækja um áframhaldandi starf við skólann og skoruðu á stjórn skólans að segja af sér. Sami hópur kennara leitaði í gærmorgun til lögfræðings til þess að kanna réttarstöðu sína gagnvart því sem þeir töldu vera þvingandi ráðningarskilyrði skólastjórnarinnar eins og kemur fram í Fréttablaðinu í dag.

Það virðist því vera sem kennaraliðið skiptist upp í tvær mjög skýrar fylkingar, annars vegar þá sem hafa ákveðið að starfa við skólann og styðja skólastjórnina og hins vegar þann hóp sem hefur ekki sagst ætla að starfa við skólann og leitar nú réttar síns. Hvorug fylkingin virðist ætla að gefa eftir í málinu.

Gunnar Örn Ólafsson stjórnarformaður tók til máls að þessu loknu og lýsti því yfir að spurningin væri hvort skólastarf myndi halda áfram í Landakotsskóla eða ekki.

Svo virðist sem þriðji hópurinn í málinu sé kominn fram en það er hópur foreldra sem tekur ekki afstöðu með annarri hvorri fylkingu kennara í málinu heldur bað fundargesti að hugsa fyrst og fremst um hag þeirra barna sem nema við skólann. Kona kom í pontu og flutti ræðu þess efnis og hlaut hún mikið lófaklapp fyrir.

ingi@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**GENGIÐ INN Á FORELDRAFUND** Stjórn Landakotsskóla hélt fund með foreldrum sem eiga börn í skólanum í gærkvöldi.







Tveir vörubílar knúnir metan:

# Orkan er unnin úr rusli

**REYKJAVÍK** Tveir nýir vörubílar sem ganga fyrir metangasi voru teknir í notkun í gær. Annar þeirra, af gerðinni Mercedes Benz Econic er í eigu GT verktaka og er fluttur inn af Ræsi hf. Hann mun flytja úrgang fyrir Sorpu frá móttökustöð í Gufunesi til urðunar í Álftanesi.

Hinn er af gerðinni Ford F450, í eigu Efnamóttökunnar hf. og fluttur inn af IB Bílum hf. á Selfossi. Hann mun flytja spilliefni frá endurvinnslustöðvum Sorpu til Efnamóttökunnar hf. Einnig mun hann þjóna þeim viðskiptavinum Efnamóttökunnar sem óska eftir söfnunarþjónustu.

Til gamans má geta þess að fyrri bíllinn sé sjálfbær, metangasið sem bílarnir keyra á er unnið í Álfsnesi úr þeim förgangi sem hann flytur þangað fyrir Sorpu. ■



**STÓRA SKREFIÐ** Aðstandendur metanvörubílanna stíga hér stóra skrefið inn í framtíðina. Þeir eru frá vinstri: Gísli Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri G.T. Verktaka, Árni Árnason, sölustjóri Ræsis, Björn H. Hálfdórsson framkvæmdastjóri Metan hf., Snorri Páll Jónsson, framkvæmdastjóri IB Bíla og Gunnar Bragason framkvæmdastjóri efnamóttökunnar

oasis

KAREN MILLEN ENGLAND

coast

Whistles LONDON

Mosaic Fashions hf

# Síðasti dagur hlutafjárútboðs

Hlutafjárútboði Mosaic Fashions hf. lýkur í dag kl. 17.00.

Tekið er við áskriftum á vef KB banka, www.kbbanki.is

Lágmarksáskrift er að andvirði 100 þúsund króna og hámarksáskrift 30 milljónir króna. 90.661.831 nýr hlutur er boðinn almenningi á genginu 13,6 krónur fyrir hvern hlut, samtals að andvirði 1.233.000.902 króna. KB banki hefur sölutryggt útboðið að fullu á útboðsgengi.

Síðari hluta júnímánaðar er fyrirhugað að skrá hluti félagsins á Aðallista Kauphallar Íslands.

Útboðs- og skráningarlýsing er gefin út á ensku undir heitinu Prospectus. Lýsinguna má nálgast hjá KB banka, Borgartúni 19 í Reykjavík og á vef bankans.

Ráðgjöf KB banka veitir upplýsingar vegna hlutafjárútboðsins í síma 444 7000.

## Útgefandi

Íslenskt lögheiti: M Fashions hf. Alþjóðlegt lögheiti: Mosaic Fashions hf. Kennitala: 550405-0320. Lögheimili: Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík. Sími: 414 4125. Höfuðstöðvar: 1st Floor, 69–77 Paul Street, London, EC2A 4PN, England. Sími: +44 (0) 207 452 1000. Vefur: www.mosaic-fashions.co.uk

## Umsjónaraðili útboðs og skráningar

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. (KB banka). Kennitala: 560882-0419. Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Sími: 444 6000. Vefur: www.kbbanki.is

## Skráning áskriftar

Áskrift í almenningsútboðinu er opin einstaklingum með íslenska kennitölu og lögaðilum sem hafa íslenska kennitölu, að því gefnu að þeim sé ekki meinuð þátttaka samkvæmt lögum.

Áskriftum í hlutafjárútboðinu er einungis hægt að skila rafrænt á sérstöku áskriftarformi á vef KB banka, www.kbbanki.is.

Áður en kemur til áskriftar þarf fjárfestir að gera grein fyrir sér með eftirfarandi aðgangsauðkennum á áskriftarforminu;
(A) með notandanafni og lykilorði fyrir KB Netbanka, eða
(B) með kennitölu og lykilorði sem fjárfestir pantar við upphaf áskriftar og fær sent um hæl með tölvupósti.

Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út. Eftir að áskrift hefur verið gerð og fram til 31. júlí 2005 er einnig hægt að nálgast rafræna staðfestingu á vefsíðunni með því að nota sömu aðgangsauðkenni og við skráningu áskriftar. Einnig má nálgast staðfestinguna í KB Netbanka.

Áskrift í útboðinu er bindandi fyrir áskrifanda. Útgefanda er heimilt að krefjast tryggingar frá fjárfestum sem skrá áskrift er nemur fjárhæð yfir 5 milljónum króna.

## Úthlutun

Komi til þess að áskriftir verði umfram þann 90.661.831 hlut sem boðinn er í útboðinu, þá verður seldum hlutum úthlutað til áskrifenda með eftirfarandi hætti:
(A) Hlutfallslegur niðurskurður mun nema allt að 50% af hverri áskriftarfjárhæð, og
(B) ef samanlagðar áskriftir eru enn umfram 90.661.831 hlut eftir niðurskurð sbr. (A), þá verður til viðbótar beitt flötum niðurskurði þannig að hámark úthlutaðrar áskriftar lækki uns samanlagðar áskriftir nema 90.661.831 hlut.

## Greiðsla

Frá og með 11. júní má nálgast tilkynningu um úthlutun ásamt greiðslufyrirmælum á vefsíðu KB banka með því að nota sömu aðgangsauðkenni og við skráningu áskriftar. Einnig má nálgast upplýsingarnar í KB Netbanka. Upplýsingar um úthlutun og greiðslufyrirmæli verða einnig send kaupendum við lok áskriftartímabilsins. Greiðslufyrirmæli verða ýmist í formi greiðsluseðils sem greiða má í íslenskum banka, sparisjóði eða netbanka, eða í formi upplýsinga sem lúta að greiðslu gegnum erlendan banka.

Greiðslu skal inna af hendi eigi síðar en 20. júní 2005 í samræmi við ofangreind greiðslufyrirmæli.

## Útgáfa og afhending hluta

Í kjölfar útboðsins er gert ráð fyrir að heildarhlutafé Mosaic Fashions hf. nemi 2.900.461.613 hlutum. Hinir nýju hlutir sem seljast í útboðinu verða gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. einum degi eftir að fjórðungur samanlagðra áskrifta hefur verið greiddur. Gert er ráð fyrir að útgáfudagur verði eigi síðar en 21. júní 2005. Eftir útgáfuna verða hlutir afhentir hverjum kaupanda einum viðskiptadegi eftir að greiðsla berst.

## Skráning í Kauphöll

Stjórn Kauphallar Íslands hf. hefur samþykkt að skrá alla útgefna hluti Mosaic Fashions hf. á Aðallista Kauphallarinnar, að því gefnu að Mosaic Fashions hf. uppfylli skilyrði varðandi fjölda hluthafa og dreifni hluta að útboðinu loknu. Stjórnin hefur veitt undanþágu á skilyrði um þriggja ára rekstrarsögu þar sem samstæða Mosaic Fashions hf. uppfyllir skilyrðin þrátt fyrir að móðurfélagið hafi verið stofnað á yfirstandandi ári. Mosaic Fashions hf. uppfyllir nú þegar skilyrði Kauphallarinnar varðandi stærð félags. Óskað hefur verið eftir því að MOSAIC verði auðkenni félagsins og hlutabréfa þess hjá Kauphöllinni. Viðskiptalota bréfanna verður 5.000 hlutir.

Niðurstaða útboðsins verður tilkynnt Kauphöll Íslands og fjölmiðlum hinn 10. júní 2005 eftir klukkan 17:00 og birt í fréttakerfi Kauphallarinnar 13. júní 2005. Skráning í Kauphöll Íslands er fyrirhuguð eigi síðar en hinn 21. júní 2005, en endanleg dagsetning verður tilkynnt með dags fyrirvara í fréttakerfi Kauphallarinnar.

**www.kbbanki.is**
**Sími 444 7000**

KB BANKI



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver er oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur?*

2 *Fyrir hvaða flokk situr Dagný Jónsdóttir á Alþingi?*

3 *Hver voru úrslitin í landsleik Íslands og Möltu í knattspyrnu?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Íbúar Álftaness safna undirskriftum gegn deiliskipulagi skipulagsyfirvalda:

# Vilja fleiri hugmyndir

**SKIPULAGSMÁL** „Staðan er sú að það stendur til að byggja upp miðbæjarsvæði á Álftanesi sem verður íbúða-og þjónustusvæði. Skipulagsyfirvöld fengu arkitektarstofu til að gera þematillögu að hinu nýja skipulagi. Við erum ósátt við það að ekki sé efnt til arkitektarsamkeppni um tillöguna því við viljum að fleiri en ein tillaga sé borin á borð fyrir okkur,“ segir Kristín Fjóla Bergþórsdóttir sem er ein af þeim sem stóð fyrir undirskriftasöfnun gegn fyrirhuguðu deiliskipulagi á Álftanesi.

Fulltrúar 340 af 620 heimilum á Álftanesi skrifuðu undir áskorunina.

Kristín segir að meirihluti bæjarstjórnar á Álftanesi hafi hafnað tillögu minnihlutans um að efna til samkeppni um deiliskipulagið og því hafi verið gripið til undirskriftasöfnunarinnar. Hún segir að þeir sem standi að undirskriftasöfnuninni treysti því að skipulagsyfirvöld taki tillit til óska þeirra. ■



**UNDIRSKRIFTIR AFHENTAR** Þeir sem standa að undirskriftasöfnuninni telja tillögu skipulagsyfirvalda vera í andstöðu við ímynd Álftaness.

Lútherska kirkjan:

# Þing hafið

**KIRKJUMÁL** Leiðtogaþing lútherskra kirkna í Evrópu hófst á miðvikudag í Reykholti í Borgarfirði, en evrópudeild Lútherska heimssambandsins stendur fyrir þinginu.

Þingið sitja um 90 manns frá rúmlega tuttugu löndum. Ishmael Noko, aðalritari Lútherska heimssambandsins, er þar á meðal manna.

Að sögn Öddu Steinu Björnsdóttur, verkefnisstjóra upplýsingamála hjá Biskupsstofu, er ánægjulegt að Ísland hafi orðið fyrir valinu sem fundarstaður. „Það kom fyrirspurn hingað frá höfuðstöðvum samtakanna í Genf, um hvort væri mögulegt að halda þingið hér á landi. Það var síðan ákveðið í framhaldinu af því að halda þingið í Reykholti.“

-mh



**FRANCOIS HOLLANDE, FORMAÐUR FRANSKA SÓSÍALISTAFLOKKSINS** Flokkurinn er klofinn vegna kosninga um stjórnarskrá Evrópusambandsins.

Franskir sósíalistar:

# Ekki í takt við kjósendur

**PARÍS, AP** Franski Sósíalistaflokkurinn sem áður réði lögum og lofum í frönskum stjórnmálum er nú skyndilega í mikilli kreppu. Flokksforystan studdi ríkisstjórn Jacques Chirac í baráttu fyrir því að Frakkar samþykktu stjórnarskrá Evrópusambandsins en nú þegar franska þjóðin er búin að segja nei stendur flokkurinn frammi fyrir því að þurfa að endurvinna traust kjósenda sinna sem flestir sögðu einmitt nei í kosningunum.

Stjórnmálaskýrendur vilja margir meina að þetta sé versta kreppa sem flokkurinn hefur komist í síðan Francois Mitterrand, fyrrverandi forseti, varð formaður árið 1971. ■

# Vísað frá héraðsdómi

**Lögmaður Auðar Laxness segir máli gegn Hannesi Hólmsteini ekki lokið eftir að héraðsdómur vísaði málinu frá í gær, heldur verði áfrýjað til hæstaréttar. Hannes býður sættir en segir að fleiri verði að fá að skrifa um Halldór Laxness en vinstri sinnaðir bókmenntafræðingar.**

**DÓMSMÁL** Máli sem Auður Sveinsdóttir Laxness höfðaði gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni, prófessor, var í gær vísað frá í Héraðsdómi Reykjavíkur. Auði var að auki gert að greiða Hannesi fimmhundruð þúsund krónur í málskostnað. Í niðurstöðu héraðsdóms kemur fram að ekki hafi verið nægjanlega gert grein fyrir brotum Hannesar í málshöfðuninni og sé hún ófullnægjandi.



**AUÐUR LAXNESS**



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON**

Þar er Hannes sakaður um að hafa ekki notað tilvísanir með réttum hætti í bókum sínum um Halldór Kiljan Laxness og að auki nota verk Halldórs sjálfs of frjálslega.

Hannes sagði þessa niðurstöðu ekki koma sér á óvart. „Það var aldrei sýnt fram á neina sök í þessu máli. Málið snýst nefnilega um það að aldrei var gerð tilraun til þess í stefnunni að sýna fram á lögbrotið, sem að sjálfsögðu var grundvallaratriði.“

Hannes hefur nú boðist til þess að gefa bókina út aftur með lagfæringum, og segir það vera sáttatillögu sína í þessu máli. Aðspurður að því hvort hann sé ekki að viðurkenna sekt sína með því, segir Hannes svo ekki vera. „Aðallega snérust athugasemdir fjölskyldu Laxness um það að tilvísarnir í Halldór Laxness hefðu átt að vera fleiri og endursagnir verka hans styttri. Ég er alveg tilbúinn til þess að taka tillit til þess og hef nú þegar unnið bókina með það að leiðarljósi, að mestu leyti. Það verða fleiri að fá að skrifa um Halldór Laxness en vinstri sinnaðir bókmenntafræðingar.“

Halldór Backman, lögmaður Auðar, undrast þessa niðurstöðu. „Það eru mikil vonbrigði að þetta hafi verið niðurstaðan. Undarlegast af öllu er þó sú krafa að stefnan þurfi að vera öll skrifuð upp, sem er á skjön við það sem hefur tíðkast hérlendis. Við munum að öllum líkindum kæra þetta til hæstaréttar og ef þessi niðurstaða er staðfest þar, þá verður málið sett á stað aftur. Það gefur auga leið.“

Halldóri finnst sáttatillaga Hannesar vera viðurkenning á sekt hans í málinu. „Í þessu hlýtur að felast ákveðin viðurkenning á sekt því af hverju ætti maðurinn að gera þetta, ef hann væri ekki tilbúinn til þess að fallast á að hann hafi gert eitthvað rangt?“

-mh




**ANNAÐ BINDI HANNESAR UM HALLDÓR KILJAN LAXNESS** Málið sem í gær var vísað frá í héraðsdómi snýst um umdeild efnistök Hannesar í bókum hans um Nóbelsskáldið, en þar er hann sagður ekki vitna nægilega vel til heimilda.




Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna:

# Vanskil vegna veikinda

**FJÁRMÁL** Veikindi eru oftast nefnd sem ástæða fyrir greiðsluerfiðleikum þeirra sem leituðu til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna árið 2004, að því er fram kemur í ársskýrslu stofunnar.

Umsóknum um fjármálaráðgjöf fækkaði heldur milli ára, úr 823 árið 2003 í 703 á síðasta ári. Vanskil voru að meðaltali svipuð milli ára, ríflega tvær milljónir króna á hvern umsækjanda. Helstu ástæður þeirra voru veikindi í tæplega fjórðungi tilvika og atvinnuleysi í um 16 prósentum tilvika.

Fjölmennasti hópur viðskiptavina ráðgjafarstofunnar á síðasta ári voru einstæðar mæður. Þá vekur athygli stækkandi hópur einhleypra karla sem sótt hafa sér aðstoð, en á síðasta ári voru þeir um 23 prósent umsækjenda eftir að hafa fjölgað ört síðustu tvö árin þar á undan.

Langstærstur hluti skulda viðskiptavina voru fasteignaveðlán eða yfir 60 af hundraði. Hins vegar voru vanskilin langmest í öðrum bankalánum með persónuábyrgðum og opinberum gjöldum. -jss



**ERFIÐLEIKAR VEGNA VEIKINDA** Veikindi og atvinnuleysi hrjá flesta þá sem lenda í greiðsluerfiðleikum.

**ÁSTÆÐUR GREIÐSLUERFIÐLEIKA 2004**

| | |
|---|---|
| Veikindi | 23,64% |
| Vankunnátta í fjármálum | 12,73% |
| Spilafíkn | 0,33% |
| Skilnaður/sambúðarslit | 9,09% |
| Offjárfesting | 11,57% |
| Minni tekjur | 12,73% |
| Ábyrgðir | 6,45% |
| Atvinnuleysi | 15,87% |
| Annað | 7,60% |

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Lögreglan í Kópavogi:

# Dóp í sölupakkningum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Kópavogi stöðvaði bifreið um miðnætti í fyrrinótt. Ástæða þótti til að leita í bílnum og við nánari skoðun kom í ljós umtalsvert magn fíkniefna í sölupakkningum.

Tveir einstaklingar voru í bílnum. Þeir voru handteknir og færðir á lögreglustöð til yfirheyrslu. Játningar þeirra liggja fyrir í málinu og telur lögreglan það vera upplýst. ■

Uppgreiðslugjald heimilt:

# Vonbrigði fyrir neytendur

**NEYTENDUR** Sú niðurstaða Samkeppnisstofnunar að innheimta sérstaks uppgreiðslugjalds sé lánastofnunum heimil eru vonbrigði fyrir Neytendasamtökin sem íhuga nú hvort fara eigi með málið fyrir áfrýjunarnefnd.

Samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu að ekkert í lögum bannaði lánastofnunum að innheimta sérstakt gjald þegar og ef viðskiptavinir óskuðu eftir að greiða að fullu lán sem ætlunin var að greiða niður á lengri tíma. Hins vegar segir að slíkt skilyrði þyrfti að koma skýrt fram í upphaflegum samningum lánsaðila.

-aöe




Mikið úrval af fötum fyrir stráka og stelpur á aldrinum 0-14 ára.

DEBENHAMS

SMÁRALIND



„?“

Í tilefni
af sýningunni CIRCUS,
Hönnun frá Bergen,
sem mun standa yfir í
Hönnunarsafni Íslands
í sumar, býður Epal þér
í samvinnu við
Norska sendiráðið og
Hönnunarsafnið að koma í
Skeifuna 6, föstudaginn 10.
júní milli klukkan
17 og 19.

Þar gefst færi á að hitta
norsku hönnuðina Steinar
Hindenes og Dave Vikören,
en verk þeirra verða sýnd
í Hönnunarsafninu.

Einnig verða staddir í Epal
fulltrúar frá Fora Form
í Noregi og Hansen &
Sorensen í Danmörku, sem
framleiða Circus-húsgögn.

Í Epal
verður á sama tíma
frumsýndur stóll frá Stokke
í Noregi hannaður af
japanska arkitektinum
Toshiyuki Kita og verða
fulltrúar Stokke viðstaddir
frumsýninguna.



NORGES AMBASSADE

epal


Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna:

# Úrbætur gegn heimilisofbeldi

**HEILBRIGÐISMÁL** Verkefnisstjórn um heilsufar kvenna hefur verið falið að athuga sérstaklega nokkra þætti er varða heilbrigðisþjónustu við konur sem eru fórnarlömb heimilisofbeldis, og vinna að úrbótum.

Í bréfi Jóns Kristjánssonar, heilbrigðisráðherra, til Jónínu Bjartmarz, alþingismanns og formanns verkefnisstjórnar, segir að í fyrsta lagi feli ráðherra verkefnisstjórninni að skoða leiðir til að auka fræðslu til heilbrigðisstétta á þessu sviði í samráði við forsvarsmenn heilbrigðisstétta og heilbrigðisstofnana. Í öðru lagi að skoða leiðir til að bæta skráningu upplýsinga um heimilisofbeldi í sjúkraskrár. Í þriðja lagi feli ráðherra hópnum að kanna hvort gerð klínískra leiðbeininga sé æskileg leið til að styðja við starfsfólk í heilbrigðisþjónustu sem í starfi sínu þurfi að fást við erfið mál af þessu tagi, efla þekkingu fagfólks og almennings og bæta þannig þjónustu og stuðning við þolendur heimilisofbeldis.

-jss



**JÓNÍNA BJARTMARZ** Formaður verkefnisstjórnar um heilsufar kvenna.

# Spyr hvort flytja eigi Bílddælinga til Kína

**Kristinn H. Gunnarsson segir Framsóknarflokkurinn hafa fylgt þeirri stefnu að nýta náttúruauðlindir heima í héraði. Hann er ósammála formanni flokksins um að ekki megi flytja kvóta til sjávarbyggða.**

**ATVINNUMÁL** Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, stendur fast við þá skoðun að flytja beri aflaheimildir til sjávarbyggða sem ekki njóta annarra auðlinda. Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, kvaðst í Fréttablaðinu síðastliðinn þriðjudag ekki sjá hvernig útfæra ætti hugmyndir Kristins um flutning á 20 þúsund tonna kvóta til sjávarbyggða sem standa höllum fæti.

„Ég held að það fari nærri lagi að við Halldór Ásgrímsson séum gersamlega á öndverðum meiði. Ég spyr: Er það eðlilegt að allur kvóti fari frá Stöðvarfirði til Dalvíkur? Fari frá Raufarhöfn til Akureyrar? Frá Bolungarvík til Grindavíkur? Frá Ísafirði til Akureyrar? Er það eitthvert lögmál í kerfinu sem má ekki hrófla við? Er það eitthvað sem menn taka bakföll yfir ef gerðar eru breytingar sem miða að því að kvóti og atvinna geti verið í þessum byggðarlögum áfram? Kvótakerfið er mannanna verk og með mannanna verkum er hægt að breyta því,“ segir Kristinn.

Hann bendir á að það hafi verið stefna Framsóknarflokksins og ríkisstjórnarinnar í tíu ár að standa með opinberum aðgerðum fyrir atvinnuuppbyggingu sem grundvallast á því að nýta náttúruauðlindir heima í héraði. „Þannig hafa menn til dæmis ákveðið að nýta orkuna í fallvötnunum og lagt mikið á sig til þess að koma hlutunum í gang á Austurlandi og snúa íbúaþróuninni við. Og það hefur tekist. Það eru nokkur svæði sem hafa orðið útundan í þessum efnum, fyrst og fremst sjávarbyggðir. Ég segi: Það á að nýta auðlind þeirra, sem er fiskimiðin undan landi, til atvinnuuppbyggingar á þeirra svæði. Það á að ríkja sama stefna þar og er annars staðar á landinu þótt auðlindin sé önnur. Og ef menn vilja ekki breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu til að gera það mögulegt spyr ég: Hvaða atvinnuuppbyggingu ætlar ríkisstjórnin að beita sér fyrir á þessum stöðum á landinu? Störfin eru að fara úr landi. Störfin eru að leggjast niður vegna þenslu og hágengis krónunnar. Fólk er að missa vinnuna. Og hvað ætlar ríkisstjórnin að bjóða upp á fyrir þetta fólk. Á það að flytja til Kína?“ spyr Kristinn H. Gunnarsson.

johannh@frettabladid.is



**KRISTINN H. GUNNARSSON, ÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS** Allir ættu að njóta auðlinda sinna, líka sjávarbyggðir með gjöful fiskimið skammt undan landi.

Neysla mjólkurafurða hefur aukist verulega:

# Bændur tilbúnir með aðgerðir

**NEYTENDAMÁL** „Salan á mjólkurafurðunum hefur verið það mikil upp á síðkastið að við fylgjumst vel með framleiðslunni og erum tilbúnir með aðgerðir, að senda kúbændum bréf ef framleiðslan dregst saman,“ segir Snorri Sigurðsson framkvæmdastjóri Landsambands kúabænda.

Kvótaárinu í mjólkurframleiðslu lýkur í ágúst og því fylgjast mjólkurframleiðendur vel með framleiðslunni síðustu mánuði kvótaársins til að framleiðsla fari ekki yfir kvóta. Það er hins vegar ekki svo að mjólkurskortur sé yfirvofandi segir Snorri.

„Á síðustu 12 mánuðum hefur sala á skyrdrykkjum gert það að verkum að sala mjólkur hefur aukist verulega og eins hafa ostarnir verið vinsælir og þetta gerir það að verkum að framleiðslan þarf að aukast.“ segir Snorri.

Snorri segir að einnig sé farið að horfa í auknum mæli til útlanda með markvissan útflutning á skyri í huga. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MJÓLKURAFURÐIR** Mikil aukning hefur verið á neyslu mjólkurafurða upp á síðkastið.



# 4,15% Íbúðalán SPRON

# öllum opin

## Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

**Viltu endurfjármagna?**

- Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hentar vel til endurfjármögnunar á eldri lánum.

**Ertu að kaupa íbúð?**

- Þú getur sótt um Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hjá SPRON.
- Einnig bjóðum við samsett Íbúðalán SPRON og Íbúðalánasjóðs á www.ibudalan.is – 4,15% vextir.

Þeir sem eru í fjölskylduþjónustu SPRON fá endurgreiðslu
á hluta af greiddum vöxtum vegna Íbúðalána SPRON.

Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða á www.spron.is

spron
– fyrir allt sem þú ert

Himinn og haf / SÍA

MYND/AP



**MÓÐURÁST** Hegrinn fer vel með afkvæmi sín og þessi fugl er engin undantekning frá því þar sem hann tekur ungviði sitt undir sinn verndarvæng í bókstaflegri merkingu. Þau mæðginin búa á bökkum Brahmaputra-fljótsins í Indlandi.

Ólafur F. Magnússon berst fyrir húsum við Laugaveg:

# Stefán sakar Ólaf F. um málþóf

**SKIPULAGSMÁL** Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi lagði til á síðasta borgarstjórnarfundi að heimildir til niðurrifs sjö gamalla húsa yrðu dregnar til baka. Húsin eru milli Smiðjustígs og Vatnsstígs og fimm þeirra eru frá 19. öld. Var tillögunni vísað til skipulagsráðs og lýsti Ólafur sérstaklega furðu sinni á að vinstri grænir skyldu styðja að þeirri niðurstöðu.

Ólafur bar upp áþekka tillögu á borgarstjórnarfundi þann 17. maí, þá um fjögur hús milli Smiðjustígs og Vatnsstígs.

Stefán Jón Hafstein, starfandi forseti borgarstjórnar, gerir alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð Ólafs í málinu. „Þetta jaðrar við málþóf," segir Stefán. „Þetta er á mjög gráu svæði þó fundarsköp banni þetta ekki. Það gengur ekki upp að koma með nokkur húsnúmer inn á hvern einasta borgarstjórnarfund þegar borgarstjórnin er búin að ræða um málið í heild."

Ólafur hafnar því alfarið að þetta sé málþóf.

„Mér finnst forkastanlegt að verið sé bregða fæti fyrir þessa umræðu. Þetta er ekkert annað en tilraun til að kæfa málið." Ólafur kveðst nota þessa aðferð til fá fram umræðu um hvert hús í borgarstjórn.

„Ekki veitir af, vegna lítillar þekkingar og áhugaleysis sumra borgarfulltrúa á elstu byggðinni." ■



**ÓLAFUR Í PONTU** Ólafur F. Magnússon á borgarstjórnarfundi

MYND/AP



**ROBERT MUGABE** Forseti Simbabve hefur látið handtaka þúsundir fátækra íbúa landsins fyrir litlar sakir.

Allsherjarverkfall í Simbabve:

## Mótmæla handtökum

**HARARE, AP** Tveggja daga allsherjarverkfall hófst í Simbabve í gær. Til verkfallsins var boðað til að mótmæla aðgerðum ríkisstjórnar Robert Mugabe, sem hefur nú látið handtaka meira en þrjátíu þúsund fátæka íbúa landsins fyrir litlar sem engar sakir.

Áætlun Mugabes til að draga úr fátækt í landinu hefur svipt fjölda fólks heimili sínu og nú er svo komið að í landinu eru um 200 þúsund heimilislaus.

Stjórnarherinn hafði mikinn viðbúnað í gærmorgun þegar verkfallið hófst, til að koma í veg fyrir uppsteyt. Mótmæli fóru þó að mestu leyti friðsamlega fram. ■

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**VINNUSLYS Á GRUNDARTANGA** Rúmlega tvítugur karlmaður frá Reykjavík féll við nýbyggingu álversins á Grundartanga í fyrradag og handleggsbrotnaði. Tildrög slyssins eru í rannsókn.

# Aukaatriði að selja kjötið

**Í skýrslu Náttúruverndarsamtaka Íslands er dregið í efa að hvalveiðar geti orðið arðsamar. Hvalveiðimenn eru ósammála þessu og segja enga markaðssetningu hafa farið fram hér á landi.**

**HVALVEIÐAR** Samkvæmt skýrslu sem unnin var fyrir Náttúruverndarsamtök Íslands og International Fund for Animal Welfare er kostnaður við hvalveiðar í vísindaskyni mun meiri en þær tekjur sem hafa mætti af sölu afurðanna. Reynslan af markaðssetningu á Íslandi, Noregi og Japan gefi til kynna að neytendamarkaður fyrir hvalkjöt sé lítill og fari minnkandi, segir einnig í skýrslunni.

Ekki er þó tekin afstaða til þess í skýrslunni hvort markaðsaðstæður fyrir sölu hvalkjöts gætu hugsanlega orðið vænlegar í framtíðinni.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtakanna, segir ekki vera hægt að draga almennar ályktanir um arðsemi hvalveiða af skýrslunni. „Við töldum engu að síður nauðsynlegt að gerð yrði heildarúttekt á því hvernig staðan er í dag." Náttúruverndarsamtökin telja að hvalaskoðun sé hagkvæmari kostur fyrir Íslendinga en hvalveiðar.

Kristján Loftsson, forstjóri Hvals, gefur ekki mikið fyrir skýrsluna. „Um leið og þú sérð hverjir standa að skýrslunni veistu niðurstöðurnar fyrirfram. Þeir eru einfaldlega á móti hvalveiðum. Skýrsla frá þessum aðilum getur aldrei orðið hlutlaus umfjöllun." Kristján bendir á í þessu sambandi að tilgangur vísindaveiðanna sé fyrst og fremst að vita hvað hrefnurnar éti, en sala á kjötinu sé algjört aukaatriði.

Gunnar Jóhannsson, sem veitt hefur hrefnu undanfarin ár, segir margt við skýrsluna að athuga. Hann segir enga markaðssetningu hafa verið í gangi á Íslandi. „Við höfum lagt áherslu á að selja ekki allt það kjöt sem höfum í einu, heldur viljum við geta boðið upp á það allt árið. Við erum með viðskiptavini sem hafa keypt af okkur kjöt aftur og aftur." Gunnar bendir einnig á að síðustu ár hafi aðeins verið seld hrefna, en mun fleiri tegundir hvala hafi verið veiddar forðum.

grs@frettabladid.is



**HREFNUVEIÐAR VIÐ ÍSLAND** Einungis hrefna hefur verið seld hér síðastliðin ár. Gagnrýnendur skýrslunnar benda á að mun fleiri hvaltegundir hafi á sínum tíma verið veiddar en skýrslan byggi einungis á hrefnum.

FRÉTTABLAÐIÐ / GVA



**ÁRNI FINNSSON KYNNIR SKÝRSLUNA** Samkvæmt skýrslu sem Náttúruverndarsamtök Íslands létu vinna þá er ekki markaður fyrir hvalkjöt.



**KRISTJÁN LOFTSSON** Telur ekki mikið að marka það sem kemur frá Náttúrverndarsamtökunum.


VIÐ KJÓSUM ÞINN FLOKK, SAMA HVER HANN ER!

Í BLÓÐBANKANN ERU ALLIR BLÓÐFLOKKAR VELKOMNIR. ÞAÐ ER NÆGILEGT MAGN AF BLÓÐI Í SAMFÉLAGINU, EN ÞVÍ MIÐUR ALLTOF FÁIR Í FRAMBOÐI. ÞAÐ VERÐUR AÐ BREYTAST.

ERTU MEÐ ÞETTA Í BLÓÐINU?

og vodafone Heyrumst!

BLÓÐBANKINN

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 28426 06/2005

Ógætnir ferðamenn:

## Festust í lyftunni

**HALLGRÍMSKIRKJA** Nokkrir ferðamenn festust í lyftunni efst í Hallgrímskirkjuturni í fyrradag. Of margir ætluðu niður úr turninum í einu og voru tíu manns í lyftunni, sem tekur aðeins átta. Fólkinu brá nokkuð þegar lyftan stöðvaðist og hafði meðal annars kallað slökkviliðið út áður en kirkjuvörður kom lyftunni aftur í gang.

Aldrei var nein hætta á ferðum og voru ferðamennirnir farnir þegar slökkviliðið kom á staðinn.

Farið hefur verið yfir lyftuna eftir atvikið til að tryggja að allt sé óhætt þótt hún hafi verið yfirfarin í síðustu viku.

Þýska ferðatímaritið Merian helgað Íslandi:

# Reykjavík virkar sem segull

**ÚTGÁFA** Hið virta þýska ferðatímarit Merian helgar Íslandi nýjasta hefti sitt, sem út kom nú um mánaðamótin. Þetta er þriðja heftið um Ísland sem Merian gerir á þeirri rúmu hálfu öld sem þetta vandaða mánaðarrit hefur komið út; fyrsta Íslandsheftið kom út árið 1972 og annað árið 1989.

Höfundar efnis í þessu nýjasta Íslandshefti Merian eru bæði þýskir og íslenskir, þar á meðal þýski blaðamaðurinn og Íslandsvinurinn Henryk M. Broder, ljósmyndarinn Sigurgeir Sigurjónsson og rithöfundurinn Hallgrímur Helgason. Í ritinu er einnig grein um íslenskt efnahagslíf eftir Auðun Arnórsson, blaðamann á Fréttablaðinu.

„Hið stórfenglega landslag, síðasta ósnortna víðerni Evrópu, er og verður aðall Íslands – bæði fyrir flesta ferðamenn og fyrir þetta Merian-hefti,“ skrifar aðalritstjórinn Andreas Hallaschka í inngangsorðum. „Þar við bætist hin lifandi höfuðborg eyríkisins, sem var sofandalegur bær þegar síðasta Íslandshefti kom út árið 1989. Núna virkar Reykjavík sem segull fyrst og fremst á unga borgarferðamenn frá Norður-Ameríku og Evrópu, sem finna hér líflegt tónlistar- og tískulíf. Andstæður, sem gera Ísland enn áhugaverðara, einnig fyrir lesendur [þessa heftis],“ skrifar ritstjórinn. ■




**ÍSLANDI HAMPAÐ** Íslensk náttúra og mannlíf eru í brennidepli í nýju Íslandshefti þýska tímaritsins Merian.



**VEIÐIMENN ERU BJARTSÝNIR FYRIR SUMARIÐ** Stórstreymi og rigning bætir vatni í árnar og er það til hagsbóta fyrir veiðimenn.

Laxveiðimenn bjartsýnir:

## Veiðist hægt en örugglega

**LAXVEIÐI** „Sumarið fer hægt en örugglega af stað,“ segir Páll Þór Ármann, framkvæmdastjóri Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Páll segir að samtals hafi veiðst tólf laxar í Norðurá frá opnun 1. júní og veiði í Blöndu sem hófst 5. júní hafi líka farið ágætlega af stað og þar hafi sextán laxar veiðst.

Aðspurður hvort menn séu bjartsýnir á gott veiðisumar segir Páll: „Já, þó það fari frekar hægt af stað þá eru menn mjög bjartsýnir. Það var stórstreymt 6. júní og svo bætist rigningin við þannig að það hefur bæst í árnar. Þegar fer að sjatna þá fer þetta að ganga.“ **-oá**

Álversframkvæmdir eystra:

## Risakrani á Reyðarfirði

**ÁLVER** Bechtel, sem byggir álver Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, hefur samið við Samskip um uppsetningu og rekstur á risakrana við álvershöfnina. Samningurinn er til 18 mánaða og verður kraninn notaður við uppskipun á stórförmum en lyftigeta hans er um 105 tonn. Kraninn verður að fullu í eigu Samskipa en óvíst er hvort Alcoa muni nota sama krana eftir að framleiðsla hefst í álverinu. Gert er ráð fyrir að kraninn verði tilbúinn til notkunar 30. júlí. **-kk**

Fjölskylduhjálp Íslands:

## Afgreiðslutími fluttur

**FÉLAGSMÁL** Afgreiðslutími hjá Fjölskylduhjálp Íslands breyttist nú um mánaðamótin. Frá og með 1. júní síðastliðinum tekur fjölskylduhjálp Íslands við matvælum, fatnaði og búsáhöldum alla miðvikudaga frá klukkan 13:00 til 17:00. Matvælaúthlutunin fer fram á miðvikudögum frá klukkan 15:00 til 17:00.

Fjölskylduhjálpin er til húsa í Eskihlíð 2-4, Reykjavík. ■

### HAFNARFJÖRÐUR

**FYLLTIST Á KLUKKUTÍMA** Skólagarður í Mosahlíð í Hafnarfirði fylltist á klukkustund eftir að hann var opnaður, að því er fram kemur á vef bæjarins. Mikil aðsókn er sögð í skólagarða Hafnarfjarðar, en enn munu einhver pláss laus annars staðar en í Mosahlíð og er fólk hvatt til að ljúka við að setja niður grænmeti helst í byrjun næstu viku.




Wilson


Síminn
66 mínútur á verði 6
Eftir klukkan 6 á kvöldin og um helgar geturðu talað í allt að 66 mínútur í GSM símann þinn, en þú borgar bara fyrir 6 mínútna símtal.*
Línu-skautar
Með öllum GSM tilboðum fylgja grúví símalínuskautar á 2.000 kr. Hlífar fylgja með.***
2.000 KALL
3 vinir
Spjallaðu eins og þú vilt við 3 flippaða vini**
Þú getur talað án þess að greiða mínútuverð við einn vin í:
• GSM í 1200 mínútur á mánuði
• Heimasíma í 1200 mínútur á mánuði
• Útlöndum í 120 mínútur á mánuði
Kynntu þér málið á siminn.is.
Sony Ericsson K508i
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum
980 Léttkaups-útborgun
og 1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði
Verð aðeins 12.980 kr.
Myndir & músík
Sæktu foxý músík og fönkí myndir á siminn.is
*Gildir innan GSM kerfis Símans út júní 2005. **Afslættir í GSM og heimasíma gilda innan kerfis Símans. Afsláttur í vin í útlöndum gildir í heimasíma í þeim 30 löndum sem Íslendingar hringja mest til. Gildir fyrir GSM áskrift og Frelsisnotendur sem fylla á með kreditkorti í gegnum Mitt Frelsi. ***Tilboð gildir meðan birgðir endast.
800 7000 - siminn.is




Kunningi George Bush eldri:

# Vill verða vinur Arons Pálma




**BRÉF RJF-HÓPSINS** RJF-hópnum berst liðsauki í baráttunni fyrir heimkomu Arons Pálma.

**RÉTTINDABARÁTTA** Bandaríkjamaðurinn Scott Smith lýsir yfir stuðningi við baráttuna um frelsi Arons Pálma Ágústssonar sem dvelur í stofufangelsi í Texas. Í bréfi sínu til Ricks Perry, ríkisstjóra Texas, segir Smith að hann sé kunningi George Bush eldri, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, og hann hafi einnig sent Bandaríkjaforseta orðsendingu um málefni Arons Pálma og óskað eftir liðsinni hans og skilningi á málefninu.

„Ég hringdi í Aron Pálma og lét hann vita að ef hann vantaði vin hér í Bandaríkjunum getur hann alltaf leitað til mín. Ég bauð honum aðstoð þar sem ég get ekki ímyndað mér hvernig það er að vera fastur í öðru landi í tíu ár án þess að fá hjálp,“ segir Smith sem býr í New Jersey og starfar sem sérfræðingur á lánamarkaði.

„Það minnsta sem maður getur gert er að eyða nokkrum mínútum í að koma þeim til aðstoðar sem eiga um sárt að binda.“

-hb



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SKARÐSHAMRAR** Aðkoman er tignarleg að sveitasetrinu á Skarðshömrum. Turninn er sex metra hár og neðst á myndinni má sjá hvar mótar fyrir skurði en þar er greinilega gert ráð fyrir lítilli tjörn.

# Glæsilegt sveitasetur reist við Norðurá

**Sveitasetur að Skarðshömrum vekur vafalaust forvitni margra vegfarenda um þjóðveginn í Borgarfirði. Þar er enginn venjulegur sumarbústaður, heldur tæplega 350 fermetra hús og gestaskálar að auki.**

**BYGGINGAR** Glöggir vegfarendur sem leið eiga um Borgarfjörð hafa efalítið tekið eftir sveitasetri að Skarðshömrum sem ekki á sinn líkan í sveitum landsins og þó víðar væri leitað. Húsið hefur verið í byggingu síðan í byrjun árs 2003 en nú eru framkvæmdir á lokastigi.

Aðalbyggingin er einir 342 fermetrar en þar að auki eru tveir gestaskálar bak við hól og sjást því ekki af þjóðveginum en hvor skáli um sig er 46 fermetrar. Það sem fyrst dregur þó athygli manna er sennilega turninn sem gnæfir yfir öllum herlegheitunum en hann er sex metra hár. Fyrir framan anddyrið er svo greinilega gert ráð fyrir lítilli tjörn á planinu. Auk þess er lítil tjörn meðfram byggingunni að framanverðu.

Byggingin er steinsteypt en harðviður undir þakbrúnum og trésúlur sem halda uppi skýli við inngang.

Eigandinn er Sigurður Gíslason en hann er búsettur erlendis. Það er Vífill Magnússon arkitekt sem gerði teikningarnar að byggingunum.

Sveitungarnir í grenndinni sem Fréttablaðið hafði samband við voru hinir kátustu með þennan tignarlega bústað og varð einum svo að orði að það ætti að vera lýðum ljóst að það væri sko engin kotbýli í Borgarfirði. Það má til sanns vegar færa því verð á húsum og jörðum í Borgarfirði hefur hækkað mikið undanfarin ár að sögn Páls Brynjarssonar, bæjarstjóra Borgarbyggðar.



**FELLUR VEL Í UMHVERFIÐ** Sveitasetrið fellur vel inn í umhverfið. Svona lítur hún út frá þjóðveginum.



**GESTASKÁLAR** Þessir gestaskálar eru bakvið hól og blasa því ekki við frá þjóðveginum. Hvor um sig er 45 fermetrar.

Magnús Leópoldsson fasteignasali segir það færast í aukana að fólk byggi stórt í sveitum landsins. Flestir viðmælenda Fréttablaðsins voru þó sammála um að stærð og hönnun þessarar byggingar setji hana í allnokkra sérstöðu.

jse@frettabladid.is



Kalos SE
kr. 1.199.000,-

Lacetti Sport
kr. 1.499.000,-

Lacetti cdx
kr. 1.599.000,-

Lacetti cdx Station
kr. 1.699.000,-

Tacuma cdx
kr. 1.689.000,-

Evanda Executive
kr. 2.399.000,-




# Chevrolet gæði, frábært verð!

Við kynnum Chevrolet Lacetti Station, veglegan og einstaklega vel búinn bíl á frábæru verði. Staðalbúnaður innifelur m.a: 1,8 ltr. 122 hestafla vél, regnskynjara á framrúðu, TCS veggrips-stýringu, spólvörn, þokuljós, útvarp með 5 diska geislaspilara og kassettutæki, 8 hátalarar, rafknúnar rúðuvindur og útispeglar, leðurklætt velti- og aðdráttarstýri og m.fl.

Allt þetta fyrir aðeins **kr. 1.699.000,-**

**kr. 1.879.000** sjálfskiptur.

## SUMARAUKI!

weber



Amerískt Weber ferðagasgrill fylgir öllum Chevrolet.

Bílabúð Benna

Komdu, skoðaðu og reynsluaktu Chevrolet Lacetti.

Opið virka daga 09 - 18. Laugardaga 12 - 16.

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is

CHEVROLET

hausverk / SÍA

## „ORÐRÉTT“

*„En ástin á sér skuggahliðar á langri leið að settu marki. Bolli í Sautján leitar hennar eftir skilnað við Svövu sína og hefur ekki alltaf erindi sem erfiði.“*

EIRÍKUR JÓNSSON BLAÐAMAÐUR UM LJÓNIN Á VEGI AMORS Í HÉR&NÚ.

*„Osturinn er lúmskur og þá er ég að tala um allar gerðir af ostum alveg frá kotasælu og í vel geymdan þroskaðan ost.“*

HALLDÓRA RUT BJARNADÓTTIR SJÓNVARPSKONA UM OST Í FRÉTTABLAÐINU.

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** HÖRÐUR ÁSKELSSON ORGANISTI

## Veiðir sjóbleikju á Grænlandi



Það er margt spennandi að gerast í tónlistarlífi Harðar Áskelssonar organista og stjórnanda Mótettukórs Hallgrímskirkju. Í næstu viku heldur hann til Finnlands og spilar á þremur orgeltónleikum og verða aðaltónleikarnir í dómkirkjunni í Tampere. Hörður ætlar að spila blandaða tónlist bæði eldri barrokkverk og íslenska tónlist. „Ég fer aldrei utan nema spila eitthvað íslenskt,“ segir Hörður en Bach er þó aldrei langt undan hjá honum.

Þá stendur Hörður í miklum undirbúningi fyrir kirkjulistahátíð sem haldin verður í ágúst. „Sumarfríið verður því stutt bæði hjá mér og kórfélögunum,“ segir Hörður sem ætlar þó að vera í fríi í júlí. Hann er með veiðidellu og fer obbi sumarfrísins í að standa úti í á að sveifla veiðistöng. Hann byrjar á að fara til Grænlands í sjóbleikju. Hörður er spenntur fyrir því enda hefur hann aldrei komið til Grænlands áður. Þá fer hann í veiði í Laxárdal eins og hann gerir á hverju ári og í laxveiði á Norðausturlandi. Þá ætlar hann, á miðri kirkjulistahátíð, að bjóða einsöngvurunum Mattheusar passíunnar að veiða hálfan dag í Elliðaánum í Reykjavík.

En áður en Hörður getur slakað á í ánum í júlí þarf hann að halda fimm tónleika og því nóg við að vera.

## SJÓNARHÓLL
**LEIÐTOGAEFNI D-LISTA**



LÍSA PÁLSDÓTTIR ÚTVARPSKONA

### *Erfitt að taka mark á Gísla Marteini*

„Einhvern veginn fyndist manni eðlilegast að Vilhjálmur yrði áfram,“ segir Lísa Pálsdóttir útvarpskona um næsta leiðtoga sjálfstæðismanna í borgarstjórn. Margir eru nefndir sem mögulegt leiðtogaefni í fyrirhuguðu prófkjöri flokksins í Reykjavík í haust.

Vilhjálmur er oddviti borgarstjórnarflokksins og vill vera það áfram. Líklegt er að Gísli Marteinn Baldursson fari fram á móti honum en einnig hafa verið nefndir Júlíus Vífill Ingvarsson og Guðlaugur Þór Þórðarson.

Lísu finnst æskudýrkunin of mikil, Vilhjálmur hafi verið í þessu í mörg ár og staðið sig ágætlega. Hún giskar á að baráttan muni standa milli Vilhjálms og Gísla Marteins og sér engan annan fyrir sér í baráttunni. „Í svona flokki flykkjast menn um einhverja tvo,“ segir Lísa, sem finnst erfitt að taka mark á Gísla Marteini sem leiðtogaefni þar sem hann sé krakkalegur og finnist allt æðislegt og frábært.

Bæjarstjórar á höfuðborgarsvæðinu:

## Gunnar, Gunnar og Gunnar







Lengi vel var Gunnar Valur Gíslason, bæjarstjóri á Álftanesi, eini bæjarstjórinn á höfuðborgarsvæðinu sem hét Gunnar. Það hefur aldeilis breyst á stuttum tíma, því nú hafa tveir bæst til viðbótar.

Fyrir skemmstu tók Gunnar Einarsson við stjórnartaumunum í Garðabæ af Ásdísi Höllu Bragadóttur og í síðustu viku settist Gunnar I. Birgisson í stól bæjarstjóra í Kópavogi.

Eftir því sem næst verður komist er þetta í fysta sinn sem menn að nafni Gunnar eru hæstráðendur í þremur nágrannasveitafélögum á höfuðborgarsvæðinu, að minnsta kosti sunnan við Fossvoginn. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði heitir Lúðvík.

-bs






FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA HELGADÓTTIR

**SKRÚÐGANGA** Berglind fánaberi fer fyrir fríðum flokki nemenda, starfsfólks og foreldra sem gengu undir lúðrablæstri upp í Lundarskóg til að gæða sér á pylsum.

# Afmælishátíð í Öskjuhlíð

**Öskjuhlíðarskóli hélt upp á 30 ára starfsafmæli í gær. Nemendur og starfsfólk skólans gerðu sér glaðan dag og fóru í skrúðgöngu upp í Lundarskóg sem er grenndarskógur skólans.**



**FÉLAGAR** Þeir Björgvin, Danni og Ólafur skemmtu sér hið besta á afmælisdegi skólans.



**HILDUR VALA** Söngur idolstjörnunnar heillaði krakkana og margir sungu með.

Mikil gleði ríkti meðal nemenda Öskjuhlíðarskóla þegar þrjátíu ára starfsafmæli skólans var fagnað með eftirminnilegum hætti. Ekki spillti fyrir að þetta var síðasti skóladagur fyrir sumarfrí.

Skemmtanahald var á leikvelli skólans með hoppikastala og skemmtiatriðum. Börnin hlustuðu andaktug á idolstjörnuna Hildi Völu sem söng nokkra ljúfa tóna. Kókómjólkurkisinn læddist um skólavöllinn og nokkrir vaskir drengir sýndu vel æfðan breikdans sem vakti mikla lukku.

Að loknum skemmtiatriðum var haldið af stað í stutta skrúðgöngu inn í Lundarskóg sem er grenndarskógur Öskjuhlíðarskóla og vinsæll til lautarferða. Í lundinum var foreldrum, nemendum, systkinum og starfsfólki boðið upp á pylsur af grillinu sem allir gæddu sér á af bestu list.

Þó Öskjuhlíðarskóli hafi starfað í 30 ár er saga hans mun lengri. Mikið starf hefur verið unnið allt frá árinu 1961 þegar Höfðaskóli var settur á stofn í Sigtúni. Á þeim grunni sem lagður var með starfinu í Höfðaskóla byggist starfsemi Öskjuhlíðarskóla, en það voru nemendur Höfðaskóla ásamt kennurum sem fluttu í hið nýja húsnæði haustið 1975 ásamt nemendum Skóla fjölfatlaðra. ■

Fuglavinir óttast um ófleyga unga:

# Haldið köttunum inni

Nú þegar fuglsungar skríða úr eggjum sínum, ýmist hálf- eða ófleygir, hýrnar yfir köttum sem hugsa sér gott til glóðarinnar. Fuglavinum er því mikið í mun að kattaeigendur hafi hemil á dýrum sínum og haldi þeim inni eins og kostur er.

„Við hvetjum fólk til að halda köttum sínum inni, sérstaklega yfir nóttina því það er þá sem þeir veiða mest,“ segir Arnór Þ. Sigfússon formaður Dýraverndarráðs. Hann segir ekki liggja ljóst fyrir hvort ágangur katta hafi áhrif á stærðir fuglastofna en efast ekki um hæfni þeirra til að drepa. „Kettir eru gríðarlega öflug rándýr og það er í eðli þeirra að drepa sér til matar þó þeir þurfi þess ekki.“

Og ekki er nóg með að blessaðir ungarnir séu í hættu því kettir eru líka fullfærir um að drepa fullvaxna fugla. „Þeir drepa rjúpur,“ segir Arnór, „og ég hef séð ketti ráðast á endur við Tjörnina.“



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**ARNÓR Þ. SIGFÚSSON** „Kettir eru gríðarlega öflug rándýr og það er í eðli þeirra að drepa sér til matar þó þeir þurfi þess ekki.“

Eina ráðið gegn árásum katta á fugla er að halda þeim innan dyra; bjöllur í hálsólum geta gert gagn en þó ekki nægt. „Bjöllur koma alls ekki í veg fyrir að kettir geti veitt því fuglar eru ekkert sérstaklega hræddir við bjöllur og að auki eru margir kettir það snjallir að þeir geta læðst án þess að það heyrist í bjöllunni,“ segir Arnór formaður Dýraverndarráðs sem tekur skírt fram að honum sé ekki illa við ketti. „Mér er hins vegar illa við óábyrgt kattahald. Kettir eru hin ágætustu dýr og þetta er alls ekki þeim að kenna. Eigendur þeirra verða að sýna meiri ábyrgð.“

bjorn@frettabladid.is

# Verðskjálfti í Nettó

## 7,2 á richter



Grillum saman!

399 kr.kg.

Bautabúrs lambasneiðar
verð áður 589 kr.kg.



50% verðlækkun

799 kr.kg.

Gourmet lambalæri
verð áður 1.599 kr.kg.



í álbakka og á grillið

50% verðlækkun

295 kr.kg.

Ísfugl blandaðir kjúklingabitar



### Bananar á grillið

Skerið rauf í bananann miðjan og setjið súkkulaði inní hann (Mars, Snickers eða hreint súkkulaði).

Vefjið álpappír utan um bananann, hafið efri hlutann opinn þannig að þið sjáið í súkkulaðið.

Þegar súkkulaðið er bráðið þá má kippa honum af grillinu.
Gott með ís.

58% verðlækkun

59 kr.kg

Bananar



Brakandi ferskt!

75% verðlækkun

39 kr.kg

Melónur




44% verðlækkun

79 kr.

Piparostur




Ostar og Ritz kex

29 kr.

Ritz kex




Holt og gott

59% verðlækkun

139 kr.

Kellogg´s Special K 500gr.

Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 9. -12. júní (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

## Hönnuðir

VA ARKITEKTAR

Línuhönnun verkfræðistofa

FJARHITUN VERKFRÆÐISTOFA

RAFTEIKNING HF

## Undirverktakar

RAFHOLT

Meðalmáling ehf

REKAN

XL

HANSEN-VERKTAKAR EHF FLÍSALAGNIR OG MÚRVERK

TRÉSMIÐJA

Hagtré ehf

GLÓFAXI HF

STÁLBÆR ehf

HÖFUÐ-VERK Kristján Ragnarsson

Málningarþjónusta JRJ

BLIKKÁS - FUNI

## Efnissalar

Danfoss

BYKO BYGGIR MEÐ ÞÉR

TENGI

HÚSASMIÐJAN

OFNASMIÐJA SUÐURNESJA HF Hitinn kemur að sunnan

formaco

ÁLFABORG

elnet tækni

vatn og hiti

Egill Árnason hf

JOHAN RÖNNING

smellinn

ÍSKRAFT

Límtré Vírnet ÁREIÐANLEIKI • ÞJÓNUSTA • ÁRANGUR

REYKJALUNDUR

STEYPAN MALBIKUNARSTÖÐ

Nortek

## Eftirlit

VERKFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA

# Við óskum







BLUE LAGOON
ICELAND

# Bláa Lóninu til hamingju

## með nýja og glæsilega lækningalind



Í Bláa Lóninu - lækningalind er veitt BLUE LAGOON - psoriasismeðferð sem er einstök á heimsvísu. Í lækningalindinni er baðlón og innilaug fyllt jarðsjó, hvíldaraðstaða, líkamsrækt, veitingasalur og gistirými fyrir 30 gesti.

Opið hús verður frá 11.00 - 15.00 laugardaginn 11. júní

KEFLAVÍKURVERKTAKAR hf.

## SVONA ERUM VIÐ

Sauðfé á Íslandi




# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: STJÓRNARSKRÁRSÁTTMÁLI EVRÓPUSAMBANDSINS

# *Uppfærsla í fjórum hlutum*



Sáttmálinn um stjórnarskrá fyrir Evrópu er opinbert heiti nýjustu uppfærslu stofnsáttmála Evrópusambandsins, sem mjög hefur verið í fréttum að undanförnu vegna þess að kjósendur í Frakklandi og Hollandi, tveimur hinna sex stofnríkja sambandsins, höfnuðu staðfestingu hans í þjóðaratkvæðagreiðslum. **En hvað stendur í þessum stjórnarskrársáttmála?** Sáttmálinn skiptist upp í fjóra hluta. Í þeim fyrsta, sem er 114 greinar, er kveðið á um stjórnskipulag Evrópusambandsins, það er stofnunum þess er lýst og hlutverki þeirra. Í öðrum hluta er borgararéttindaskrá sambandsins að finna. Í þriðja hlutanum er að finna ákvæði um stefnumið sambandsins – þetta er umfangsmesti hlutinn – og loks í fjórða hluta eru „almenn og lokaákvæði“.

Yfirlýst markmið með gerð „stjórnarskrárinnar“ var að gera sambandið lýðræðislegra, gegnsærra og skilvirkara. Því var öðru ferli beitt við undirbúning þessa nýja sáttmála en við fyrri uppfærslur stofnsáttmálans. Eins konar evrópskt stjórnlagaþing var kallað saman, sem starfaði undir nafninu Ráðstefnan um framtíð Evrópu. Það kom fyrst saman vorið 2002 og skilaði af sér drögum að „sáttmála um stjórnarskrá fyrir Evrópu“ sumarið 2003. Þá tók við hefðbundin ríkjaráðstefna sem gerði fáeinar breytingar á drögunum en samþykkti þau síðan á leiðtogafundi í Brussel 17. og 18. júní 2004. Þar með var þó ekki björninn unninn þar sem öll aðildarríkin 25 verða að staðfesta sáttmálann í samræmi við ákvæði stjórnarskrár í hverju landi. Þannig afgreiða sum aðildarríkin fullgildinguna með atkvæðagreiðslu á þingi, en þjóðaratkvæðagreiðsla er haldin í öðrum.

Með sáttmálanum var gerð tilraun til að sameina alla fyrri sáttmála Evrópusambandsins í einn heildartexta. Fyrir vikið varð verkið mjög umfangsmikið og stærstur hluti þess þurr lagatexti, sem auðveldaði ekki baráttu franskra og hollenzkra stjórnvalda við að „selja“ þegnum sínum verkið.

**-aa**

## SPURT & SVARAÐ

BREYTINGAR Á NÁMSFLOKKUM REYKJAVÍKUR



ÞORBJÖRG JÓNSDÓTTIR

### *Vonbrigði*

Breytingar verða á starfi Námsflokka Reykjavíkur. Þorbjörg Jónsdóttir, er starfandi forstöðumaður Námsflokkanna, og er hún sár og reið vegna þessa. Hún hefur áhyggjur.

**Hvers eðlis eru breytingarnar sem verða á Námsflokkunum og af hverju stafa þær?** Starfsemin verður að mestu lögð niður en þó verður sérkennsla og kennsla á grunnskólastigi. Það á að fækka nemendum niður í um 100 hundrað á ári og mun einn fastur starfsmaður sjá um að framfylgja stefnu Reykjavíkurborgar í fullorðinsfræðslu. Búið er að segja upp öllum fastráðnum starfsmönnum og eiga þeir að hætta störfum 31. júlí. Mér er ekki ljóst hver raunveruleg ástæða skipulagsbreytinganna er. Námsflokkarnir veita þjónustu í fullorðinsfræðslu, endurmenntun og símenntun. Nemendur eru um 3000-4000 á ári.

# Gamalkunnur síldarfiðringur

**Tæplega fjögurra áratuga útlegð norsk-íslensku síldarinnar frá Íslandsströndum virðist lokið. Framundan eru flóknir og vandasamir samningar við Norðmenn og fleiri þjóðir um skiptingu veiðiheimilda.**

**SÍLDVEIÐAR** Umtalsvert magn af norsk-íslenskri síld er nú skammt út af Austfjörðum. Í gær voru síldveiðiskip í þokkalegri veiði um 35 sjómílur út af Norðfjarðarhorni. Hartnær fjórir áratugir eru liðnir síðan stofninn hvarf af Íslandsmiðum og gamalkunnur síldarfiðringur fer um eldri sjómenn og síldardömur en óleyst deila Norðmanna, Íslendinga og fleiri strandríkja um skiptingu veiðiheimilda setur skugga á síldargleðina.

Á síldarárunum miklu, á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar, hélt síld af norsk-íslenskum stofni til við Norður- og Austurland í sex til níu mánuði á ári. Gekk hún upp að Norðurlandi þegar vora tók en var við Austfirði á haustin og hafði vetursetu á Rauða torginu út af Austfjörðum.

Norsk-íslenska síldin hvarf með haus og sporði af Íslandsmiðum árið 1967. Tvær byltingakenndar nýjungar í síldveiðum á sjötta áratugnum, asdik fiskleitartæki og kraftblökkin gerðu sjómönnum kleift að moka síldinni hömlulaust um borð í bátana og afleiðingin varð ofveiði. Íslendingar, Rússar og Norðmenn veiddu of mikið af stórsíld og Norðmenn, með lítilsháttar hjálp frá Rússum, veiddu of mikið af smásíld við Norður-Noreg.



FRÉTTABLAÐIÐ/HV

**NORSK-ÍSLENSK SÍLD Á NORÐFIRÐI** Matthildur Sveinsdóttir og aðrir starfsmenn í fiskiðjuveri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað hafa haft nóg að gera við flökun og frystingu á norsk-íslenskri síld í vikunni.

Íslendingar hafa aldrei veitt meira af síld en á árunum frá 1962 til 1967 og var ársaflinn allt að 700 þúsund tonn þegar mest var; að stærstum hluta norsk-íslensk síld.

Í 27 ár, frá 1967 til 1994, hélt norsk-íslenska síldin að mestu leyti til við strendur Noregs þar sem hún hafði nóg æti, enda stofninn í lágmarki. Árið 1994 gekk hluti stofnsins inn á alþjóðlega hafsvæðið í Sildarsmuginni og að óverulegu leyti inn í færeyska og íslenska lögsögu. Íslendingar hófu þá þegar veiðar í Sildarsmugunni samkvæmt tvíhliða samkomulagi við Færeyinga; samkomulagi sem gert var í óþökk Norðmanna.

Um mánaðamót september – október í fyrra veiddist stór og góð demantssíld skammt út af Austfjörðum og var það í fyrsta sinn í 37 ár sem norsk-íslensk síld veiddist í vetursetu svo nærri strönd Íslands.

### Hver á síldina og hvernig á að nýta hana?

Norðmenn og Íslendingar stunduðu veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum lungann úr síðustu öld. Færeyingar veiddu lítilræði á árum seinna stríðs en kraftur færðist í veiðar þeirra eftir að þeir tóku að nota kraftblökkina við veiðarnar um 1960. Rússar hófu veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum um miðja öldina.

Á hápunkti íslenska síldarævintýrisins, árin 1965 og 1966, veiddu Íslendingar um þriðjung af þeim afla sem veiddur var úr norsk-íslenska síldarstofninum en árið eftir var hlutfallið komið niður í ríflega fimmtung. Eftir hrun stofnsins 1967 og fram til 1985 veiddu engar þjóðir úr norsk-íslenska síldarstofninum nema Norðmenn en þá hófu Rússar veiðar á ný samkvæmt samkomulagi við Norðmenn.

Eftir að norsk- íslensk síld tók að veiðast í Síldarsmugunni var orðið aðkallandi að stýra þeim veiðum og haustið 1995 var haldinn fundur vísindamanna frá Noregi, Rússlandi, Færeyjum og Íslandi þar sem farið var yfir veiðisögu og göngur norsk-íslensku síldarinnar á árum áður. Á grundvelli þeirra gagna, og þáverandi stærðar stofnsins, gerðu þjóðirnar samkomulag um heildarafla og skiptingu hans milli strandríkjanna fjögurra og tók samkomulagið gildi 1996. Tveimur mánuðum síðar kom Evrópusambandið að því samkomulagi og var skiptingin þá þannig: Norðmenn 57 prósent, Íslendingar 15,54 prósent, Rússar 13,62 prósent, Evrópusambandið 8,38 prósent og Færeyingar 5,46 prósent.

Að kröfu Íslendinga var ákvæði í samkomulaginu um hugsanlega endurskoðun ef norsk-íslenska síldin tæki upp sitt gamla göngumynstur og kæmi inn í íslensku lögsöguna.

Árið 2002 höfnuðu Norðmenn að endurnýja samkomulagið frá 1996 en juku þó aflahlutdeild sína ekki fyrr en í mars síðast liðnum er þeir ákváðu einhliða að auka aflahlutdeild sína í 65 prósent. Þar með var sá friður sem ríkt hafði um skiptinguna úti og enn hefur enginn samningafundur verið boðaður.

Íslendingar vilja ekki ljá máls á því að minnka hlutdeild sína í aflanum og byggja rök sín meðal annars á að stórsíld úr stofninum hafi um áratuga skeið verið veidd af öllum þjóðunum fjórum á hafsvæði sem nú er innan íslensku fiskveiðilögsögunnar. Sterkustu rök Norðmanna hafa undanfarin ár verið þau að síldin hafi haldið að mestu leyti til við Noreg frá því að stofninn hrundi og norskir sjómenn hafi fært þungbærar fórnir til að byggja stofninn upp að nýju. Því eigi þeir umfram aðra að njóta ávaxtanna. Benda Norðmenn meðal annars á að þeir hefðu hæglega getað haldið vexti stofnsins niðri með meiri veiði og þá hefði síldin að öllum líkindum ekki haldið frá Noregsströndum, vestur á bóginn í átt að Íslandi í leit að æti.

Margt bendir til að norsk-íslenska síldin sé að taka upp fyrri gönguvenjur frá því fyrir hrun stofnsins og verði það raunin, styrkist samningsstaða Íslendinga til muna en miklir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi. Að sama skapi eykst mikilvægi þess að varanleg sátt náist sem fyrst. Útgerðir þjóðanna þurfa að vita að hverju þær ganga þegar kemur að skiptingu veiðiheimilda og skammtímasjónarmið og ofveiði má ekki hindra hámarksnýtingu stofnsins til langframa.

**kk@frettabladid.is**




Matstækni í Háskólanum í Reykjavík:

Kynningarfundur laugardag kl. 14.00 að Höfðabakka 9

**Markvisst nám á háskólastigi með vinnu**

**Kjörið nám fyrir starfsmenn tryggingarfélaga, fasteignasala, banka, bæjarfélaga, umsýslustofnana, verktaka, verkfræðistofa, fasteignafélaga og fjárfesta.**

Námið skiptist í margar sjálfstæðar einingar sem gefa réttindi einar og sér og mynda saman allt að 32 eininga nám.

- SKOÐUNARMAÐUR FASTEIGNA
- EIGNAMATSMAÐUR
- GERÐAMATSMAÐUR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

FABRIKAN

# Til hamingju

## með Radisson SAS 1919 Hotel og veitingastaðinn SALT









Radisson SAS 1919 HOTEL

SALT

Múr & Mál

Múr og mál sem aðalverktaki óskar Radisson SAS 1919 Hotel til hamingju.

Eftirfarandi aðilar senda eigendum og rekstaraðilum innilegar hamingjuóskir í tilefni opnunar Radisson SAS 1919 Hotel og veitingastaðarins SALT við Pósthússtræti:

GUÐJÓN GUÐMUNDSSON HF. LÖGGILTUR RAFVERKTAKI

Einar Sigurðsson ehf

Pípulagna verktakar ehf

BLIKKSMIÐJA GYLFA EHF.

VÍKURÁS TRÉSMIÐJA VERKTAKAR

VIK Verkfræðistofan Vík

VSÓ RÁÐGJÖF

ARKÍS

A. KARLSSON SÍÐAN 1975

SAKO ÍSBERG

Himinn og haf / SÍA

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Síld úr norsk-íslenska stofninum er nú við 50 mílna mörkin austur af landinu.

## Nýtt síldarævintýri í nánd?

Síldveiðum og síldarsöltun fylgdi einhver ævintýraljómi hér áður fyrr, þegar veiðar úr norsk-íslenska stofninum stóðu sem hæst. Það voru ekki aðeins íslenskir síldarbátar sem stunduðu þessar veiðar, heldur einnig bátar nágrannaþjóðanna. Lítið eftirlit var með veiðunum og hver veiddi eins og hann gat. Það var frekar að varðskipin væru notuð til síldarleitar á miðunum og tilkynntu um vaðandi torfur. Einnig voru flugvélar notaðar við síldarleitina. Nú er öldin önnur, því veiðiskipin eru búin öflugum fiskileitartækjum sem finna allt sem syndir í sjónum. Þannig var það á dögunum þegar flotinn hélt úr höfn að loknum hátíðahöldum sjómannadagsins, að síld fannst skammt austur af landinu, þegar skipin voru á leið á kolmunnamiðin.

*Þessi síldarfundur hefur geysilega pólitíska þýðingu í baráttu Íslendinga við Norðmenn um yfirráð yfir norsk-íslenska síldarstofninum. Norðmenn hafa ekki viljað viðurkenna sjónarmið okkar í þessu máli og því er mjög brýnt að Hafrannsóknastofnunin og sjávarútvegsráðuneytið bregðist hratt við og sendi hafrannsóknaskip á vettvang til að rannsaka útbreiðslu og ástand síldarinnar.*

Það er skemmtileg tilviljun að í þessari viku fyrir ellefu árum veiddist síld af norsk-íslenska stofninum í fyrsta skipti í 26 ár innan íslenskrar fiskveiðilögsögu og að nú skuli síldin vera við 50 mílna mörkin úti af Austurlandi. Þar hafa síldveiðiskip fengið góðan afla undanfarna daga og menn spyrja sig hvort nýtt síldarævintýri sé í uppsiglingu.

Þessi síldarfundur hefur geysilega pólitíska þýðingu í baráttu Íslendinga við Norðmenn um yfirráð yfir norsk-íslenska síldarstofninum. Norðmenn hafa ekki viljað viðurkenna sjónarmið okkar í þessu máli og því er mjög brýnt að Hafrannsóknastofnunin og sjávarútvegsráðuneytið bregðist hratt við og sendi hafrannsóknaskip á vettvang til að rannsaka útbreiðslu og ástand síldarinnar, sem er væntanlega á leið upp undir strendur Íslands. Með opinberri staðfestingu á ætt og uppruna síldarinnar sem nú er við 50 mílna mörkin ættum við því að geta mætt sterkir til leiks næst þegar fulltrúar Íslendinga og Norðmanna setjast að samningaborðinu til að takast á um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Staða okkar hefur styrkst verulega með þessum síldarfundi. Þá er ekki síður mikilvægt að langmestur hluti þeirrar síldar sem íslensku skipin eru nú að veiða fer til manneldis. Síldin er ýmist flökuð og fryst um borð í skipunum eða þau koma með hana að landi spriklandi nýja, sem er nýmæli hér. Það er líka gott innlegg í átökin um veiðar úr norsk- íslenska síldarstofninum.

Eftir að sá stofn hrundi jókst ásóknin í stofn íslensku sumargotssíldarinnar, og var svo komið upp úr 1970 að hann var á sömu leið.

Það er ekki síst að þakka Jakobi Jakobssyni, fiskifræðingi og fyrrverandi forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar, að tókst að bjarga þeim stofni frá glötun. Jakob var óþreytandi við að hvetja til friðunar stofnsins og það bar þann árangur að ekki voru leyfðar veiðar úr honum nokkurra ára skeið. Þegar stofninn var orðinn hæfilega stór hófust takmarkaðar veiðar á ný og hefur hann verið á góðri uppleið. Það má því kalla Jakob fósturföður íslensku sumargotssíldarinnar auk þess sem hann hefur í áraraðir haldið á lofti voninni um að norsk-íslenski síldarstofninn eigi eftir að sækja aftur á fornar slóðir. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### 132 þúsund fyrir viðtal

Það hefur vakið athygli auglýsingafólks, meðal annarra, að auglýsingastjóri Frjálsrar verslunar hefur verið að dreifa upplýsingum um veglegt kvennablað, **Áhrifamestu konurnar í íslensku viðskiptalífi**, sem verður aukablað með næsta tölublaði blaðsins. Það að Frjáls verslun fjalli um áhrifamiklar konur í sínu blaði vekur kannski ekki sérstaka eftirtekt, heldur að boðið er sérstaklega upp á tilboð sem felst í því að fyrir **132.057** krónur, auk virðisaukaskatts er hægt að kaupa heilsíðuauglýsingu í þessu aukablaði og með kaupunum fylgir þá **heilsíðuviðtal**.



### Ekki frjáls og óháð ritstjórnarstefna

Innan fjölmiðla hefur mikið verið rætt um aðskilnað auglýsingadeilda og ritstjórna. Meðal annars í framhaldi af svokölluðum „magasínþáttum“ eins og Ísland í bítið, þar sem verið er að fjalla um alls kyns málefni en einnig virðist sem ákveðin fyrirtæki geti keypt sig inn í þáttinn. Þetta er ekki merkt sérstaklega sem aðkeypt efni og mörkin milli auglýsinga og dagskrárgerðar verða óljós.

Það hefur verið talað um að þetta eigi sér einnig stað á prentmiðlunum, án þess að sérstök dæmi séu nefnd. Núna er þó komið dæmi um vinnubrögð sem verða að teljast óviðeigandi í fjölmiðlum með frjálsa og óháða ritstjórnarstefnu. Sumir gætu tínt til að þetta sé „aukablað“ og um þau gildi aðrar reglur, en eins og kemur fram hjá auglýsingastjóranum á „Kvennablaðið“ að verða forsíðuefni næsta tölublaðs og blaðið meira og minna lagt undir þetta efni.

### Hverjir munu auglýsa

Það verður áhugavert að sjá hvaða fyrirtæki munu telja mikilvægt að auglýsa upp kvenstjórnendur sína með þessum hætti, að tekið verði við þær viðtal gegn heilsíðuauglýsingu. Mun Alcoa telja nauðsynlegt að auglýsa Rannveigu Rist? Verða fasteignasölurnar áberandi, því ein af hugmyndunum sem lagt er upp með að fjallað verði um er hversu margar konur eru núna komnar í starf fasteignasala. Það getur verið að í öllum þessum ritum þar sem fjallað er um áhrifamikla karla í viðskiptalífinu hafi þeim verið boðið upp á svipað tilboð, án þess að um það hafi verið fjallað sérstaklega. Það þýðir þó ekki að þetta flokkist undir vönduð vinnubrögð.

svanborg@frettabladid.is

## Græðgi er góð

Í DAG
MIKILVÆGI HAGNAÐAR



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

„Græðgi er góð,“ sagði Michael Douglas í frægu hlutverki sem bisnessmaðurinn Gordon Gekko í kvikmyndinni Wall Street árið 1987. Vísaði hann til þess að græðgin skildi hismið frá kjarnanum og fangaði undirstöðu framþróunar mannsandans. Græðgin væri ekki bara til góðs í viðskiptum heldur einnig í leitinni að betra lífi, ást eða þekkingu. Græðgin hefði markað framfarir í mannkynssögunni og myndi hjálpa fólki jafnt sem fyrirtækjum.

Vafalaust eru margir ósammála Gordon Gekko um að græðgin sé góð. Hins vegar má segja að sannleikskorn leynist í orðum hans að því gefnu að græði einn manns verði ekki til þess að brjóta á rétti annars. Græðgin leysir úr læðingi kraft sem getur drifið fólk áfram á sínu sviði. Við getum talað um græðgi til að ná árangri. Þótt orðið hafi yfir sér neikvæðan blæ má ekki sjálfkrafa afskrifa græðgina sem neikvæða í fari fólks.

Runólfur Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst, sagði í Morgunblaðsgrein fyrir nokkru að mikil umræða væri í Bandaríkjunum um „óeðlilegan hagnað og græðgi stórfyrirtækja“. Tilefnið var góður árangur íslenskra fyrirtækja og taldi rektorinn að hagnaður væri nánast eina mælistikan sem notuð væri á árangur fyrirtækjanna.

„Hagnaður fyrirtækja þarf að vera í samræmi við það samfélag sem þau starfa í og framlag þeirra til þess samfélags. Fyrirtæki hafa ekki eingöngu skyldum að gegna við eigendur sína, hluthafana, heldur einnig viðskiptavini og aðra meðborgara,“ sagði hann og hélt áfram síðar: „Fyrirtæki sem ganga vel hafa samfélagslegum skyldum að gegna. Þeim ber að leggja sitt af mörkum til menningar-, líknar- og menntamála.“

*Eigendum fyrirtækja er alls ekki skylt að leggja sitt af mörkum til menningar-, líknar- eða menntamála. Í frjálsu þjóðfélagi á enginn sjálfkrafa tilkall til eigna þeirra. Framsýni þeirra, dugnaður og afrek er þeim sjálfum að þakka. Ávinningur þeirra af frjálsum viðskiptum þýðir ekki tap annarra.*

Nóbelsverðlaunahafinn í hagfræði, Milton Friedman, sagði í þekktri grein í The New York Times Magazine árið 1970 að þeir sem töluðu með þessum hætti væru í raun að tala fyrir óheftum sósíalisma. Hvað þýddi það að fyrirtæki bæru skyldur? Einungis einstaklingar gætu borið skyldur. Þeir sem töluðu á þennan hátt væru strengjabrúður gáfumanna sem hefðu grafið undan frjálsu þjóðfélagi síðustu áratugi.

Fyrirtæki eru líka í eigu einstaklinga. Ég tel ekki réttlætanlegt að segja að þeir einstaklingar beri meiri samfélagslega ábyrgð en aðrir. Það er líka skrítið að rektorinn stilli hluthöfum upp á móti viðskiptavinum og öðrum meðborgurum. Hagsmunir þessara aðila fara í stórum dráttum saman. Ekkert samkeppnisfyrirtæki getur án viðskiptavina verið. Það verður að þjóna þeim til að ná árangri; lækka verð og bæta þjónustuna.

Eigendum fyrirtækja er alls ekki skylt að leggja sitt af mörkum til menningar-, líknar- eða menntamála. Í frjálsu þjóðfélagi á enginn sjálfkrafa tilkall til eigna þeirra. Framsýni þeirra, dugnaður og afrek er þeim sjálfum að þakka. Ávinningur þeirra af frjálsum viðskiptum þýðir ekki tap annarra. Af hverju á menningarelítan meira tilkall til eigna þeirra en Runólfs Ágústssonar?

Þrátt fyrir þetta er ekki þar með sagt að eigendur fyrirtækja láti ekkert af hendi rakna til þessara málaflokka sem rektorinn nefnir. Eftir að hafa aflað mér upplýsinga hjá viðskiptabönkunum þremur má gera ráð fyrir að þeir styrki málaflokkana sem Runólfur nefnir auk íþrótta um nálægt fjögur hundruð milljónir króna árlega. Það á einungis við um þrjá banka. Þessi fyrirtæki bjóða líka fjölmörgu fólki sem Runólfur útskrifar ár hvert vinnu. Þau gefa fólki sem hefur aflað sér mikillar menntunar færi á að vinna störf á Íslandi sem eru sambærileg störfum erlendis.

Þessi árangur hefur náðst vegna þess að hugmyndir Runólfs um margvíslegar skyldur fyrirtækja hafa ekki verið í lög leiddar. Slík sósíalísk hugsun er sem betur fer liðin tíð á Íslandi – í bili að minnsta kosti. Hagnaður hefur verið sú mælistika sem mest er mark á takandi. Góð afkoma fyrirtækja gefur þeim færi á að stækka með öllum þeim góðu hliðaráhrifum sem því fylgir.

„Hagnaður kemur alltaf fyrst,“ sagði Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings banka, á fundi í Kaupmannahöfn fyrir viku. Við sjáum hvaða árangur það hefur borið fyrir íslenskt atvinnulíf. Í ljósi þess er hægt að segja: „Græðgi er góð.“ ■




Austurver
Opið alla daga ársins til kl. 24
Mán.–fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24

JL-húsið
Mán.-fös. kl. 9–21
Helgar 10–21

Kringlan 1. hæð
Mán.-mið. kl. 10–18:30,
fim. 10–21, fös. 10–19,
lau. 10–18, sun. 13–17

Opið lengur

Lyf & heilsa






LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

vísir


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Vinsælasta tónlistin á Íslandi



**Á móti sól**
**árita disk sinn**
í dag í Hagkaupum Kringlunni
frá kl. 16-17




1.999 kr

2. sæti*

Á MÓTI SÓL - Hin 12 topplögin

## LAGALISTI:

1. Þú og ég
2. Þrisvar í viku
3. Lítill drengur
4. Skandinavíu Blues
5. Hjálpaðu mér upp
6. Fiskisaga
7. Við erum við
8. Afgan
9. Bíólagið
10. Fyrsti kossinn
11. 15 ára á föstu
12. Á þjóðhátíð ég fer

13-24 Öll lögin í karókí útgáfum




1.999 kr — Alm. verð 2.399- — 11. sæti*

ÝMSIR-Kalli á þakinu



1.999 kr — Alm. verð 2.399- — 9. sæti*

TRABANT-Emotional




1.999 kr — Alm. verð 2.499- — 7. sæti*

Svona er Eurovision




1.499 kr — Alm. verð 2.399- — 5. sæti*

SYSTEM OF A DOWN-Mesmerize




1.999 kr — Alm. verð 2.499- — 3. sæti*

Eurovision song contest 2005



1.999 kr — Alm. verð 2.399- — 1. sæti*

HILDUR VALA




1.499 kr — Alm. verð 2.399- — 12. sæti*

50 CENT-The massacre



1.499 kr — Alm. verð 2.399- — 10. sæti*

AUDIOSLAVE-Out of exile




1.999 kr — Alm. verð 2.499- — 8. sæti*

ÝMSIR-Pottþétt 37



1.999 kr — Alm. verð 2.399- — 6. sæti*

EMILÍANA TORRINI-Fisherman´s woman



1.499 kr — Alm. verð 2.399- — 4. sæti*

GORILLAZ-Demon days



1.499 kr — Alm. verð 2.399- — Nýtt í Hagkaupum

COLDPLAY-X & Y

*Samkvæmt íslenska tónlistanum

Gildir til 16. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.077* **-0,12%**

**Fjöldi viðskipta:** 247
**Velta:** 4.077 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **FL Group** | 2,39% | **Nýherji** | -1,60% |
| **Actavis** | 0,74% | **Bakkavör** | -0,56% |
| **Össur** | 0,64% | **Straumur** | -0,40% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,60 +0,74% ... Atorka 6,00 – ... Bakkavör 35,20 -0,56% ... Burðarás 14,75 -0,34% ... FL Group 15,00 +2,39% ... Flaga 4,90 – ... Íslandsbanki 13,65 +0,37% ... KB banki 528,00 -0,19% ... Kögun 60,20 – ... Landsbankinn 16,80 – ... Marel 56,30 – ... Og fjarskipti 3,99 – ... Samherji 12,10 – ... Straumur 12,30 -0,40% ... Össur 78,50 +0,64%

* Tölur frá um kl. 15.40 í gær. Nýjustu tölur á Vísi.

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

### Rólegir stjórnendur

Þótt fjölmiðlar hafi sýnt síðustu viðskiptum með bréf í Íslandsbanka mikinn áhuga verður ekki annað séð en að stjórnendur bankans séu sallarólegir. Nokkrir þeirra hafa verið í fríi og flestir þeirra eru nú staddir í Noregi í góðu yfirlæti þar sem fram fer ráðstefna á vegum bankans um sjávarútvegsmál. Íslandsbanki hefur markað sér sterka stöðu í sjávarútvegi og nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar fyrir sérþekkingu á því sviði. Á ráðstefnu bankans í Álasundi eru ekki aðeins allir helstu ráðamenn Íslandsbanka heldur flestir þeir sægreifar í Evrópu sem eitthvað eiga undir sér. Í vetur hélt Íslandsbanki sambærilega ráðstefnu á Akureyri og þótti takast einkar vel. Þá mætti meðal annars norski milljarðamæringurinn Kjell Inge Rökke á einkaþotu en hann átti ekki heimangengt í þetta skipti.



### Leiðist í dómsal

Til stóð að Rökke mætti á ráðstefnu Íslandsbanka en hann komst ekki, þar sem hann þurfti að sæta yfirheyrslum vegna ásakana um að hafa mútað embættismanni þegar hann var tekinn skírteinislaus á sjó. Málið hefur vakið mikla athygli í Noregi en Rökke sjálfur er algjörlega óhræddur við niðurstöðuna þótt hann verði hugsanlega dæmdur til að sitja inni í sex vikur. Mest leiðist honum að þurfa að hlusta á lögfræðingana í dómsal og hefur sagt að hann kjósi frekar sex vikna fangelsisvist en að þurfa að hlusta á lögfræðingana í sex vikur í viðbót. Hvort þetta telst áfellisdómur yfir lögmannsstéttinni eða meðmæli með norskum fangelsum skal þó ósagt látið.

### MARKAÐSFRÉTTIR...

**Laugaból**, sem seldi hlut sinn í **Jarðborunum** fyrr í vikunni, keypti 2,5 milljónir hluta í **Atorku** í gær.

Gengi **Bandaríkjadals** hefur styrkst um tíu prósent gagnvart **evru** það sem af er ári. Þetta kom fram í **Vegvísi Landsbankans**. Þó er gert ráð fyrir að þetta breytist eftir því sem líður á árið.

**Englandsbanki** ákvað í gær að halda stýrivöxtum í Bretlandi óbreyttum. Þeir verða áfram 4,75 prósent.

Hlutabréf í Japan lækkuðu í gær. **Nikkei** vísitalan endaði í 11.161 stigi og lækkaði um 1,07 prósent.

# Erlendar skuldir aukast

**Ísland á meðal skuldsettustu þróuðu ríkja veraldar.**

Erlendar skuldir Íslendinga námu tæpum tvö þúsund milljörðum króna í lok mars og höfðu þá aukist um 166 milljarða frá áramótum. Þetta kemur fram á vef greiningardeildar Íslandsbanka.

Ísland er eitt af skuldsettustu þróuðu ríkjum veraldar og hefur verið í langan tíma. Erlendar skuldir hafa tvöfaldast frá því árið 2002.

Greiningardeild Íslandsbanka telur aukningu erlendra skulda til marks um þær miklu fjárfestingar sem Íslendingar hafa ráðist í erlendis og hafa að miklu leyti verið fjármagnaðar með erlendu lánsfé.

Hrein staða þjóðarbúsins við útlönd, sem er nettó skuldastaða þjóðarinnar, gefur hins vegar aðra mynd. Var hún neikvæð um 804 milljarða króna í lok mars og hafði þá aukist um 210 milljarða frá 2002.

Hrein staða þjóðarbúsins sem hlutfall af landsframleiðslu hefur þó líklega batnað enda hagkerfið vaxið mikið síðan 2002.

- jsk



**PENINGAR** Erlendar skuldir Íslendinga námu tæpum tvö þúsund milljörðum króna í lok mars.

# McDonalds selur

McDonalds hamborgararisinn hefur tilkynnt að sala í maí hafi aukist um tæp tvö prósent frá fyrri mánuði. Sala í Bandaríkjunum jókst um tæp fimm prósent og er það rakið til nýs matseðils hjá fyrirtækinu auk sveigjanlegri afgreiðslutíma en áður.

Sala í Evrópu dróst hins vegar saman í maí vegna slæms ástands á mörkuðum í Bretlandi og Þýskalandi.

Það sem af er árinu hefur sala McDonalds aukist um 3,7 prósent.

-jsk



**MCDONALDS BORGARI** Sölutölur fyrirtækisins hafa stórbatnað það sem af er árinu.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BANKASTJÓRAR LANDSBANKANS OG ÍSLANDSBANKA** Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, hefur átt heldur rólegri daga en Bjarni Ármannsson, bankastjóri Íslandsbanka, þar sem óróleiki hefur verið í hluthafahópnum vegna átaka um ítök í bankanum.

# Segir Landsbankahóp ekki með ráðandi hlut

**Stjórnarformaður Íslandsbanka segir núverandi meirihluta ráða yfir bankanum. Viðskipti Burðaráss breyti engu þar um.**

Einar Sveinsson, stjórnarformaður Íslandsbanka, fullyrðir að ekki hafi orðið tilfærsla á völdum í bankanum í kjölfar þess að Burðarás keypti rúmlega fjögurra prósenta hlut í Íslandsbanka af Steinunni Jónsdóttur, stjórnarmanni bankans. „Fljótt á litið sýnist mér að félög tengd Björgólfsfeðgum, Burðarási, Landsbankanum og Straumi ráði yfir 27 prósentum af hlutafé bankans. Við erum með fjörutíu prósent á bak við okkur," segir hann.

Straumur á ekki allan hlutinn sem bankinn er skráður fyrir, sem er 21 prósent. Karl Wernersson, stjórnarmaður í Íslandsbanka, á um þrjú prósent af þeim hlut í framvirkum samningum. Samkvæmt upplýsingum af fréttavef Kauphallarinnar á hann samtals rúm tólf prósent í bankanum. Á meðan Karl spilar með núverandi meirihluta eigenda í Íslandsbanka, eins og hann hefur gert hingað til, er ekki hægt að segja að aðilar tengdir Landsbankanum séu ráðandi í Íslandsbanka. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ræður Landsbankinn ekki heldur yfir öllum sínum hlut þar sem hluti er bundinn í framvirkum samningum.

Ekki er búist við að farið verði fram á hluthafafund í Íslandsbanka í kjölfar viðskipta Burðaráss. Reiknað er með því að Steinunn Jónsdóttir segi sig úr bankaráðinu eftir söluna og mun þá varamaður taka sæti í stjórninni. Stjórnarmaður í Íslandsbanka sagði Landsbankamenn líklega ekki fara fram á fund á meðan þeir hefðu ekki ráðandi stöðu í Íslandsbanka. Til þess þurfi þeir að bæta við sig tíu prósenta hlut í viðbót, sem kosti um átján milljarða miðað við gengi síðustu viðskipta. Annar viðmælandi Fréttablaðsins sagði aðdraganda þessara viðskipta þó sýna hversu langt Björgólfsfeðgar væru tilbúnir að ganga til að seilast til áhrifa í Íslandsbanka.

Einar Sveinsson segir hluthafa í Íslandsbanka vita um allar stöður í bankanum og er því nokkuð rólegur yfir stöðu mála. „Hvorki viðskiptamenn né starfsmenn þurfa að hafa áhyggjur af því að það verði kollsteypa," segir hann og vísar til orðróms um að aðilar tengdir Landsbankanum muni taka Íslandsbanka yfir.

bjorgvin@frettabladid.is
eggert@frettabladid.is



| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK 3.03 | 13.27 | 23.53 |
| AKUREYRI 1.59 | 13.12 | 00.29 |

Heimild: Almanak Háskólans


# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


**tilboð o.fl.**
Flísar og vaskar á tilboði
BLS. 5



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

*Góðan dag!*
Í dag er föstudagur 10. júní, 161. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**




**Smáauglýsingar**
byrja í dag á bls. 6

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



Ásta er listakokkur en segist eiga erfitt með að gefa uppskriftir því allt byggist þetta á tilfinningu.

# Meðlætið mætti vera aðalatriðið

***Ásta Þ. Vilhjálmsdóttir hefur alltaf haft gaman af matargerð og var strax sem unglingsstúlka farin að prófa sig áfram með alls konar rétti. Henni finnst kjöt heldur ofmetið í eldamennsku Íslendinga.***

„Það kom oft fyrir þegar ég og vinkonur mínar vorum á ferð í útlöndum að við fórum á matsölustaði og prófuðum eitthvað skrítið og óvenjulegt. Ég eldaði það svo þegar við komum heim og þurfti engar uppskriftir. Ég nota reyndar aldrei uppskriftir," segir hún hlæjandi. „Þetta snýst um tilfinningu."

Ásta var dugleg að fara á alls kyns matreiðslunámskeið fram eftir aldri, og eldaði að sjálfsögðu daglega þegar hún var með börnin heima. Nú er hún gift portúgölskum manni sem hefur sjálfur gaman af að elda og ekki síst grilla. „Ég er frekar vondur grillari," segir hún hlæjandi „en eiginmaðurinn bætir það upp."

Hún segir hann vissulega hafa innleitt portúgalska matarsiði í fjölskylduna, ekki síst sé kryddið piri piri mikið notað, en tengdamamma hennar sendir þeim það sérblandað frá Portúgal. „Piri piriið sem fæst hér heima er ekki alvöru," segir Ásta.

„Ég sé hins vegar um matargerð á stórhátíðum og ef eitthvað sérstakt stendur til, og mér finnst ógurlega gaman að búa til tertur."

Nú hneigist Ásta til að nota sem mest af grænmeti sem uppistöðu í alla rétti. „Ég er ekki grænmetisæta í þeim skilningi, en mér finnst fólk leggja allt of mikið upp úr kjöti í eldamennsku. Það sem við köllum meðlæti mætti að ósekju vera aðalatriði og svo er í góðu lagi að bæta örlitlu kjöti við."

Ásta er nýkomin heim úr skemmtilegri helgarferð með stórum hópi kvenna þar sem hún sá um matseldina. „Þar bauð ég upp á einfaldan kjúklingarétt með grænmeti sem féll í góðan jarðveg. Ég ætla að gefa uppskrift að þeim rétti."

Þess má geta að kjúklingarétturinn hennar Ástu er fáanlegur á Kaffi Kósý í Austurstræti.

*Uppskrift Ástu er á bls. 3*

*edda@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
## *í tilboðum*



**Dömufatnaður** af ýmsum gerðum er á 40-60% afslætti í versluninni Friendtex í Síðumúla 13. Sem dæmi um verð má nefna kjól með blúndu sem áður kostaði 7.100 en fæst nú á 3.900, kvartbuxur sem voru á 5.700 en nú á 2.900 og síðar skyrtur sem áður voru á 6.200 en eru nú á 3.800. Þetta er ekta sumarfatnaður sem kemur sér vel nú þegar er að hlýna í veðri hér á landi.

**Ralph Lauren-**gallabuxur í samnefndri verslun í Smáralindinni eru seldar á 25% afslætti fram á sunnudag. Þetta gildir bæði um herra- og dömugallabuxur af öllum þeim gerðum sem fyrirfinnast í búðinni, en það eru fimm mismunandi herrasnið og sjö mismunandi dömusnið. Algengasta verð á buxunum fyrir lækkun var 11.900 og nú lækkar það um 3.000, niður í 8.900.

**Safnkassar,** kantskerar og skóflur eru meðal þess sem Byko býður þessa dagana á lækkuðu verði í tilefni þess að fólk er farið að bjástra í görðunum sínum og gera fínt í kringum sig. Safnkassi sem áður kostaði 11.598 er nú seldur á 7.990 og skóflurnar og kantskerarnir eru á 20-25% afslætti. Bykó er líka með 25% afslátt af viðarvörn og útimálningu. Þá má ekki gleyma fuglahúsunum sem fást í Byko á 590 krónur og bókstaflega biðja fuglana að búa í sér.

*tilbod@frettabladid.is*




**Grillaðir ávextir** Auðvelt er að skella ávöxtum á grillið og borða þá með ís og rjóma, eða jafnvel með mygluostum. Apríkósur eru ljúffengar grillaðar hálfar og mangó í sneiðum. Ef þeir eru settir beint á grindina þarf að pensla þá fyrst með olíu eða það er hægt að setja þá á álpappír.



## DEAKIN ESTATE: Silkimjúkt hvítvín frá Victoria

Ástralar hafa löngum verið kunnastir fyrir hvítvín sín, sérstaklega úr þrúgunni chardonnay. Deakin Estate Chardonnay er ljúffengt silkimjúkt hvítvín frá Victoria-héraðinu. Þrúgur úr ýmsum víngörðum voru tíndar í þetta vín til að ná fram einkennum og þroska þrúgnanna sem fram koma í hvítvíninu. Hvert svæði fékk að gerjast sér en var svo blandað saman til að sameina sérkennin og eikina. Þetta er fölgult vín með angan af ferskum ferskjum og melónu með eikarívafi. Á grillinu í sumar fer þetta vín vel með fiskréttum og þolir vel sítrónu í réttinum, kjúklingi, hvítu kjöti og svo salati. Gott með mildum ostum. Vínið hefur eins og mörg vín frá Deakin Estate fengið afar góða dóma. Þannig gefur vínskríbentinn Mike Frost því 88 í einkunn og telur það sérstaklega góð kaup og undir það tekur Paddy Kendler í Herald Sun, sem gefur því fjórar stjörnur í einkunn.

Verð í Vínbúðum 1.190 kr.






**GEORGE** eldar mat af miklu listfengi og kallar fram það besta í hráefninu.

# Að elda indverskt með hjartanu

***George Holmes matreiðslumaður er ástríðukokkur og galdramaður í eldhúsinu. Hann tekur ekki annað í mál en að fá að elda fyrir ljósmyndara og blaðamann þegar hann er beðinn um indverskar uppskriftir á matarsíður blaðsins.***

George kemur langt að, frá Goa á vesturströnd Indlands. Hann kom til Íslands fyrir fjórum árum og hefur verið matreiðslumaður á Naustinu, Einari Ben og Kaffi Reykjavík. Nú hyggst hann opna nýjan indverskan stað á Frakkastígnum sem á að heita Indian Mango og þar ætlar hann að bjóða upp á indverska rétti eins og þeir eru eldaðir á hans heimaslóðum, í hafnarborginni Goa. Þar að auki verður hann með indversk matvæli eins og sósur, krydd, te og kaffi. Staðurinn verður opnaður í byrjun júlí.

George og eiginkona hans, Sigurbjörg Níelsdóttir, taka hlýlega á móti gestunum og bjóða til sætis í stofunni. George er á kafi í matseldinni og ilmurinn er engu líkur, eiginlega ærandi góður. „Hann er ekki bara matreiðslumaður, hann er ástríðukokkur," segir Sigurbjörg brosandi og það fer ekki á milli mála. Georg leggur sig allan í matreiðsluna og hugar að hverju smáatriði. Hann hefur ferðast víða, ekki síst í þeim tilgangi að viða að sér reynslu og þekkingu í matargerð. „Ísland hefur verið mér svo gott," segir hann. „Nú langar mig að gefa eitthvað til baka til Íslendinga og opna þeim nýja sýn í matarmenningunni."

George var ekki alinn upp í fátækt þó fátækt sé gríðarleg í hans heimalandi og milljónir lifi nær eingöngu á hrísgrjónum og flatkökum.

„Nei, við höfðum alltaf nóg," segir George, „en hugsunarhátturinn er annar og fólk er mjög nægjusamt. Ég var farinn að elda með mömmu tíu ára gamall og þetta hefur alltaf verið mín helsta ástríða í lífinu."

Nú er George tilbúinn með forréttinn og býður til borðs. Fyrst er þó skálað í dásamlegum mangódrykk, þar sem uppistaðan er mjólk, hunang og mangó. Að vera í matarboði hjá George er eins og að vera staddur á fimm stjörnu veitingastað. Hann raðar réttunum af listfengi á diskana og skreytir hvern og einn þannig að maður tímir næstum ekki að ráðast til atlögu. En það er ekkert hægt að hemja sig lengur.

Í forrétt bauð George upp á rækjufyllt papadom. Í aðalrétt var bakaður fiskur og í eftirrétt döðlu-, hnetu- og súkkulaðiturn ásamt heimatilbúnum sesamís. Maturinn var himneskur og greinilegt að Georg kann ekki bara að fara með hráefni og krydd heldur eldar með hjartanu.

Hér á síðunni eru uppskriftir að réttunum, en þeir munu verða á matseðli nýja staðarins, Indian Mango, ásamt fjölda annarra rétta sem gefa þessum örugglega ekkert eftir.

*edda@frettabladid.is*

UPPSKRIFT

### RÆKJUFYLLT PAPADOM

8 venjulegar eða kryddaðar papadom (þunnar kökur, mikið notaðar á Indlandi, búnar til úr mismunandi linsubaunum).
1 msk. hveiti
jurtaolía til að djúpsteikja

**Fylling:**
1 msk. jurtaolía
1 fínsaxaður laukur
1 tsk. fínsaxaður hvítlaukur
1 tsk. fínsöxuð engiferrót
1 tsk. mulinn svartur pipar
1/4 tsk. mulinn kóríander
1/2 tsk. mulið túrmerik
200 g stórar rækjur
2/3 bolli soðnar kartöflur, skornar í meðalstóra bita
1 msk. safi úr sítrónu
1/2 tsk. salt, eða eftir smekk
2 msk. fersk söxuð kóríanderlauf
1 tsk. mangóduft

**Fylling:** Hitið olíuna á pönnu, setjið lauk, hvítlauk, engifer og svartan pipar á pönnuna. Steikið þar til laukurinn er mjúkur. Bætið kóríander, túrmerik og rækjum á pönnuna. Steikið í 3-4 mínútur, bætið þá kartöflum, sítrónusafa og salti. Dreifið söxuðum kóríanderlaufum og mangódufti jafnt yfir. Hrærið vel, takið til hliðar og látið kólna.
Vætið papadom-kökurnar í volgu vatni í 5-7 mínútur, þerrið. Búið til „hveitilím" úr hveitinu með því að hræra það upp í örlitlu vatni. Látið fyllingu á aðra hlið papadom-kökunnar. Rúllið upp, brjótið hliðarnar inn þegar rúllað er upp. Festið enda með hveitilíminu.

Hitið olíuna í 180°C, djúpsteikið ca. 1,5 mín. á hvorri hlið. Þerrið og berið fram heitar með chutney og salati.



### BAKAÐUR FISKUR

1 kg hvítur fiskur
1/2 kókoshneta, má nota kókosmjöl
1 bolli þykk kókosmjólk
2 meðalstórir laukar
6 hvítlaukslauf
2,5 cm engiferrót
6 rauð chilli (mjög sterkt að nota 6, eitt er nóg fyrir meðal Íslending)
1 tsk. cummin-fræ
1 msk. kóríanderfræ
1 tsk. garam masala
1/2 tsk. túrmerik
1 msk. edik
1 tsk. sykur
2 stórir tómatar, skrældir og sneiddir
Salt eftir smekk



Stráið túrmerik og salti á fiskinn. Blandið kókoshnetukjöti, lauk, hvítlauk, engiferrót, chilli og öllu kryddinu saman í matvinnsluvél og maukið. Hitið 1 msk. olíu á pönnu, steikið tómatsneiðarnar þar til þær verða mjúkar. Setjið maukið úr matvinnsluvélinni og restina af hráefnunum saman við og hrærið vel. Smyrjið blöndunni á fiskinn og bakið í eldföstu móti. Skreytið með ferskum kóríanderlaufum.

### DÖÐLU- HNETU- OG SÚKKULAÐITURN

200 g súkkulaðikaka, mulin
200 g brætt Valhrona 70% súkkulaði (eða annað gæða 70% súkkulaði)
75 g saxaðar döðlur
100 g saxaðar hnetur
1 tsk. fimmkrydd (fæst hjá Nings)

Öllu blandað mjög vel saman, sett í mót, kælt. Skerið í sneiðar, velgið í bakaraofni við 100° C hita í ca. 5 mínútur. Borið fram volgt með vanilluís.









## TUBORG GOLD: Kominn í 24 dósa handhæga tösku

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. kynnir þessa dagana skemmtilega nýjung, Tuborg Gold bjór í 33 cl dósum í tösku með 24 dósum. Tuborg Gold þarf vart að kynna fyrir unnendum góðs bjórs en þarna er um að ræða eina þekktustu bjórtegund í heimi. Taskan með 24 dósum er tilvalin fyrir þá sem vilja bjór í þægilegum og handhægum pakkningum – eitthvað til að „grípa með“ í ferðalagið, bústaðinn, veisluna eða bara heim. Víst er að þeir sem eru á ferðinni og vilja kippa með sér gæðabjór taka þessari nýjung fagnandi.

Tuborg Gold er bragðmikill með góðri fyllingu og er 5,6% að styrkleika – sannkallaður „export-bjór“. Tuborg Gold hefur fengist hér á landi frá því í apríl 2003 og hefur sala hans aukist jafnt, um 164% milli ára. Tuborg Gold hefur hingað til verið seldur í 33 cl flöskum og hálfs lítra dósum. Tuborg Gold í 24 dósa tösku er nú fáanlegur í Vínbúðunum Heiðrúnu og Kringlunni og kostar hver 33 cl dós 139 krónur.




## Gómsætir kjúklingabitar

NÝR UPPSKRIFTABÆKLINGUR HOLTAKJÚKLINGS OG ELDFUGLS KOMINN ÚT.

Út er kominn nýr uppskriftabæklingur frá Holtakjúklingi og Eldfugli með níu gómsætum uppskriftum að kjúklingabitum. Bæklinginn er hægt að nálgast í verslunum Bónuss og Hagkaupa auk annarra staða. Kjúklingur sem framleiddur er undir vörumerkinu Holtakjúklingur fæst bæði ferskur og frosinn, en kjúklingur sem er framleiddur undir vörumerkinu Eldfugl hefur verið eldaður og er tilbúinn til notkunar.

Þar að auki tók Holtakjúklingur nýverið í notkun heimasíðu sem er full af uppskriftum og upplýsingum um innihald hverrar vörutegundar. Þar má meðal annars finna þá uppskriftabæklinga sem gefnir hafa verið út og er vefslóðin www.holta.is.

## kjúklingaréttur ástu }



### KJÚKLINGUR MEÐ GRÆNMETI OG HRÍSGRJÓNUM

- Fjórar kjúklingabringur (skornar í bita)
- púrrulaukur (gróft skorinn)
- græn paprika (gróft skorin)
- 500 g sveppir
- season all
- grænmetiskraftur dökkur
- matreiðslurjómi

Kjúklingur, púrrulaukur, paprika og sveppir steikt í olíu. Sett í pott og kryddað með Season All og grænmetiskrafti. Smakkað til, má vera vel sterkt. Þá er matreiðslurjóma bætt út í. Borið fram með soðnum hrísgrjónum og hvítlauksbrauði. Best er bjóða upp á ferska ávexti í eftirrétt.

weber



JÁRN&GLER
Járn og gler ehf - Skútuvogur 1h
www.weber.is
GARÐHEIMAR

Hvers vegna notar þú Rautt Eðal Ginseng?



**Lilja Valdimarsdóttir, Hornaleikari:**
Til að vera frísk og svo er ég líka einbeittari.



**Ragnheiður Runólfsdóttir, Sundþjálfari:**
Það er gott fyrir heilsuna og eflir mann í leik og starfi.



**Ragnhildur Sigurðardóttir, Golfari:**
Keppnisgolf er mjög krefjandi, þess vegna nota ég Rautt Eðal Ginseng. Þannig kemst ég í andlegt jafnvægi, skerpi athyglina og eyk úthaldið.




**Rótarbolurinn:**
Máttugasti hluti jurtarinnar

Einungis rótarbolir 6 ára gamalla kóreskra sérvalinna ginsengróta besta gæðaflokks.



**Rautt Eðal Ginseng**
*Skerpir athygli og eykur þol.*

AUGLÝSINGASÍMI
FRÉTTABLAÐIÐ
550 5000

SMOOTHIE
ávaxtadrykkur




100% hreinn fyrir þig
Arka • Sími 899 2363

Fissler
Stálpottasett á góðu verði
Brúðhjónalistar og gjafakort



búsáhöld
KRINGLUNNI
Sími: 568 6440 | busahold@busahold.is

4 Hamborgarar + franskar + sósa og 2L pepsi




Mangó dagar
fimmtudag
föstudag
laugardag
sunnudag
fyrir 999 kr. eða
16" Pizza með 2 áleggstegundum
+ 2 litra pepsi líka á 999 kr.
Ath. sótt
Mangó grill
Fjölbreyttur matseðill
Suðrænir straumar
Sími 5771800 grill / 5771414 pizza Brekkuhúsum 1. Grafarvogi



## Vinsælustu blómin

BLÓMAVAL HEFUR STÓRLÆKKAÐ VERÐ Á SUMARBLÓMUNUM.

Sumarið er tíminn þegar allt stendur í blóma og litríkar blómstrandi plöntur kíkja upp úr beðum og kerum landsmanna. Flestir, ef ekki allir, taka sig til á sumrin og setja niður nokkur sumarblóm og fer úrvalið sístækkandi. Tilboð eru víðs vegar á sumarblómum og hefur Blómaval til að mynda stórlækkað verð og býður meðal annars 10 stykki af stjúpum á 399 kr. og fjögur stykki af Margarítum á 999 kr. og stendur tilboðið til næsta sunnudags. Þeir sem hafa hug á að planta niður blómum hafa því helgina til að nýta sér þetta tilboð og færa garðinn í sumarbúning.

## Fyrir ferðalagið

TÖSKUR ERU Á 30% AFSLÆTTI Í ODDA Í NOKKRA DAGA.

Tilboðstöskurnar í Odda eru af nokkrum gerðum en allar bera þær sama merkið, Saho, og eru frá framleiðandanum Samsonite. Hjólatöskurnar vinsælu eru af tveimur aðalgerðum og í þremur litum, svörtum, rauðum og gráum. Axlartöskur fást í sömu línu og í sömu litum. Þær eru nú á 4.339 kr. en voru áður á 6.199. Vandaðar snyrtitöskur í stærðinni 32X25X13 eru líka á tilboði. Þær henta fyrir bæði kynin og kosta nú 2.099 kr. en voru áður á 2.999. Tilboðið stendur fram á helgina svo það er um að gera að bregðast við. Verslanir Odda eru í Borgartúni 29 og Höfðabakka 3.



## Vaskar og flísar

ÞEIR SEM ÆTLA AÐ TAKA Í GEGN BAÐHERBERGIN GETA GERT GÓÐ KAUP Í VATNSVIRKJANUM Í ÁRMÚLA 21.

Allt að níutíu prósenta afsláttur er á flísum af öllum gerðum í Vatnsvirkjanum í Ármúla 21 og kemur það sér eflaust vel fyrir marga sem ætla að taka baðherbergin í gegn og flísaleggja ýmist úti eða inni í sumarfríinu. Handlaugar eru líka á lækkuðu verði í Vatnsvirkjanum. 30% afsláttur er af þeim og sturtuhorn og sturtuhurðir lækka um 20%. Upphengd salerni, sem nú eru mest í móð, fást á 34.995 með öllu sem þarf og fleira mætti telja sem Vatnsvirkinn er með á útrýmingarsölu sumarsins.

## Heimilistæki á tilboði

ÍSSKÁPAR OG ÖNNUR HEIMILISTÆKI Á SUMARTILBOÐI Í RAFTÆKJAVERSLUN ÍSLANDS. EINNIG POTTASETT.

Amerískir ísskápar, með eða án klakavélar, eru á allt að 30% afslætti í Raftækjaverslun Íslands í Skútuvogi 1. Þeir eru til í þremur litum: hvítum, svörtum og stálgráum. Sjónvörp og DVD-spilarar fást á lækkuðu verði líka á sama stað og sem dæmi um verð má nefna Elfunk 20 tommu sjónvarp á aðeins 13.900. Þvottavélar og þurrkarar fást á góðum kjörum, svo og ofn og helluborð sem eru seld saman og kosta samtals 79.900. Ofninn er með ýmsum kerfum og blæstri og helluborðið er úr keramiki, með snertitökkum og stálramma.

## Nú er sumar



GOLFSETT OG KYLFUR Á GÓÐU VERÐI.

Golfsett, bæði fyrir konur og karla, og stakar trékylfur, stórar og smáar, eru meðal þess sem golfverslunin Hole in One er með á sumartilboði. Settin eru af gerðinni Oryx og eru á 30% afslætti og trékylfurnar sem heita Titleist lækka um 40-50% frá upphaflegu verði. Sem dæmi er Titleist 983K sem áður var á 44.000 kr. nú á 26.400 kr. Stálgolfkerra og Fara golfskór eru líka á lækkuðu verði sem nemur 30-40% og margt fleira er á júnítilboðinu í Hole in One sem er í Bæjarlind 1-3 í Kópavogi.


Hátíðarfatnaður íslenskra karlmanna



Hátíðarföt með vesti 100% ull skyrta, klútur og næla

kr. 36.900

Allar stærðir
46 - 64
98 - 114
25 - 28

Hátíðarfatnaður íslenskra karlmanna hefur notið mikilla vinsælda frá því farið var að framleiða hann.
Færst hefur í vöxt að karlmenn óski að klæðast búningnum á tyllidögum, svo sem við útskriftir, giftingar, á 17. júní, á Þorrablótum, við opinberar athafnir hérlendis og erlendis og við öll önnur hátíðleg tækifæri.

gallerisautján
laugavegi 91 s.511 1717 - kringlunni s.568 9017

!
Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

TILBOÐSDAGAR
10 TIL 40% AFSLÁTTUR




Frá Yves Delorme, einu virtasta tískuhúsi Frakklands: Rúmteppi, rúmfatnaður (lök, pífur, sængurverasett), baðhandklæði, baðmottur, baðsloppar (dömu/herra), borðdúkar, ilmsápur,-krem,-kerti o.m.fl.
Rúmin frá Stears & Foster eru hönnuð fyrir fólk sem vill aðeins það besta. Þau veita réttan stuðning og tryggja vellíðan á hverri nóttu með sérhönnuðu gormakerfi, bólsturslögum og einstökum frágangi.

rúmco
Langholtsvegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900





LJÓSMYND: HARI

# GRILL

***KOMDU ÚT AÐ BORÐA!***

# Sjóðheitt lamb í mangó

*Maríneraður lambavöðvi með salati og kartöflum að hætti Magga og Villa.*

Lamb er sennilega eitt vinsælasta kjötið á grillið og eitthvað sem flestum líkar, enda bragðgott kjöt sem einfalt er að grilla. Hvort sem grilla á lundir, kótilettur eða heilt lamb þá er gott að ákveða fyrirfram hvernig á að krydda kjötið. Með góðum fyrirvara er hægt að búa til ljúffenga maríneringu til að leggja kjötið í nokkrum klukkustundum fyrir grillið eða yfir nótt.
Maggi og Villi hjá Mangó grilli eru sannkallaðir grillkóngar og alla jafnan grilla þeir lamb nokkrum sinnum í viku, enda með risastórt útigrill utan við veitingastað sinn. Hérna gefa þeir góða uppskrift að lambi með meðlæti sem allir ættu að geta fylgt.

Grill að hætti Mangó grills
Uppskrift fyrir 4
800 gr lambainnanlærisvöðvi látinn liggja í maríneringu í 4 klst.

Mangó marínering
2 bollar grill blazing bbq sósa
1/2 bolli Jack Daniels viskí
1/2 tsk svartur pipar
2 tsk Worchestershire-sósa
1 tsk tabasc-sósa (rauð)
1/2 tsk sítrónusafi

Salat
Tilbúið blandað sumarsalat
1 1/2 bolli ítölsk dressing
1/2 bolli grill blazin bbq sósa
ítölsk dressing og bbq sósa
ítölsk dressing og bbq sósa


Mangó grill-kóngarnir Maggi og Villi á Mangó grill þar sem grillað er alla daga.


Grillað lamb með kartöflugratíni og salati.

Öllu blandað vel saman og salatið sett saman við.

Bakaðar kartöflur settar á grillið í 45 mínútur á undan kjötinu.

Maggi og Villi segja að þessi uppskrift geti einnig gengið með kjúklingi, nauta- eða svínakjöti, en nauðsynlegt sé að borða Dorritos-flögur með sætum chili pipar með þessum mat.




# Fjölbreytt og óvenjulegt á grillið

## Bókin Gott af grillinu lumar á ýmsu.

Það er hægt að grilla flest og þar sem margir vilja prófa eitthvað nýtt í staðinn fyrir sömu kóteletturnar ár eftir ár er alltaf gaman þegar nýjar uppskriftir verða á vegi manns. Ekki síst ef það er heil bók, full af góðgæti á pappír sem bíður þess að stökkva albúið fram á veisluborðið þitt.
Bókin Gott á grillið kom út hjá Vöku-Helgafelli fyrir skömmu og er einmitt svona bók. Þar er bæði að finna alls kyns uppskriftir og ýmsan fróðleik um grill og grillun sem flestum mun koma að góðu gagni.
Hér eru tvær uppskriftir, birtar með góðfúslegu leyfi höfundarins, Margrétar Þóru Þorláksdóttur.

Taílensk kjúklingaspjót
4 kjúklingabringur, skornar í 3 ræmur

1 vorlaukur í þunnum sneiðum
1 rautt chili, fræhreinsað og smátt saxað
1 msk grófsaxað kóríander
1 msk grófsöxuð mynta

Marinering
1 rautt chili, fræhreinsað og smátt saxað
2 marin hvítlauksrif
1 msk. smátt saxað engifer
4 msk. hunang
2 msk. sojasósa
4 msk. límónusafi

Blandið saman öllu sem á að fara í marineringuna. Geymið fjórar matskeiðar af henni. Marinerið kjúklingabringurnar í a.m.k. tvær klukkustundir. Þræðið kjötið upp á spjót og grillið beint á meðalheitu grilli í 8-10 mínútur, snúið einu sinni á meðan. Leggið spjótin á fat og dreifið afganginum af marineringunni, vorlauk, chili, engifer og kóríander yfir. Berið fram með hrísgrjónum.






Og svo einn indælis eftirréttur:
Grillaðir bananar með stökkri karamellu
4 bananar
5 msk. sykur
2 msk. kókosmjöl
1 appelsína, börkur og safi
1 peli rjómi
2 msk. appelsínulíkjör

Setjið 4 msk. af sykrinum í lítinn pott með 1 msk. af köldu vatni. Látið suðuna koma mjög hægt upp og látið malla í 6-8 mínútur eða þar til sykurinn er orðinn gullinn. Takið pottinn af hitanum og blandið kókosmjöli og appelsínuberki saman við. Hellið karamellublöndunni á bökunarpappír og látið kólna og stífna vel.
Brjótið karamelluna síðan niður í stykki og myljið þau í matvinnsluvél.
Þeytið rjómann með líkjörnum og afganginum af sykrinum. Geymið í kæli þar til eftirrétturinn er borinn fram.
Skerið bananana í tvennt og penslið sárið með appelsínusafa. Skiptið karamellumaukinu á milli bananahelminganna. Grillið, með hýðið niður, beint ofan á meðalheitu grilli í 5 mínútur eða þar til karamellan hefur bráðnað og er orðin gullin. Berið fram með þeytta rjómanaum og rífið smávegis appelsínubörk yfir til að skreyta.

# Grillað tofú

## Grænmetisætur geta líka átt góða stund við grillið.



Grænmetisætur geta líka grillað því það er hægt að grilla grænmeti, ávexti, brauð og tofú. Einfalt er að grilla tofú og er þessi uppskrift sem hér fylgir sérstaklega góð og jafnvel þeir sem yfirleitt borða ekki tofú eiga eftir að moka þessu í sig. Ef von er á gestum er því ráð að gera nóg.

Grillað tofú
Tofú
Tamari sojasósa
Hvítlaukskrydd
Síróp

Aðferð
Betra er að nota kolagrill en gasgrill fyrir þessa uppskrift.
Skerðu tofúið í 5 cm þykka bita
Helltu sojasósunni vel yfir bitanna.
Kryddaðu með hvítlaukskryddi
Láttu ögn af sírópi með.
Notaðu bursta til að dreifa blöndunni vel yfir tofúið.

Settu tofúbitana á álpappír á grillið, en ef þú vilt fá grillrendur í það skaltu smyrja grillið vel áður en þú setur tofúið beint á grindina. Grillaðu tofúið vel báðu megin.
Berðu fram tofúið með góðu salati. Afganga er hægt að nota í samlokur næsta dag.

# Kartöflusneiðar með steikinni

## Það er hægt að flýta fyrir sér með því að nota forsoðnar kartöflur með grillmatnum.

Forsoðnar og kryddaðar kartöflusneiðar eru seldar í álbakka sem er hægt að skella beint á grillið og snúa kartöflunum einu sinni. Það má líka hafa grillið lokað á meðan kartöflurnar grillast og sleppa að snúa þeim. Kartöflusneiðarnar henta vel með grillmat og hægt er að bera þær fram sem hollt meðlæti með hamborgurum í staðinn fyrir franskar. Kaldar ídýfur úr sýrðum rjóma, jógúrt, skyri eða AB-mjólk henta mjög vel með kartöflusneiðunum og þá er hægt að bragðbæta þær með söxuðum kryddjurtum, paprikudufti, chilipipar og ýmsum kryddjurtablöndum.


Kartöflubátar henta vel með flestum grillmat og má bera fram í staðinn fyrir franskar.

# Vertu grillkóngur sumarsins



**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **5.799 kr*** á mán. í 12 mánuði
**Verð nú 69.588,-**
**Upph. verð 98.999,-**

**FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING**
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri sama dag ef þú kemur fyrir kl. 15

## Focus

-Eitt vandaðasta grillið á markaðinum í dag!

- Stærð á grilli: 163x1115x65 burstað stál
- Grillflötur: Neðri grind 80x49, efri grind 77x15,5
- Grill grind: Úr massífu pottajárni tvískipt, 50x40 sem er heil plata til steikingar og 50x40 grillgrind með neðriplötu sem hindrar að fita og olíur komist að brennurum.
- Kveikja: Elektrónísk
- Brennari: 4 brennarar úr pottajárni með sérstillingu hver
- Hliðarhella: Úr pottajárni. Lok til að setja yfir þegar hellan er ekki í notkun
- Skápur
- Hliðarborð: Úr járni
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu
- Hitamælir

**KAUPAUKI**
Yfirbreiðsla fylgir hverju keyptu Focus grilli

GRILLPRO
ADVANCING THE ART OF GRILLING

**Mikið úrval af grill aukahlutum**



TILBOÐ **3.999 kr**
Verð áður 5.999.-

**Ferðagasgrill** virkar bæði með bútan og própangasi, hitasteinar og þrýstijafnari fylgja með



TILBOÐ **1.899 kr**
Verð áður 2.499.-

**Tölvukjötsteikarmælir** fyrir rétta steikingu



50% afsláttur

TILBOÐ **1.999 kr**
Verð áður 3.999.-

Vandað **grillaukahlutasett** í áltösku

Gildir til 13. júní eða á meðan birgðir endast.
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Ferskir tónar




## Kryddlegnar kótilettur

12 þverskornar lambakótilettur, gróft salt

### Sætkartöflumauk

4 meðalstórar sætar kartöflur
4 msk ólífuolía
safi úr 1/2 sítrónu
salt og pipar eftir smekk

Bakið kartöflurnar í u.þ.b. 45 mínútur eða þar til þær verða mjúkar viðkomu, skerið þær í tvennt og skafið kartöflukjötið innan úr þeim með skeið og setjið í skál. Stappið ólífuolíunni og sítrónusafanum vel saman við. Kryddið með salti og pipar.

### Kryddlögur

3 stk límónur (lime) afhýddar og skornar gróft
2 stk rautt chilli (fræhreinsuð)
1 búnt kóríander
6 stk vorlaukar, smátt skornir
1 bolli ólífuolía

Setjið límónurnar í matvinnsluvél ásamt chilli og kóríander og maukið lítillega. Setjið ólífuolíuna saman við og maukið lítillega áfram. Setjið í skál og blandið vorlauknum saman við. Veltið lambakótilettunum vel upp úr kryddleginum og látið standa í u.þ.b. 2 tíma. Grillið við háan hita og kryddið með grófu salti. Berið fram með sætu kartöflumauki.

Fiton/SÍA

lambakjöt – léttur réttur
Uppáhald íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is




Fréttablaðið/GVA



Björgvin er listakokkur og hann grillar nánast í hvernig veðri sem er.

# Stórhættulegt því þetta er svo gott

***Það þarf ekki að vera sól og tuttugu stiga hiti til að poppsöngvarinn Björgvin Halldórsson bjóði upp á grillmat. Hann grillar allan ársins hring, hvernig sem viðrar.***

„Ég grilla þegar sá gállinn er á mér og ég hef ekki alltof mikið að gera. Sama hvaða árstími er. Ég hef voða gaman af því að búa til góðan mat og meðal annars að grilla,“ segir Björgvin. Hann kveðst ekki standa úti við eldstóna í aftakaveðri en finnst í góðu lagi að grilla þótt einhver snjór sé, enda standi hann í skjóli og lok sé á grillinu. En hvað skyldi hann helst vera með á hlóðunum. „Það er misjafnt. Mér finnst mjög gott að grilla grænmeti og fisk og svo auðvitað góðar steikur. Aðalmálið er að hráefnið sé ferskt.“ Nú viljum við vita hvernig hann fer með fiskinn. „Ég er stundum með hann í álpappír en það fer eftir því hvaða fisk ég er með. Bleikju- og laxasteikur set ég bara beint á ristina. Hef grillið hreint og fínt og stend svo yfir þessu, passa að fiskurinn brenni ekki of mikið en sé samt svona nálægt því.“ Þá snúum við okkur að grænmetinu. Hvað er hann með þar? „Ég nota papriku, gulrætur, vorlauk og líka ávexti eins og ananas, epli og perur. Svo getur maður sett nokkrar tegundir af ávöxtum saman í álbakka, hitað þá og borið fram heitt ávaxtasalat. Það er hægt að gera allan fj... til dæmis stinga pinna í gegnum epli, láta það rúlla yfir grillið og setja svo hunang yfir. Þetta er auðvitað stórhættulegt því þetta er svo gott!“ Auðvitað þarf maður eins og Björgvin að eiga almennilegt grill. Það er með þremur brennurum og svo getur hann slökkt öðrum megin, sem hann segir mikið atriði. „Til dæmis þegar maður grillar kjúkling,“ bendir hann á. „Þá er gott að grilla hann vel og fá á hann góðan lit. Setja hann svo öðrum megin á grillið, slökkva undir og láta hann dúlla þar þannig að kjötið verði laust frá beininu. Þannig fer ég líka með venjulegt kjöt. Það er gott að hafa góðan hita á því og snögggrilla það en setja það svo til hliðar til að safinn þorni ekki upp. Annars eru allir sérfræðingar í grilli, allir hafa sinn hátt á og allir eru bestir. Þetta er orðin þjóðaríþrótt. Mestu skiptir auðvitað að njóta góðs matar og góðs félagsskapar. Í minni stétt erum við dálítið á því að matur sé manns megin. Það eru margir góðir kokkar og matreiðsluáhugamenn í tónlistinni og líka meðal leikara. Eflaust er það þannig í öllum stéttum en ég veit bara að kunningjar mínir eru mikið fyrir góðan mat.“

*gun@frettabladid.is*

# Pitsa á grillið

***Grilluð pitsa með pestó, tómötum og fetaosti.***

Pitsuaðdáendur þurfa ekki að örvænta þó að grilltíminn fari nú í hönd því að pitsu er vel hægt að gera á grilli og hún verður ennþá betri ef eitthvað er. Þessi uppskrift er líka afar holl og inniheldur fáar hitaeiningar. Það er svo auðvitað lítið mál að bæta ýmsu aðeins feitara góðgæti ofan á pitsuna eftir smekk og þörfum hvers og eins.

**1/2 kíló tilbúið pitsudeig**
**1/2 bolli pestó**
**4 þroskaðir tómatar í þunnum sneiðum**
**1/2 bolli kurlaður fetaostur**
**1/4 teskeið paprikuduft**
**Nýmalaður svartur pipar**
**1/4 bolli fersk basillauf, rifin í smátt**

1. Hitið grillið á miðlungshita.
2. Setjið deigið á slétt yfirborð og smá hveiti undir. Skiptið deiginu í fjóra hluta og fletjið hvern þeirra út svo hann sé u.þ.b. 24 sentimetrar í þvermál og hálfur sentimetri að þykkt.



Það má auðvitað setja hvaða álegg sem er á þessa pitsu og hún er alltaf góð á bragðið.

Setjið botnana á bökunarplötu eða álpappír og farið með allt út að grillinu.
3. Leggið botnana á grillið og lokið því svo. Eldið í þrjár mínútur þar til botnarnir hafa aðeins lyft sér og eru orðnir ljósbrúnir. Athugið að botnarnir hafa að öllum líkindum breytt um lögun.
4. Notið grilltangir til að snúa botnunum við og berið pestó strax á þá. Raðið tómötunum og því sem þið kjósið að nota ofan á og stráið fetaostinum og pipar yfir. Lokið grillinu og eldið í u.þ.b. þrjár mínútur í viðbót. Stráið basil yfir og berið fram strax.

## gráðaostur á grillið }



Gráðaostur með grillmat er hrikalega góður og þá sérstaklega fyrir þá sem dýrka gráðaost. Hér eru nokkrar góðar leiðir til að bæta gráðaosti í grillmatinn:

1. Skerðu stilkana af sveppum og fylltu hattinn með gráðaosti. Settu sveppina á grillið og láttu ostinn snúa upp.

2. Skerðu tómata í tvennt og smyrðu þá með pestó. Settu gráðaost ofan á og svo beint á grillið.

3. Taktu nautahakk og litla kúlu af gráðaosti. Hnoðaðu kúlu úr hakkinu með gráðaostakúlana í miðjunni. Flettu út kúluna svo úr verði hamborgari sem þú svo skellir á grillið.

4. Bættu gráðaosti út í kartöflusalatið.

5. Bræddu gráðaost út í rjóma og bættu smá rifsberjasultu saman við. Þá er komin fyrirtaks sósa sem hægt er að nota með grilluðu lambi.


Ferðalagið byrjar í Europris
Hvergi betra verð!
159-
GRILLBAKKI - ÁL
3 - pk.
149-
EINNOTAGRILL
189-
ÁLBAKKI
2 - pk.
2495-
KÚLUTJALD - ASPEN
2 manna
149-
GRILLKOL
2 kg.
695-
ÚTILEGUSTÓLL
m / burðarpoka
649- pr. stk.
TJALDSTÓLL
4950-
GARÐSTÓLL - BADEN BADEN
m / þykkri sessu
995-
FLÍSTEPPI
1295- pr. stk.
SÓLHLÍF
180 cm
Kaffibollar hvítir 50 í pk. 249-
Diskar hvítir 23 cm 50 í pk. 249-
Diskar - djúpir 50 í pk. 249-
Diskar hvítir 20 í pk. 290-
Plastglös 50 í pk. 249-
Pappamál hvít 50 í pk. 117-
Hnífar, einnota 50 í pk. 117-
Matskeiðar, einnota 50 í pk. 117-
Gafflar, einnota 50 í pk. 117-
Teskeiðar, einnota 100 í pk. 117-
1890-
ÚTILEGUDÝNA
sjálfuppblásanleg
Útilegudýna 190 x 60 cm 669-
Seta 40 x 30 cm 149-
4990-
TJALD - ASPEN
4 manna
Tjald - Aspen
3 manna
3750-
149- pr. pk.
PLASTGLÖS
20 í pk
2895-
BORÐGRILL
ryðfrítt stál
- Lynghálsi 4
- Skútuvogi 2
- Fiskislóð 3 (Granda)
- Selfoss, Austurveg 69
Europris
1390-
PICNIC KÖRFUR
2 í setti
299- pr. pk.
SERVÍETTUR
200 í pk
249- pr. pk.
EINNOTA BORÐBÚNAÐUR
servíettur / diskar
OPIÐ 11 - 20
ALLA DAGA
Birt með fyrirvara um texta - og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar.

E.FINNSSON







Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

VOGABÆR
www.vogabaer.is sími 424 6525

# Fiskurinn sífellt vinsælli á grillið

*Jón Vídalín er grillmeistari hjá Grillþjónustu Greifans á Akureyri. Hann segir Íslendinga fremur vanafasta við grillið en segir fiskinn koma sterkan inn.*

Jón segir að alltaf sé nóg að gera hjá Grillþjónustu Greifans. „Það er stöðug aukning ár frá ári og ég býst við að það verði mikið að gera í sumar. Annars grillum við allan ársins hring og höfum staðið við grillið úti í skafrenningi og uppi á jökli. Það er alltaf hægt að grilla þótt sumarið sé vissulega hentugasti tíminn.“

Grillþjónusta Greifans tekur að sér stórar og litlar veislur og grillar næstum hvað sem er. Aðspurður segir Jón að einn matseðill sé þó langvinsælastur. „Þetta er fjölbreyttur pakki sem 90 prósent okkar viðskiptavina velja. Þarna er boðið upp á lambaframfille, svínakamb að ítölskum hætti, grillaða kjúklingabita og hvítlauksmaríneraða lúðu. Með þessu berum við fram ferskt sumarsalat með sólþurrkuðum tómötum og fetaosti, bakaðar kartöflur, ítalskt kartöflusalat og alls konar sósur og dressingar.“

Jón segir að lúðan sé vinsæl og fólk biðji í auknum mæli um fisk á grillið enda sé grillaður fiskur algjört sælgæti. „Kótilettur og lærisneiðar hafa vikið fyrir nýju hráefni og fiskurinn er orðinn mjög vinsæll. Við erum líka hættir að bjóða upp á þessi blautu majónessalöt og höfum þess í stað ferskt og gott salat með matnum. Hér áður fyrr voru blaut salöt og kartöflusalöt vinsæl með grillmat en þetta hefur breyst núna. Við erum líka að kenna fólki að borða kalda sósu með grillmatnum.“

Jón segir að margir séu fastir í hefðunum en þó sé vinsælt að prófa eitthvað nýtt á grillið. „Ég vinn í kjötborði á daginn og reyni þar að gefa fólki góð ráð ef ég get. Það er til dæmis mikill misskilningur í gangi varðandi álpappír og sumir vilja vefja öllu inn í álpappír áður en þeir skella því á grillið. Þetta er sérstaklega áberandi í sambandi við fisk en með þessu sýður maður bara fiskinn en grillar hann ekki.


Grillþjónusta Greifans annast stórar og smáar grillveislur og hefur aflað sér mikilla vinsælda.

### Steinbítur með hvítlaukssósu og sætri kartöflu að hætti Jóns Vídalín

Steinbítsflak (vel feitan)
Hvítlaukspipar
Aromat
Hvítlaukssalt
Ólífuolía

Roðrífið flakið og skerið í bita. Blandið pipar, aromati og hvítlaukssalti saman við olíuna og hellið yfir fiskinn. Látið standa í þrjá til fjóra tíma og hrærið annað slagið í.
Berið dálitla olíu á grillið og hitið vel. Grillið fiskinn við háan hita í tvær, þrjár mínútur, lækkið síðan hitann og grillið í tvær til þrjár mínútur til viðbótar.

**Sæt kartafla**
Sæt kartafla skorin í hæfilegar sneiðar og aromati og örlitlum hvítlaukspipar stráð yfir. Grillað við góðan hita þar til kartaflan er orðin mjúk í gegn.

**Hvítlaukssósa**
2 msk majónes
1 msk sýrður rjómi
1 stk. hvítlauksgeiri (smátt skorinn)
Örlítið sætt sinnep
Hvítlaukssalt
Steinselja (smátt söxuð)

Hrærið allt hráefnið saman og látið standa í kæli yfir nótt.

Þegar Jón er ekki að grilla í vinnunni segist hann vera duglegur að grilla heima hjá sér enda er grillmennska skemmtileg matargerð. „Þetta er svo þægilegt, lítið uppvask og svona, maður sleppur við að óhreinka marga potta. Ég leik mér líka með grillið og prófa mig áfram. Lúðan sem við bjóðum núna upp á í Grillþjónustunni hefur til dæmis verið í þróun síðan síðasta vor og er núna orðin eins og við viljum hafa hana,“ segir Jón sem er hrifnastur af fiski á grillið og mælir þar sérstaklega með lúðu eða steinbít enda best að grilla fisk sem er vel feitur.

## Sitjandi bjórkjúklingur

*Þessi skemmtilega aðferð við grillið lífir góðu lífi.*

Karlmönnum dettur ýmislegt í hug við grillið enda ekki alltaf bláedrú við grillmennskuna. Sitjandi bjórkjúklingurinn er úr smiðju grillmeistara af karlkyni og þrátt fyrir að hugmyndin virðist fráleit er kjúklingurinn aldrei betri en grillaður á þennan hátt.


Kjúklingurinn situr á bjórdósinni meðan hann grillast og meyrnar.

Aðferðin er sum sé sú að grillmeistarinn tekur bjórdós og drekkur úr henni helminginn. Þá er bjórdósinni stungið upp í óæðri enda kjúklingsins og hann settur á þann hluta grillsins sem ekki er kyntur. Hinum megin er hins vegar kynt í botn. Bjórinn leysist upp inni í kjúklingunum og gerir hann ótrúlega meyran og bragðgóðan. Þegar kjúklingurinn er fulleldaður er hægt að skella honum á heita hlutann smá stund, svona rétt til að fá skorpu. Verði ykkur að góðu.

## grillmolar

Grill var upprunalega notað í Karíbahafinu þar sem Indjánar notuðu trékurl á litlum eldi til að elda kjötræmur.

Bandaríkjamenn elska grill sérstaklega mikið. Grill er til á þremur af fjórum amerískum heimilum og eru þau notuð að meðaltali fimm sinnum í mánuði.

Alþjóðlegt orð grills er „barbecue“ en enginn veit uppruna orðsins. Spánverjar kalla það barbacoa, Frakkarnir tala um barbe a queue og Rúmenar hafa búið til orðið barbec.

Stærsta grillpartí var haldið í New Orleans árið 1997 þegar um það bil átján þúsund manns komu saman í tilefni fimmtugsafmælis. Ekki voru allir sem komu í afmælið boðnir og sumir vissu ekki einu sinni hvert afmælisbarnið var.

!
Talstöðin
FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Ef þú ætlar að slá í gegn við grillið í sumar, þá mæli ég með HOT SPOT sósunum.



**Mango Jalepeno glaze**
Passar vel með öllum fiski, svínakjöti og kjúklingi. Hún hefur sætleikann úr mangóinu og kraftinn úr jalapeno. Marinerið í smástund eða penslið yfir.

**Mesquite smoked Chili**
Blanda af reyktum chili pipar og kryddjurtum. Góð marinering á lambalæri eða fillet einnig frábær á rif og nautakjöt.

**Motel 66 Texas honey BBQ**
Ekta BBQ sósa. Hentar vel með klassískum grillréttum t.d. nautasteik, rifjum og kjúklingabringum. Marinerið eða penslið yfir -sósa sem virkar.

**Beast**
Frábær grillsósa á allan mat. Hentar vel á lambakjöt og grænmeti. Hlaðin krafti með chili og soya. Marinerið í smástund eða penslið yfir.

**Mango Curry Marinade**
Meiriháttar sósa á allt ljóst kjöt og fisk. Penslið yfir eða látið liggja í marineringu í smá tíma. Einnig fantagóð dressing á salatið, kjötið eða fiskinn og þá blönduð með sýrðum rjóma.

**Tokyo Teriyaki**
Ómissandi sósa fyrir þá sem kunna að meta Teriyaki. Sósa sem byggist á soya, með sætum keim og hefur örlítið sesam bragð. Penslið á það sem á að grilla.




Mango Jalepeno glaze | Mesquite smoked Chili | Motel 66 Texas honey BBQ | Beast | Mango Curry Marinade | Tokyo Teriyaki




# Verðsprengja

10 stk. stjúpur, hreinir litir
**Verð: 399**

# Stórlækkað verð
## á sumarblómum





**Hengilobelia** 399





**Margaríta**
4 stk.
**999**





**Nellíka** 299





**Petúnía** 3 stk. 299





**Flauelsblóm** 10 stk. 499

blómaval
*heillandi heimur*

Reykjavík - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Kringlan - Smáralind



# Gríptu ekki í tóman kút

## Aldrei aftur gaslaus í miðju grilli!

Propane Genius* er handhægt tæki sem mælir hve mikið gas er eftir í gaskútnum þínum þannig að tími hálfbakaðra kartafla er liðinn. Þú kveikir á grillinu og innan tíu mínútna sérðu hve mikið gas er eftir – þannig grípur þú aldrei í tómt á ögurstundu.

Þú færð Propane Genius í öllum verslunum Shell á höfuðborgarsvæðinu en þar færðu líka allt á grillið og í góða grillveislu, snakk, gos, sólgleraugu og sólarvörn.



**Verð 1.899 kr.**
**(rafhlöður fylgja)**

*Fæst líka í verslunum 10-11

**Shell - með þér alla leið**

HER & NÚ / SÍA

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Glerjun og gluggaviðgerðir !**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

## Stífluþjónusta

**Stífluþjónustan ehf**
Losum allar stíflur, hreinsum lagnir. Röramyndavél. Meindýraeyðing. 20. ára reynsla S. 554 2255 - 896 5800.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 ( Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skriftstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Dulspeki-heilun

Spái í bolla. S. 464 1004 og 866 6597, Ásdís. Geymið auglýsinguna.

## Nudd

Algjört dekur. Slökunarnudd (ekkert erótískt). Upplýsingar í s. 846 1998 (Jóa).

## Spádómar




**Alspá 908-6440**
Finn týnda muni. Andleg hjálp, Ráðgjöf, nýjar leiðir, NLP. Y. Carlsson.

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáin-draumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

## Rafvirkjun




Rafengi Hf. Raflagnaþjónusta. Endurnýjun og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. S. 663 7789.

## Trésmíði

Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu á heimilum, s.s. þakmálun, Þaklagfæringar, flísalagnir, uppsetningu á gipsveggjum, spörslun og málun o.fl. Uppl. í s. 699 6785.

## Viðgerðir







Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554-0661. www.velaverkjs.is

Loftnetsuppsetningar og -viðgerðir. Einnig innanhúsviðgerðir. Vönduð vinna. Loftnetsþjónustan Signal. S. 898 6709.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 heilsuval@topdiet.is

13 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Líkamsrækt

**Yoga unnendur**
Astanga Yoga ( kraftyoga) í Yogastöðinni Heilsubót Síðumúla 15. Guðmundur kennir. Astanga er kröftugt yoga. Uppl. í s. 694 6103.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting



Augnhárlitur og augabrúnalitur sem fagaðilar nota. Auðveldur í notkun. Allt sem þarf í einum kassa - þægilegra getur það ekki verið. Söl: Apótek og snyrtivöruverslanir.




# HEIMILIÐ

## Húsgögn




**Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?**
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.



Til sölu antik sófi og stóll úr mahogny við frá árinu 1890. Metið á 250 þús. Verðtilboð óskast. Sími 426 9995 eftir kl. 18.

## Dýrahald



CROFT léttbúr fyrir hunda. Pantanir óskast sóttar. Dýrabær Hlíðasmára 9 Kóp. Op má-fös 13-18. Lau 11-15. Sími 553-3062.




**Brynningardæla til notkunnar**
í beitarhólfum og beitarsvæðum, hentar hvorutveggja hestum og kúm. Gripirnir dæla sjálfir vatninu upp í dallinn, allt að 7 metrum upp frá vatnsyfirborði. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.

**NUTRO - 30 % afsláttur!**
Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar í síma 868 6058 og 551 9637.

1Ω árs gömul læða, fæst gefins á gott heimili, hvít á lit og bröndótt. Uppl. í s. 864 8003.

Hreinræktaðir íslenskir hvolpar til sölu. Mjög fallegir og skemmtilegir. Uppl. Theódóra s. 869 8425.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




Langar stuttar hestaferðir við allra hæfi. Kl akstur frá Rvk.www.steinsholt.is sími 4866069

## Gisting

Gisting og bílar. Hótelíbúðir frá kr. 5500, bílaleigubílar 2500. Hótel Atlantis Grensásvegi 14. S. 588 0000.

**Íslendinga afsláttur!**
Mér varð það þó fljótlega ljóst þegar ég hafði rölt Laugaveginn þveran og endilangan að af þessum dagdraumi yrði ekki. Einhver sagðist hafa séð hann en var samt ekki viss um að þetta væri hann. „Er hann ekki fótboltagæinn,“ sagði einn í búð sem ég fór inn í.

Mér varð ljóst að eltingaleikur minn við einhverja kjaftasögu var ekki að skila árangri. Var samt ekki alveg tilbúinn til þess að gefast upp. Réttast væri að dvelja fyrir framan hótelið þar sem hann var sagður búa. Ráðast á hann þegar hann kæmi fram og stinga síðan myndavélinni upp fésið á honum og öskra „Náði þér!“. Sú athöfn myndi þó væntanlega útiloka kaffibollann.

Þegar ég hafði velt þessum möguleikum fyrir mér ákvað ég að fara bara aftur í vinnuna. Kannski yrði einhver annar heppinn og næði að klófesta hann. Eða gæti boðið honum upp á pylsu, Clinton pylsu og kók.

Ég var ekki sá eini sem féll í þessa gryfju. Allan daginn hringdi fólk í mig og sagðist hafa talað við vin sem hafði talað við fjarskyldan frænda sem hafði séð Beckham á hinum og þessum stöðum. Fleira frægt fólk var farið að bætast í hópinn og þegar líða tók á kvöldið var heil stjörnuhersing mætt á ónefndan bar þar sem þær blönduðu geði við almúgann. Mér var slétt sama hvort Beckham væri hér eða þar. Á morgun væri einhver annar og mun frægari kominn til landsins sem vert væri að elta.

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott






**TERI HATCHER** Hún fékk flest verðlaun á hátíðinni Glæsimenn og -kvendi ársins.

# Teri slær í gegn

Teri Hatcher, sem fer með eitt af aðalhlutverkunum í sjónvarpsþáttunum um Aðþrengdar eiginkonur, hirti tvenn verðlaun á hátíðinni Glæsimenn og -kvendi ársins, sem tímaritið Glamour stendur fyrir. Teri fékk tvö gong, sem er verðlaunagripur hátíðarinnar, fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum vinsælu auk þess sem hún fékk sérstök heiðursverðlaun ritstjóra tímaritsins.

„Ritstjóraverðlaunin fær sú kona sem þykir hafa skarað fram úr á árinu," sagði Jo Elvin, ritstjóri blaðsins, þegar verðlaunin voru veitt. „Verðlaunahafinn í ár er stjarnan í sjónvarpsþáttum sem þykja kynþokkafullir, fyndnir, ávanabindandi og hafa á skömmum tíma orðið vinsælir um allan heim. Teri er ástæða þess að við festumst yfir þáttunum."

Maður ársins að mati Glamour-tímaritsins var tónlistarmaðurinn Usher. ■





KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!

Hér &nú



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Færni til framtíðar

www.fb.is

| | |
|---|---|
| listnámsbrautir | íþróttabraut |
| UT-braut | húsasmíðabraut |
| viðskiptabraut | starfsbraut |
| rafvirkjabraut | snyrtibraut |
| bóknámsbrautir | sjúkraliðabraut |

Mánudaginn 13. júní og þriðjudaginn 14. júní verða námsráðgjafar til viðtals í FB frá kl. 12:00–19:00 til að aðstoða umsækjendur. Tölvur verða í skólanum til að umsækjendur geti fyllt út umsóknina rafrænt á staðnum.



Þitt er valið

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti • Austurbergi 5 • Sími 570 5600 • fb@fb.is

**!** **Kl. 12.00**

*Í hádeginu heldur strengjakvartettinn Loki tónleika í Þjóðminjasafni Íslands. Tónleikarnir standa í um hálfa klukkustund og geta gestir keypt sér veitingar í veitingastofu safnsins meðan á tónleikunum stendur.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Listahátíð lifir í sumar

Þótt Listahátíð í Reykjavík hafi formlega lokið síðastliðinn sunnudag munu nær allar myndlistarsýningarnar sem tilheyrðu Tími rými tilvera halda áfram fram eftir sumri.
Dieter Roth-sýningin Lest í Listasafni Reykjavíkur, Listasafni Íslands og Gallerí 100° stendur til 21. ágúst.
Það sama gildir um sýningar Haraldar Jónssonar, Urs Fisher og tvíeykisins Peter Fischli og David Weiss í Listasafni Reykjavíkur.
Sýningarnar á verkum Gabriel Kuri, Jennifer Allora & Guillermo Cazadilla, Brian Jungen, Heklu Daggar Jónsdóttur, Kristjáns Guðmundssonar, John Latham og Jeremy Deller í Gerðarsafni í Kópavogi og Wilhelm Sasnal, Bojan Sarcevic, On Kawara og Elke Krystufek í Hafnarborg Hafnarfirði verða einnig til 21. ágúst.
Blind Pavilion Ólafs Elíassonar í Viðey má virða fyrir sér til 21. ágúst en reglulegar ferðir eru út í eyna alla daga.



Þá hefur það nú verið staðfest að sýningin á verkum Thomas Hirschhorn í Nýlistasafninu hefur verið framlengd um rúman mánuð og mun hún því standa til 24. júlí nk.
Fleiri sýningar Listahátíðar verða enn fremur opnar mislangt fram eftir sumri.

## EKKI MISSA AF…

… ráðstefnu um náttúrusiðfræði sem haldin verður á Selfossi núna um helgina undir yfirskriftinni „Náttúran í ríki markmiðanna“. Meðal fyrirlesara eru heimspekingarnir **Páll Skúlason, Mikael Karlsson** og **Holmes Rolston**.

… danssýningu á Hlemmi á morgun þar sem sýnt verður nýtt verk eftir **Karen Maríu Jónsdóttur** á vegum danshöfundasmiðju Íslenska dansflokksins.

… sænska sirkusnum **Cirkus Cirkör** sem sýnir 99% UNKNOWN á stóra sviði Borgarleikhússins alla næstu viku, og byrjar á þriðjudagskvöldið.






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GLÍMA VIÐ HLJÓÐ** Hluti hópsins sem stendur að sýningunni Tour de Force í Klink og Bank.

# Fylla húsið með hljóðum

**Húsnæði Klink og Bank mun fyllast af hljóði í kvöld þegar sýningin Tour de Force verður opnuð með látum. Tíu listamenn taka þátt í sýningunni og vinna þeir allir á einhvern hátt með hljóð.**

„Myndlist og hljóð hafa verið fléttuð saman með ýmsum hætti mjög lengi,“ segir Hekla Dögg Jónsdóttir, sem er sýningarstjóri ásamt Sólveigu Öldu Halldórsdóttur.

Listamennirnir sem eiga verk á sýningunni eru þau Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Ragnar Kjartansson, Birgir Örn Thoroddsen, Kolbeinn Hugi Höskuldsson, Kristín Björk Kristjánsdóttir og Haraldur Karlsson frá Íslandi, Christof Migone, Marla Hlady og Tasman Richardson frá Kanada og Jan Høvo frá Noregi. Allir eiga þeir það sameiginlegt að vinna með hljóð í verkum sínum, þótt þeir geri það með afar ólíkum hætti.

„Það verða gjörningar á opnuninni og þeir byrja á stundinni klukkan átta,“ segir Hekla Dögg og hvetur fólk til að mæta tímanlega. Kvöldið hefst á því að sýndur verður gjörningur eftir Christof Migone en síðan tekur Kira Kira lagið og Best Rider gerir það líka.

„Hugmyndin er fengin frá kanadíska píanóleikaranum Glenn Gould,“ segir Rhonda Corvese, sýningarstjóri frá Kanada.

Gould gerði á sínum tíma útvarpsþátt þar sem hann lét sex raddir hljóma samtímis og nefndi þáttinn The Idea of North. Segja má að á sýningunni í Klink og Bank sé verið að gera svipaða hluti því hljóðin frá hverju listaverki hljóma í salnum hvert ofan í annað.

Sýningin í Klink og Bank er einmitt hluti af stærra verkefni sem hefur verið í undirbúningi í tvö og hálft ár og nefnist The Idea of North. Þetta er samstarfsverkefni milli fimm sýningarstjóra: þeirra Rhondu Corvese frá Kanada, Heklu Daggar og Sólveigu Öldu frá Íslandi og svo Søssa Jørgensen og Yngvild Faerøy frá Noregi.

Verkefnið samanstendur af þremur sjálfstæðum sýningum á hverjum stað fyrir sig þar sem listamennirnir sýna ásamt gestalistamönnum. Fyrsti hluti verkefnisins var opnaður 28. maí síðastliðinn í bænum Moss í Noregi og annar hluti nú í Klink og Bank. Þriðji og síðasti hlutinn verður svo í þremur galleríum í Halifax í Kanada, janúar 2006.

Í tilefni af sýningunni heldur TÍMI, miðstöð fyrir tímalistir, stutta tímakvölda-seríu í Klink og Bank næstu þrjá sunnudaga. Þau hefjast öll klukkan 21 og aðgangur að þeim er ókeypis. ■





BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN
KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Í samstarfi við Á þakinu
Su 12/6 kl 14 UPPS, Su 12/6 kl 17 UPPS, Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14 - UPPS., Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14, Su 24/7 kl 14

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna - gildir ekki á barnasýningar

Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga

STÓRA SVIÐ
99% UNKNOWN - Sirkussýning
CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ
Þri 14/6 kl 20,
Mi 15/6 kl 20,
Fi 16/6 kl 20,
Fö 17/6 kl 20 Aðeins þessar sýningar

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Í kvöld kl 20 - UPPS., Lau 11/6 kl 20,
Þri 14/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20,
Lau 18/6 kl 20, Su 19/6 kl 20
Síðustu sýningar

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA OG RAMBÓ 7
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í KVÖLD!

■ Stóra sviðið kl. 20.00
ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur
Í kvöld fös. 10/6 örfá sæti laus. Allra síðasta sýning.
DÍNAMÍT - Birgir Sigurðsson
10. sýn. lau. 11/6 örfá sæti laus. Allra síðasta sýning.
■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00
RAMBÓ 7 - Jón Atli Jónasson
Í kvöld fös. 10/6 örfá sæti laus. Síðasta sýning í vor.

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opið kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

7 8 9 **10** 11 12 13

**Föstudagur**

### ■ ■ TÓNLEIKAR

☐ 12.00 Strengjakvartettinn **Loki** heldur hádegistónleika í Þjóðminjasafni Íslands.

☐ 17.00 Hljómsveitin **Skátar** í Smekkleysu Plötubúð/Gallerí Humar eða frægð ásamt bandaríska tvíeykinu **The Foghorns**.

☐ 21.30 Norræna klezmer-hljómsveitin **Schpilkas** heldur tónleika í Iðnó í tilefni af útkomu annarar hljómplötu sveitarinnar, "So long Sonja".

# Klezmer-stuð í Iðnó

Klezmer-hljómsveitin Schpilkas er að senda frá sér aðra hljómplötu sína þessa dagana. Útgáfutónleikar verða haldnir í Iðnó í kvöld, en einnig verður hægt að heyra í hljómsveitinni á veitingastaðnum Jómfrúnni á morgun og loks verður hún með tónleika á Björtum dögum í Hafnarfirði á sunnudagskvöldið.

„Það er oft stutt á milli hláturs og gráturs í þessum lögum,“ segir Haukur Gröndal klarinettuleikari um klezmer-tónlistina, sem ættuð er frá gyðingum í austanverðri Evrópu. „Það er mikill kraftur í þessari tónlist og gleði sem hefur samt alvarlegan undirtón eins og lífið sjálft.“

Hljómsveitina skipa þeir Haukur Gröndal á klarinettu, Thomas Caudery á trompet, Nicholas Kingo á hamrónikku, Rasmus Möldrup á bassa og Erik Qvick á trommur, en auk þess léku fjórir blásarar með þeim inn á nýja diskinn, sem heitir „So long Sonja“.

Söngkonan Ragnheiður Gröndal, sem er systir Hauks, syngur nokkur lög á nýja disknum og kemur einnig fram á útgáfutónleikunum í kvöld. Hún syngur einnig með þeim á sunnudaginn í Hafnarfirði, og lætur sig ekki muna um að flytja lögin á jiddísku, tungumáli evrópskra gyðinga sem nánast hvarf í seinni heimsstyrjöldinni.

„Hún lærði þetta eftir gömlum upptökum þar sem textarnir voru bæði lesnir upp og sungnir. Við höfðum ýmsar útgáfur af lögunum sem hún gat stúderað.“

Haukur býr úti í Danmörku og segist kunna vel við sig þar, enda hefur hann í nógu að snúast í tónlistinni.

Klezmer- og balkantónlistin tekur sinn tíma, en Haukur notar líka hvert tækifæri sem gefst til þess að spila djass og svo er hann að vinna að sólóplötu sem hann vonast til þess að geta tekið upp áður en langt um líður.

„Það er tónlist eftir mig fyrir strengjakvartett og djasstríó, innspíreruð af íslenskum þjóðlagastefjum í frjálsdjassumhverfi. Frekar framúrstefnulegt.“

Næstu vikurnar verða hins vegar helgaðar klezmer-tónlistinni, enda eru þeir félagar í Schpilkas að fylgja eftir nýja disknum með fjölmörgum tónleikum bæði hér á landi og í Danmörku. ■



**SCHPILKAS** Hljómsveitin lofar dúndrandi stuði á útgáfutónleikum sínum í Iðnó í kvöld. Með þeim syngur Ragnheiður Gröndal og vílar ekki fyrir sér að syngja á jiddísku.

☐ 22.00 Tvíeykið **Hot Damn!** verður með tónleika á Dillon.

☐ 22.30 Hljómsveitirnar **Urkraft, Momentum, The Nine Elevens** og **Hr. Möller Hr. Möller** spila á harðkjarnahátíðinni MOTU á Grand Rokk.

☐ **Lights on the Highway, Lada Sport** og **Ensími** koma fram á Jack Live kvöldi á Gauknum.

### OPNANIR

☐ 17.00 **Ólafur Ragnar Grímsson**, forseti Íslands, opnar sýninguna **Norrænt bókband 2005** í bókasal Þjóðmenningarhússins.

### SKEMMTANIR

☐ 23.00 Hinn einni sanni **Geirmundur Valtýsson** skemmtir á Kringlukránni.

☐ **Spilafíklarnir** leika í kjallaranum á Celtic Cross en á efri hæðinni leikur hljómsveitin **2 á milli strengja**.

☐ Hljómsveitin **SÍN** og **Ester Ágústa** leika á Ránni í Keflavík.

☐ **Garðar Garðars** spilar á Café Catalina í Kópavogi.

☐ Dj **Jón Gestur**, einnig nefndur **Nonni 900**, spilar bestu danstóna bæjarins á Café Victor.

☐ **Geiri Sæm** og **Tryggvi Hubner** skemmta á Ara í Ögri.

☐ Þeir **Svensen og Hallfunkel** leika fyrir dansi á Gullöldinni í Grafarvogi í tilefni af tíu ára afmæli staðarins.

☐ **Atli skemmtanalögga** og **Áki pain** á Pravda.

☐ **Kiddi, Grétar** og **Sigga Beinteins** halda uppi dúndrandi stuði í Vélsmiðjunni á Akureyri.

### SÝNINGAR

☐ Sérstök afmælissýning á verkum listamannsins **Sölva Helgasonar**, öðru nafni **Sólon Íslandus**, verður í allt sumar að Lónkoti í Skagafirði.

### SÖNGLEIKIR

☐ 22.00 Dúettinn **Ari og Gunni** leika af fingrum fram á kaffi Hressó.

☐ **Danshljómsveit Friðjóns Jóhannssonar** leikur fyrir dansi í Klúbbnum við Gullinbrú.

### BJARTIR DAGAR

☐ 19.30 **Hipp-hopp** kvöld í Gamla bókasafninu við Mjósund. **Einfarinn, Ramses, Hin heilaga þrenning** og **NBC** rappa og **Hermigervill** spilar.

☐ 20.00 Söngvakeppni hinna mörgu tungumála verður haldin í húsnæði Hafnarfjarðarleikhússins í umsjá Alþjóðahússins.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


KRINGLUKRÁIN



- Sérréttamatseðill
- Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
- Hópamatseðill

Borðapantanir í síma 568 0878

Geirmundur Valtýsson með dansleik í kvöld

www.kringlukrain.is

NASA

LAUGARD. 11. 06. '05

TRABANT

STÓRTÓNLEIKAR

SÆNSKA HLJÓMSVEITIN LANGHORNS HITAR UPP

500 KALL INN

HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00

NÁNARI UPPLÝSINGAR NASA.IS

ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

HELGIN Í KLÚBBNUM VIÐ GULLINBRÚ

Föstudagskvöld í Klúbbnum

Danshljómsveit Friðjóns Jóhannssonar

með dansleik, allir á gólfið nú verður dansað.

Laugardagskvöld í Klúbbnum

Hljómsveitin SIXTIES

með hörku dansleik.



KLÚBBURINN

STÓRHÖFÐA 17 VIÐ GULLINBRÚ

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á www.klubburinn.is og í síma 567-3100

GENERAL ELECTRIC

Öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir kæliskápar



Electric flytur til Eirvíkur

Af því tilefni kynnum við tvær nýjar gerðir af hinum vinsælu amerísku kæli- og frystiskápum frá General Electric

ZCG23SGMSS Monogram
Verðlistaverð kr. 499.000
Staðgreitt: kr. 449.100

GCG21SISFSS
Verðlistaverð kr. 309.000
Staðgreitt: kr. 278.100



Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur GE kæliskápa í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

General Electric

HEKLA ELECTRIC RAFTÆKJAVERSLUN

EIRVÍK – hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

vilborga@centrum.is



> Foo Fighters

**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

**Foo Fighters:** In Your Honor – **José Gonzales:** Veneer – **Eels:** Souljacker – **Common:** Be – **The Shins:** Oh, Inverted World – **Nancy Sinatra:** Boots – **Black Eyed Peas:** Monkey Business – **James Bond:** A View to a Kill.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# *The Spell dáleiðir hlustendur*

Smáskífan The Spell með íslensku hljómsveitinni Leaves er komin út. Um er að ræða fyrstu smáskífu væntanlegrar plötu þeirra, Angela Test en sú kemur í búðir í ágúst. Smáskífan inniheldur auk titillagsins tvö áður óheyrð lög. Þetta eru lögin Do I Sink og endurgerð af Beach Boys laginu Till I Die. Einnig er að finna á disknum myndbandið við lagið The Spell.

Fyrsta plata sveitarinnar, Breathe, kom út fyrir þremur árum og fékk fínar viðtökur. Sveitin gerði þá útgáfusamning við Dreamworks í Bandaríkjunum en í fyrra gerði hún samning við Island/Universal um útgáfu á allt að fimm plötum í Evrópu. Nýja smáskífulagið, The Spell, hefur nú þegar fengið góða dóma á ýmsum tónlistarsíðum internetsins og er hljómsveitinni ýmist líkt við Coldplay, Radiohead, The Postal Service eða The Doves. Lagið er sagt frekar dáleiðandi og þunglyndislegt og upplagt til hlustunar þegar viðkomandi er eilítið daufur í dálkinn.



**LEAVES** Smáskífan The Spell er komin í verslanir. Þetta er fyrsta smáskífulagið af væntanlegri plötu sveitarinnar, Angela Test.

Leaves hituðu nýlega upp fyrir hljómsveitina Supergrass á tónleikaferð hennar um Bretlandseyjar dagana 7. til 31. maí. Í júlí leggja þeir svo af stað í sitt eigið tónleikaferðalag um Bretland í tilefni af útkomu nýju plötunnar og munu þeir meðal annars spila í London, Manchester og Liverpool.

**> Popptextinn ...**

*My makeup is dry and it clags on my chin.*

*I'm drowning my sorrows in whisky and gin.*

*The lion tamer's whip doesn't crack anymore.*

*The lions they won't fight and the tigers won't roar.*

Textar The Kinks eru langflestir stórskemmtilegir og vel gerðir. Hér syngja þeir um dauða trúðsins í laginu Death of a Clown.

## [ TOPP 20 ]

*X-DÓMÍNÓS LISTINN 8. JÚNÍ*
*TOPP 20 LISTI X-FM*

| | |
|---|---|
| 1 | **INCUBUS** Make a Move |
| 2 | **ENSÍMI** Slow Return |
| 3 | **GORILLAZ** Feel Good Inc. |
| 4 | **THE CORAL** In the Morning |
| 5 | **AUDIOSLAVE** Your Time Has Come |
| 6 | **LEAVES** The Spell |
| 7 | **COLDPLAY** Speed of Sound |
| 8 | **BECK** Girl |
| 9 | **QUEENS OF THE STONE AGE** In My Head |
| 10 | **EAGLES OF DEATH METAL** Stuck in the Middle with You |
| 11 | **U2** City of Blinding Lights |
| 12 | **MODEST MOUSE** The World at Large |
| 13 | **LADA SPORT** Summertime in Outer Space |
| 14 | **TRABANT** Nasty Boy |
| 15 | **WHITE STRIPES** Blue Orchid |
| 16 | **JAN MAYEN** Nick Cave |
| 17 | **THE FUTUREHEADS** Decent Days and Nights |
| 18 | **MARS VOLTA** L'via L'viaquez |
| 19 | **CYNIC GÚRU** Drugs |
| 20 | **THE MUSIC** sInto the Night |

* Listanum er raðað af umsjónarmönnum stöðvarinnar






# Skiptust allir á hljóðfærum

**Hljómsveitin Hudson Wayne gaf út sína fyrstu breiðskífu á dögunum og ber hún heitið The Battle of the Bandidos. *Borghildur Gunnarsdóttir* spjallaði við Birgi Viðarsson í tilefni útgáfunnar.**



**HUDSON WAYNE** Hljómsveitin hefur nú gefið út sína fyrstu breiðskífu og er frumburðurinn einstaklega vel heppnaður bæði að utan sem innan. Þeir tóku upp þann óvenjulega hátt, eftir upptökur á plötunni, að skiptast á hljóðfærum og telja að þær breytingar verði einungis þroskandi og góðar fyrir bandið.

„Við byrjuðum að spila saman sumarið 2002 og mánuði eftir það gáfum við út fyrstu EP-plötuna okkar sem hét Slightly Out Of Hank og svo um haustið gáfum við út aðra sem nefndist I'm a Fox. Síðan þá erum við búnir að vera að dúlla okkur við að semja tónlist fyrir plötuna okkar sem var að koma út núna," segir Birgir Viðarsson, hljómborðsleikari sveitarinnar, en strákarnir voru allir saman í grunnskóla.

### Róleg og falleg tónlist

Þónokkrar mannabreytingar urðu í Hudson Wayne eftir að nýja platan var kláruð. Meðal upprunalegra meðlima eru auk Birgis þeir Þráinn Óskarsson, söngvari og gítarleikari, og Helgi Alexander Sigurðarson, bassaleikari, í sveitinni. Hákon Aðalsteinsson yfirgaf Hudson Wayne og gekk til liðs við Singapore Sling en jafnframt hafa þau Ólöf Arnalds og Þormóður Dagsson bæst í hópinn.

„Í kjölfar mannaskiptanna gerðum við róttækar breytingar. Við ákváðum að allir myndu skipta um hljóðfæri og því spilar trommuleikarinn nú á bassa, bassaleikarinn á gítar og svo kom inn nýr trommuleikari og nýr gítarleikari," segir Birgir og viðurkennir að það hafi verið nokkuð erfitt fyrir hljómsveitina að framkvæma þessar breytingar. „Þetta var náttúrlega rosa „project" en ég held að þetta geri ekkert nema gott. Tónlistin kemur sennilega eitthvað til með að breytast en ég held það verði aðeins á jákvæðan hátt."

Birgir lýsir tónlist sveitarinnar sem rólegri og fallegri tónlist. „Sumir vilja kalla þetta ballöður," segir hann.

### Áhrifin úr öllum áttum

Að sögn Birgis koma áhrifin úr öllum áttum og nefnir hann meðal annars Will Oldham, Neil Young, Johnny Cash og Hank Williams. Þegar hlustað er á plötuna er einnig hægt að heyra áhrif frá fleirum eins og til dæmis Interpol og Nick Cave þar sem söngvarinn er með afar djúpa og karlmannlega rödd. „Það er einmitt eitt lag sem er mjög mikið í anda Interpol og það er svo sum ekkert skrítið því við urðum algerlega gagnteknir af þeirra fyrstu plötu. Það er ein besta plata sem við höfum heyrt. Okkur hefur einnig verið áður líkt við Nick Cave og auk þess eru Tindersticks og Calexico oft nefndar."

### Bardagar og rómantík

Það er söngvarinn og gítarleikarinn, Þráinn Óskarsson, sem semur lögin og textana en að sögn Birgis vinna þeir síðan tónlistina að sjálfsögðu saman. „Í gegnum plötuna er rauður þráður textalega séð. Lögin fjalla um bardaga, rómantík og eru í rauninni ein stór saga sem búið er að búta niður. Við vorum svo að taka upp myndband á Kili sem er við lagið Desert/Battle of the Bandidos og ætti að sýna eftir um þrjár vikur."

Umslag nýju plötunnar er mjög hrátt og flott og prýðir það blýantsteikningar eftir Ragnar Kjartansson, myndlistarmann og söngvara Trabant. Fyrsta upplag plötunnar í þessum veglegu umbúðum er þó í takmörkuðu upplagi. „Við kynntumst Ragnari í Klink og Bank, þar sem við leigjum æfingarhúsnæði, og fannst okkur upplagt að fá hann í þetta," segir Birgir en á döfinni hjá hljómsveitinni eru að sjálfsögðu útgáfutónleikar, auk þess sem þeir hita upp fyrir Antony and the Johnsons þann 11. júní.

Í ágúst spila þeir á Innipúkanum og í september spila þeir svo á festivali í Hollandi auk þess sem tónleikaferð um Skandinavíu fylgir í kjölfarið. ■

# Tónleikaröð Grapevine

Tímaritið Grapevine stendur fyrir tónleikaröð í sumar og í dag eru það hljómsveitirnar Skátar og The Foghorns sem leika í Smekkleysu plötubúð klukkan fimm og er hljómsveitin The Foghorns meðal annars skipuð Bart Cameron, ritstjóra Grapevine.

Á morgun verða það svo hljómsveitin Jagúar og Dj Ingvar sem spila í Smekkleysu klukkan þrjú. Tónleikaröðin er nátengd verslun sem Grapevine opnaði að Laugavegi 11. Sú selur meðal annars íslenska tónlist, íslenskar kvikmyndir, boli og bækur og virkar einnig sem upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. Þarna er lögð sérstök áhersla á að kynna það sem Reykjavík hefur upp á að bjóða í menningar-, lista-, og næturlífi. ■



**JAGÚAR** Hljómsveitin spilar í Smekkleysu á morgun klukkan þrjú og er það liður í tónleikaröð Grapevine. Í dag eru það sveitirnar Skátar og The Foghorns sem einnig troða upp í Smekkleysu.

Gæða hlaupahjól

# JDBUG



XXTREME.

**Línuskautar**
st. 29-42
Verð frá 3.999 kr

JDBUG

## Rafmagns-hlaupahjól

Model: ES-456
Óbrotið: 940 mm x 140 mm x 265 mm
Brotið: 905 mm x 140 mm x 100 mm
Þyngd: 7,75 kg
Hámarkshraði: 12 km/h
Meðalending hleðslu: 30 mín.
Burðarþol: 55 kg
Mótor: 12V 80Watt DC
Dekkjastærð: 6" loftfyllt
Rafgeymir: 6V/7AH x 2
Hleðslutími: 8 klst.
Bremsur: Afturbremsur
Drifbúnaður: Beltadrifið

**14.999 kr**

JDBUG

## Hlaupahjól

m/dempara. Sterkt hlaupa-hjól úr flugvélaáli, 4" dekk

**5.999 kr**

JDBUG

## Hlaupa- tvíhjól

fislétt álhjól frábært fyrir jafnvægið.



JDBUG

**Hlaupa- tvíhjól** 5.999 kr
fislétt ál hjól fyrir 3-5 ára



JDBUG

**Hlaupahjól** 5.999 kr
m/dempara. Sterkt hlaupa-hjól úr flugvélaáli, 4" dekk



JDBUG

**Hlaupahjól** 3.999 kr
barna m/þremur hjólum



JDBUG

**Hlaupahjól** 3.999 kr
án/dempara, stór 5" dekk

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

Við þurfum þinn stuðning!

Hjálpum hreyfihömluðum að njóta náttúrunnar

Með hefðbundnum hjólastólum er mjög erfitt fyrir hreyfihamlaða að ýta sér áfram fyrir utan steinsteypta vegi.

Nýlega var kynnt ný gerð af hjólastólum sem gerir hreyfihömluðum kleift að fara um náttúru landsins sem aldrei fyrr. Farin er af stað landssöfnun til að fjármagna hjólastóla af þessari gerð og þeim verður síðan dreift um landið.

Styrktarsíminn er
901 5001
Eitt símtal – 1.000 krónur

Fm 98,9 BYLGJAN
Ísland í bítið kl. 7-9
Íþróttasamband fatlaðra

NIKE LAGERSALA!

Full búð af vörum – fyrstir koma fyrstir fá!

Kven- og karlafatnaður á lagersölu:

| | | |
|---|---|---|
| :: Úlpur | | 4.990.- |
| :: Stuttbuxur | | 1.490.- |
| :: Golftoppar | | 3.490.- |
| :: Peysur | | 2.490.- |
| :: Liðatreyjur | | 3.990.- |
| :: Langermabolir | | 1.990.- |
| :: Jakkar | | 2.990.- |
| :: Gallar | | 3.990.- |
| :: Sokkar(hvert par) | | 298.- |
| :: Buxur | | 2.490.- |
| :: Bolir | | 1.490.- |
| :: Sundbolir og bikiní | NÝTT | 2.490.- |
| :: Sundbuxur | NÝTT | 1.490.- |
| :: Sundskýlur | NÝTT | 990.- |

Barnafatnaður á lagersölu:

| | | |
|---|---|---|
| :: Jakkar | | 2.990.- |
| :: Stuttbuxur | | 990.- |
| :: Sokkar(hvert par) | | 198.- |
| :: Peysur | | 1.490.- |
| :: Húfur | | 490.- |
| :: Gallar | | 2.490.- |
| :: Buxur | | 1.990.- |
| :: Bolir | | 990.- |
| :: Liðatreyjur | | 2.490.- |
| :: Sundbuxur | NÝTT | 1.490.- |
| :: Sundbolir | NÝTT | 1.990.- |
| :: Bikiní | NÝTT | 1.490.- |

Smábarnafatnaður á lagersölu:

| | | |
|---|---|---|
| :: Sokkar(hvert par) | | 198.- |

Skór á lagersölu:

| | | |
|---|---|---|
| :: Allir barnaskór | | 1.990.- |
| :: Total 90 fótb.skór | | 2.990.- |
| :: Aðrir fótb.skór | | 3.990.- |
| :: Gönguskór | | 3.990.- |
| :: Retro/götuskór | | 3.990.- |
| :: Hlaupaskór | | 3.490.- |
| :: Innanhússkór | | 3.990.- |
| :: Multicourt innanhússkór | | 2.990.- |
| :: Körfub.skór | | 2.990.- |
| :: Gaddaskór | NÝTT | 5.990.- |

Aukahlutir á lagersölu:

| | | |
|---|---|---|
| :: Úlnliðsbönd | | 490.- |
| :: Töskur | | 1990.- |
| :: Markmannshanskar | | 1990.- |
| :: Legghlífar | | 990.- |
| :: Höfuðbönd | | 398.- |
| :: Vettlingar | | 598.- |
| :: Fótboltar | | 1290.- |
| :: Markm.hanskar barna | | 590.- |
| :: Skóreimar | | 198.- |

NIKE BÚÐIN
LAUGAVEGI 6
562 3811



# Sakamáli áratugarins fer senn að ljúka

**Málflutningi í máli Michaels Jackson lauk 2. júní. Nú er beðið í eftirvæntingu eftir niðurstöðu kviðdómsins en *Sóley Kaldal* fjallar um réttarhöldin og afleiðingar þeirra.**

Eftir rúmlega þriggja mánaða réttarhöld og 141 vitni þurfa nú þær átta konur og fjórir karlmenn sem mynda kviðdóm í einu stærsta máli sögunnar að komast að niðurstöðu. Þau hafa örlög stórstjörnunnar Michaels Jackson í höndum sér og munu ákveða hvort hann sé sekur eða saklaus af þeim tíu ákæruatriðum sem hann stendur frammi fyrir. Jackson, sem meðal annars er ákærður fyrir barnamisnotkun, bíður ákvörðunarinnar en nú er aðeins hægt að vona að sannleikurinn og réttlætið sigri. Kviðdómurinn hefur nú rætt málið í nokkra daga en þurfti að gera hlé á umræðunum til að ræða við dómara nú í vikunni. Ákærandinn er hinn fimmtán ára gamli Gavin Arviso en hann hefur þurft að berjast við krabbamein og komst vegna þess fyrst í kynni við Jackson. Í hinni alræmdu heimildarmynd um Jackson sem Martin Bashir gerði var rætt við Gavin og Jackson þar sem þeir héldust í hendur. Mörgum þótti það ekki við hæfi og tóku sig aftur upp umræður í þjóðfélaginu um óeðlilegan áhuga Michaels á börnum, en hann þurfti að semja um svipað mál utan dómssala árið 1993. Það verður þó að taka það til athugunar að mál af þessu tagi, sem hafa óskaplega meiðandi umfjöllun í för með sér fyrir stjörnu, geta verið auðveld gróðaleið fyrir bíræfna einstaklinga. Verjandi Michaels hefur ráðist gegn trúverðugleika mæðginanna, Gavins og Janet, og þykir það vera máli hans til stuðnings að þau reyndu að öðlast skjótfenginn gróða þegar þau lögsóttu fataverslunina J.C. Penney fyrir fjórum árum.



**MICHAEL JACKSON** Nú þegar hafa tveir fangaklefar verið undirbúnir verði Michael fundinn sekur.

## Aðframkominn líkamlega og andlega

Málið í heild sinni hefur tekið gríðarlegan toll af Michael, sem eitt sitt var kallaður konungur poppsins. Presturinn Jesse Jackson hefur tjáð sig um málið og segist hann vera staðfastur í þeirri trú að kviðdómurinn muni sýkna Michael. Jesse líkti aðstöðu Jacksons við söguna af Job úr Gamla testamentinu, en hún er um mann sem lendir í ógöngum en missir ekki trúna. Michael er aðframkominn líkamlega og andlega og þurfti þrisvar sinnum að leggja hann inn á spítala á meðan réttarhöldin stóðu yfir. Þetta olli miklum töfum á málinum og gekk það svo langt að 10. mars hótaði dómarinn í málinu, Rodney Melville, að afturkalla þriggja milljóna dala tryggingu Jacksons. Þá hafði Michael komið einum og hálfum tíma of seint í réttarsal vegna spítalalegu en Melville óttaðist að maðkur væri í mysunni.

## Framtíð Jacksons í tónlistarbransanum

Jermaine Jackson, bróðir popparans, segir að verði bróðir hans sýknaður muni hann gerast einsetumaður, því hann eigi ekki eftir að geta treyst nokkrum manni. Systkini Michaels hafa öll staðið með honum og foreldrar þeirra hafa verið „sem klettur,“ að sögn Jermaines. Menn velta nú fyrir sér hvort Michael muni nokkurn tímann eiga sér viðreisnar von í tónlistarbransanum, hafi hann áhuga á því að snúa aftur. Sú dulúð sem umkringdi hann og þótti spennandi fyrr hefur nú breyst í andstæðu sína og þykir óhugnanleg. Robert Thompson, sérfræðingur í dægurmenningu við Syracuse-háskólann, telur Michael ekki eiga sér neina framtíð sem tónlistarmaður. „Ef fólk er spurt um síðasta áratug í lífi Jacksons er líklegt að það nefni tvö stutt hjónabönd hans, hann að dingla barni fram af svölum eða þær breytingar sem hafa orðið á andliti hans, frekar en þau lög sem hann hefur gefið út,“ segir Thompson. Það eru þó ekki allir sammála því að samasemmerki sé á milli slúðurblaðaumfjöllunar og rýrnandi ferils því margar stjörnur eru meira í blöðunum fyrir vafasamt einkalíf sitt en þau verk sem þær standa að. Antonio „LA“ Reid, forseti Island/Def Jam Records, sagði við CNN að hann myndi ekki hugsa sig tvisvar um ef honum byðist að gera samning við Jackson. „Michael Jackson þarf ekki að vera jafn óöruggur með sig í tónlistinni og hann hefur verið undanfarin ár. Hann er súperstjarna, goðsögn.“ Reid, sem hefur séð um endurkomu Mariuh Carey, segir að ef hann ætti að endurlífga feril Jacksons myndi hann byrja á því að taka hann úr einangruninni á Hvergilandsbúgarðinum og láta hann flytja til New York. „Flyttu til New York og finndu fyrir steinsteypunni,“ sagði Reid. „Farðu á veitingahúsin og klúbbana svo fólk geti sagt: „Gettu hvað, Michael Jackson er nokkurn veginn venjulegur!“.“



**RÉTTARHÖLDIN** Athygli vakti að enginn blökkumaður var í kviðdómi.

## Þjökuð sál

Það væri samt sem áður áhætta fyrir hvaða plötufyrirtæki sem er að gera samning við Jackson því hann er mjög dýr í rekstri. Einnig er hann óútreiknanlegur í hegðun og sagði hann nýlega á blaðamannafundi að fyrrverandi yfirmaður hans hjá Sony, Tommy Mottola, væri djöfullegur og sakaði hann um kynþáttafordóma.

Michael Jackson er, hvort sem hann er saklaus eða sekur, orðinn gölluð vara. Hann mun aldrei verða samur eftir þessi réttarhöld því almenningsálitið verður alltaf litað af þeirri umfjöllun sem hefur verið um málið. Spjallþáttastjórnendur hafa lifað gósentíð og ráðist mjög ómaklega gegn honum. En það er ljóst að enginn öfundar Jackson í dag og stjarna sem eitt sinn var í hæstu hæðum mannlegrar dýrkunar er núna komin á botninn – hvort sem hann á það skilið eða ekki. ■

# Sænsk strandgrúppa á Nasa



**TRABANT** Hljómsveitin spilar á Nasa á morgun ásamt sænskri hljómsveit sem spilar instrumental surf rokk. Sú sveit heitir Langhorns og hefur fengið góða dóma fyrir allar sínar þrjár hljómplötur.

Hljómsveitin Trabant heldur tónleika á Nasa á morgun ásamt sænsku hljómsveitinni Langhorns. Trabant er ein vinsælasta hljómsveit landsins en sennilega kannast fæstir við þessa sænsku sveit sem spilar á undan þeim á Nasa.

Þetta er fyrsta ferð Langhorns til landsins og ef heimasíða þeirra, www.langhorns.com, er heimsótt má sjá hvar þeir vara Íslendinga við því nú sé okkar fyrstu kynni við hljómsveitina á næsta leiti. Strákarnir, sem eru frá Lundi, segjast spila ekta strandarokk þó svo að engar strendur séu í Lundi.

Hljómsveitina skipa þeir Michael Sellers á gítar, Richard Sward á trommur, Martin Berglund á bassa og Erik Wesser á hljómborð. Langhorns hafa gefið út þrjár plötur sem allar hafa fengið frábæra dóma gagnrýnenda. Þeir spila svokallað „instrumental surf rokk“ og þykja vera á meðal bestu slíkra sveita í Evrópu. Tónlist þeirra hefur jafnframt heyrst í kvikmyndum og sjónvarpi og meðal annars í hinum stórvinsælu sjónvarpsþáttum Sex and the City.

Langhorns mun einnig leika á Grandrokki í kvöld og í 12 Tónum í dag klukkan fimm. ■

# Rækjusalat á Nasa

Elektrólæf verður haldið í kvöld á Nasa og er þetta byrjun á nýrri seríu kvölda frá Hr. Örlygi þar sem blandað verður saman klúbbakvöldum og tónleikum. Fram koma Trentemöller ásamt T.O.M., Klaus Björke og Dr. Discoshrimp sem er ný hljómsveit Þórhalls Skúlasonar.

Þetta er í fyrsta sinn sem Dr. Discoshrimp kemur fram opinberlega og mun hljómsveitin meðal annars flytja lagið Rækjusalat sem hefur verið óhemju vinsælt á skemmtistöðum bæjarins undanfarna mánuði. Auk þeirra koma fram hinir þekktu plötusnúðar Dj Margeir og Alfons X, betur þekktur sem Dj Árni E. ■



**TRENTEMÖLLER** Hann er einn af þeim sem koma fram á Elektrólæf kvöldi á Nasa.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Geri Halliwell** lenti í fremur óskemmtilegri reynslu nú fyrir skömmu. Þegar hún fór að kynna nýjustu plötu sína í Watford, heimabæ sínum, var hún kynnt fyrir fólki sem **Kylie Minogue**. Söngkonan var í stórverslun að búa sig undir að árita plötuna þegar gall við í kallkerfinu „Kylie mun árita eftir tíu mínútur“. Stuttu seinna heyrðist svo aftur, „Kylie er nú í búðinni“. Geri hafði bara húmor fyrir uppátækinu og tók því vel en kynnirinn útskýrði fyrir henni að hann væri með Kylie á heilanum eftir að hún greindist með krabbamein.



**Breska Eurovision-gellan Javine** er búin að ná sér í engan annan en táningatryllinn **Nick Carter** úr *Backstreet Boys*. Hún kynntist honum í partíi í London fyrir skemmstu og kysstust þau fyrir allra augum. Nick, sem var með *Paris Hilton* á síðasta ári, gekk upp að Javine og sagðist ekki geta hætt að horfa á hana. Eftir það eyddu þau kvöldinu í faðmlögum.



**Noel Gallagher** er fíkill. Nú þegar hann hefur náð að vinna sig út úr kókaínfíkn sinni hefur hann snúið sér að öðru og minna hættulegu viðfangsefni, íþróttaskóm. Hann hefur sagst kaupa gamla Adidas-skó í massavís og skilja þá svo bara eftir í kassanum án þess að vera í þeim. „Ég hef alltaf verið háður einhverju,“ sagði Noel.





**Kate Hudson** elskar að vera ófrísk og langar í annað barn. Eiginmaður hennar, **Chris Robinson** úr *The Black Crowes* er ekki sammála. Honum fannst hún erfið því hormónarnir ollu miklum skapsveiflum en fyrst og fremst fannst honum hún verða of feit. „Hann varð ástfanginn af smágerði fegurðardrottningu en hún þandist út og var á stærð við hús,“ sagði vinur rokkarans.




Talstöðin
FM 90,9

ÞÚ HEYRIR
ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Kringlan
Fótaaðgerðafræðingur - nuddari

Í lok júní verður opnuð ný og endurbætt snyrtistofa á 3. hæð Kringlunnar. Á stofunni er til leigu aðstaða fyrir fótaaðgerðafræðing og nuddara

Áhugasamir hringi í síma 892 6962 eða 891 7513.



LINDSAY LOHAN Sæt og frískleg í fallegum kjól. Þetta er sú Lindsay sem flestir þekkja.



GRENNRI Hér var ferlið byrjað. Lindsay er hér óneitanlega grönn en hefur ennþá rauða hárið og freknurnar.



GRENNST Nánast óþekkjanleg. Söng- og leikkonan sem aðeins fyrir sex mánuðum var eðlileg í laginu og heilbrigð virðist nú bókstaflega vera að hverfa.

# Hverfilist Lindsay Lohan

Lindsay Lohan hefur reynt að halda því fram undanfarið að hún sé ekki með lystarstol eða aðra átröskun. Þegar myndir af henni eru skoðaðar sést þó greinilega að kílóin eru að hrynja af henni og var hún þó ekki með nein aukreitis til að missa. Líklegt þykir að stúlkan sé að sligast undan álagi. Síðasta ár hefur verið henni mjög erfitt en faðir hennar, Michael Lohan, var dæmdur í fangelsi fyrir ýmis afbrot. Kærastinn hennar, Wilmer Valderrama, hætti einnig með henni og nú fyrir skemmstu keyrði ljósmyndari á bíl hennar til að ná góðri mynd. Slúðurblöðin hafa elt hana á röndum og umfjöllunin er oftast neikvæð, annað hvort um það hversu mikið hún skemmti sér eða rifrildi hennar við ungpíuna Hilary Duff.

Nú virðist Lindsay hafa ákveðið að taka þátt í nýjasta æðinu hjá ungum Hollywood-stjörnum en það er að grenna sig hættulega mikið. Fyrir aðeins sex mánuðum var Lindsay, sem er átján ára gömul, eðlileg í laginu, með þykkt og glansandi rautt hár og fallegar freknur.

Nú er hún hins vegar orðin hættulega grönn, langt undir kjörþyngd og með þunnt aflitað hár. Þær sögur gengu einnig að hún hefði losað sig við freknurnar með geislameðferð til að vera fullorðinslegri.

Þegar Lindsay mætti á frumsýningu myndarinnar Mr. and Mrs. Smith í síðustu viku áttu ljósmyndararnir erfitt með að trúa sínum eigin augum. Stúlkan nánast hvarf þegar hún stóð á hlið og þótti minna meira á Pappírspésa en þá ungu konu sem þeir áttu að kynnast og var með fallegar línur og ávalan barm.

Hún og aðrar stjörnur eins og Jessica Simpson og Nicole Richie, sem hafa verið í öfgafullri megrun nú upp á síðkastið, þykja vera öðrum ungum konum afar slæm fyrirmynd og hafa fjölmiðlar vestanhafs gagnrýnt þær harðlega fyrir útlitið. ■



ÚTSALA ÚTSALA
40 – 60 % afsláttur
Ótrúlega lágt verð

| Dæmi um verð: | Áður | Núna |
|---|---|---|
| Hettupeysa | 8.500- | 3.900- |
| Jakkapeysa | 6.100- | 3.700- |
| Peysu sett | 8.600- | 4.900- |
| Peysa m/v-hálsi | 6.900- | 3.900- |
| Ermalaus toppur | 3.800- | 2.300- |
| Silkibolur m/perlum | 6.600- | 3.300- |
| Blúndutoppur | 2.600- | 1.600- |
| Velour toppur | 2.500- | 1.500- |
| Röndóttur bolur | 3.300- | 2.000- |
| Stutterma skyrta | 5.300- | 3.000- |
| Silki skyrta | 6.200- | 3.600- |
| Teinóttur jakki | 6.200- | 2.900- |
| Kjóll m/blúndu | 7.100- | 3.800- |
| Pils | 3.500- | 1.900- |
| Dömubuxur | 5.200- | 2.900- |
| Gallabuxur | 4.800- | 2.900- |
| Kvartbuxur | 5.700- | 2.900- |

Og margt margt fleira
Opið 10:00 - 18:00 og 10:00 - 16:00 laugardag
www.friendtex.is
friendtex
Síðumúla 13
Sími 568-2870

# Hvetja á klúrinn hátt

Fótboltastelpurnar í Macalester College í Bandaríkjunum öskra „rökum þessar píkur“ til að hvetja félaga sína á fótboltaleikjum. Tvær íslenskar stelpur sem stundað hafa nám við skólann kenndu félögum sínum í fótboltanum nokkra góða frasa sem eru óspart notaðir. Nú eru tvær stelpur úr liðinu, þær Meghan Leahey og Annie Borton, komnar til Íslands til að spila fótbolta með Fjölni.

„Ólöf, vinkona mín og herbergisfélagi úti, kom okkur í samband við liðið og þetta hljómaði eins og frábært tækifæri til að spila fótbolta einhvers staðar annars staðar,“ segir Meghan. „Ég hitti Ólöfu í fyrra þegar hún kom í Macalester til að spila fótbolta. Systir hennar Erla var þar líka og við urðum góðar vinkonur og ákváðum að búa saman,“ segir Meghan og á við grindvísku systurnar Ólöfu og Erlu Pétursdætur.

Meghan er frá bænum Plymouth í Minnesota-ríki og spilar á sumrin með St. Paul Blackhawks. Hún kynntist Annie, sem er frá Berkeley í Kaliforníu, í Macalester College þar sem þær stunda BA-nám. Skólinn er í tvíburaborgunum svokölluðu, í höfuðborg Minnesota-ríkis, St. Paul. Meghan á eftir eitt ár en Annie tvö og munu þær halda áfram að spila með fótboltaliði skólans sem er í þriðju deild bandaríska fótboltans.

Þær kunna vel við sig á Íslandi og þakka þjálfurum og liðsfélögum í Fjölni fyrir góðar móttökur. Þær hafa komið sér fyrir í miðbæ Reykjavíkur. „Þetta er mjög lítill bær en fólkið er vingjarnlegt og það er mjög fallegt hérna. Ég held að þetta verði gott sumar. Alla vega þegar við verðum búnar að læra á almenningssamgöngurnar,“ segir Meghan. Þær stöllur hafa þegar ferðast eitthvað um landið með íslenskum vinkonum sínum úr Macalester, en efst á dagskránni fyrir sumarið er að fara til Vestmannaeyja um verslunarmannahelgina.

rosag@frettabladid.is



FJÖLNISSTÚLKURNAR Meghan Leahey og Annie Borton leika knattspyrnu með Fjölni og kunna ágætlega við sig á Íslandi.

BJARTIR DAGAR
Í HAFNARFIRÐI
í dag ...
FÖSTUDAGUR 10. júní

19:30 HIPP-HOPP KVÖLD Í GAMLA BÓKASAFNINU við Mjósund. Einfarinn rappar, Ramses rappar, Hin heilaga þrenning rappar, NBC rappar og Hermigervill spilar. Graffityhópurinn SMK sýnir listir sínar á veggjunum. Aðgangur ókeypis.

20:00 CANTARE 2005. Söngvakeppni hinna mörgu tungumála í umsjá Alþjóðahússins. Söngur, sviðsframkoma, búningar og undirtektir áhorfenda, allt skiptir þetta máli til að fá sem flest stig. Dómarar eru þrír landsþekktir hafnfirskir tónlistarmenn. Söngvakeppnin fer fram í Hafnarfjarðarleikhúsinu, Strandgötu 50. Aðgangseyrir kr. 500.

Bjartir dagar
Ferðamálaráð Íslands
sph
Allar nánari upplýsingar í þjónustuveri Hafnarfjarðar
Strandgötu 6 · Sími 585 5500 · www.hafnarfjordur.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Geri Halliwell** lenti í fremur óskemmtilegri reynslu nú fyrir skömmu. Þegar hún fór að kynna nýjustu plötu sína í Watford, heimabæ sínum, var hún kynnt fyrir fólki sem **Kylie Minogue**. Söngkonan var í stórverslun að búa sig undir að árita plötuna þegar gall við í kallkerfinu „Kylie mun árita eftir tíu mínútur". Stuttu seinna heyrðist svo aftur, „Kylie er nú í búðinni". Geri hafði bara húmor fyrir uppátækinu og tók því vel en kynnirinn útskýrði fyrir henni að hann væri með Kylie á heilanum eftir að hún greindist með krabbamein.



Breska Eurovision-gellan **Javine** er búin að ná sér í engan annan en táningatryllinn **Nick Carter** úr *Backstreet Boys*. Hún kynntist honum í partíi í London fyrir skemmstu og kysstust þau fyrir allra augum. Nick, sem var með *Paris Hilton* á síðasta ári, gekk upp að Javine og sagðist ekki geta hætt að horfa á hana. Eftir það eyddu þau kvöldinu í faðmlögum.

**Noel Gallagher** er fíkill. Nú þegar hann hefur náð að vinna sig út úr kókaínfíkn sinni hefur hann snúið sér að öðru og minna hættulegu viðfangsefni, íþróttaskóm. Hann hefur sagst kaupa gamla Adidas-skó í massavís og skilja þá svo bara eftir í kassanum án þess að vera í þeim. „Ég hef alltaf verið háður einhverju," sagði Noel.



**Kate Hudson** elskar að vera ófrísk og langar í annað barn. Eiginmaður hennar, **Chris Robinson** úr *The Black Crowes* er ekki sammála. Honum fannst hún erfið því hormónarnir ollu miklum skapsveiflum en fyrst og fremst fannst honum hún verða of feit. „Hann varð ástfanginn af smágerðri fegurðardrottningu en hún þandist út og var á stærð við hús," sagði vinur rokkarans.



# Föstudagsflipp um allan bæ

Fyrsta Föstudagsflipp Hins hússins verður í dag, 10. júní á milli 13. og 15. Föstudagsflipp er vettvangur fyrir unga listamenn að sýna list sína en flestir eru þeir í Skapandi sumarstarfi, verkefni sem Hitt húsið hefur yfirumsjón með. Listamennirnir verða út um allan miðbæ og það er margt spennandi í boði.

**Listasafn Reykjavíkur:** Tónlistarhópurinn Drýas heldur tónleika.
**Lækjartorg:** Listahópurinn Siggi verður með fróðleiksvél og býður gestum og gangandi upp á ókeypis fróðleik.
**Austurvöllur:** Hópurinn Íslendingar kemur fram, fjöllistahópurinn Farsældarfrón flytur leikþátt með fræðilegu ívafi og myndlistarhópurinn Hýðið sýnir Hýðið.
**Apótekið Austurstræti:** Strengjakvartettinn Loki.
**Ingólfstorg/Iða:** Fönksveitin Lama breiðir út fagnaðarerindi fönksins.
**Mál og Menning Laugavegi:** Klassíski tónlistarhópurinn Gestalæti flytur tónlist.
**Kvosin:** Danshópurinn Svið-group verður á ferð og flugi og hópurinn Íslenski þjóðsöngurinn verður á ferðinni með íslenska þjóðsönginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**LISTAHÓPURINN SIGGI** verður með frumlegar uppákomur í allt sumar

SKÓMARKAÐUR
ÞRJÚ VERÐ
500kr. 900kr. 1500kr.
OG ÞRIÐJA HVERT PAR FRÍTT
(Þú kaupir tvö pör af skóm og færð það þriðja frítt)
DIESEL - X-18 - CONVERSE - SKECHERS - AGAIN & AGAIN
BULLBOXER - SHELLY'S - BILLI BI - BRONX - KICKERS - TKM




galleri sautjan - smash - retro - gs skór - sautján jeans - deres - focus - eva - centrum - kultur - companys
merki fyrir minna OUTLET 10 FAXAFENI 10
s. 533 1710
www.ntc.is











# Dæmd til að borga



Ofurbomban Beyoncé Knowles hefur malað gull að undanförnu en hún „gleymdi" að greiða fyrirsætuskrifstofunni Wilhelminu sinn skerf af þeim fyrirsætustörfum sem skrifstofan bókaði fyrir fröken Knowles.

Dómari á Manhattan hefur nú skipað Beyoncé að borga eina milljón dollara í ógreidd umboðsgjöld til skrifstofunnar. Það hlakkaði í forstjóra skrifstofunnar þegar hann sagði: „Ég held að litla „elska Ameríku" sé með mjög slæma lögfræðinga á sínum snærum." ■

# Þjóðlagatónlist frá Austur-Evrópu

Hljómsveitin Schpilkas heldur útgáfutónleika sína í Iðnó í kvöld. Sveitin er hugarfóstur klarinettuspilarans Hauks Gröndal en hann er bróðir Ragnheiðar Gröndal. Söngkonan tekur lagið með hljómsveitinni á morgun en eins og flestir vita var hún valin söngkona ársins á Íslensku Tónlistarverðlaununum.

Nýja platan heitir So Long Sonja og er full af skemmtilegri og hressandi þjóðlagatónlist frá Austur-Evrópu en Ragnheiður syngur þrjú lög á plötunni. Schpilkas hafa áður komið fram hérlendis við frábærar undirtektir og ættu sem fæstir að missa af þessum tónleikum. Tónleikarnir hefjast klukkan hálfníu og aðgangseyrir er 1500 krónur. Platan er til sölu í verslunum Tólf Tónar.



**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Hún tekur lagið í kvöld með hljómsveitinni Schpilkas á útgáfutónleikum þeirra í Iðnó í kvöld.








**JENNIFER LOPEZ** Er mikið fyrir áberandi skartgripi.

# Lopez fær annað bónorð

Flestir fá einhvers konar pappírsgjöf eftir eins árs hjónaband því þá á fólk pappírsbrúðkaupsafmæli. En það dugir ekki fyrir glamúrdívuna Jennifer Lopez. Eiginmaður hennar, Marc Anthony, gerði sér grein fyrir því og gaf henni gríðarstóran demantshring þegar þau áttu sitt fyrsta brúðkaupsafmæli. Asinn var svo mikill á hjónakornunum að komast upp að altarinu í fyrra að þau náðu ekki að trúlofa sig áður með viðeigandi hring. Marc gerði sér lítið fyrir, skellti sér á skeljarnar og bað J.Lo formlega því honum fannst betra seint en aldrei að gefa ástinni sinni margra milljóna króna demant. ■







## ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| A LOT LIKE LOVE | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | |
| A LOT LIKE LOVE VIP | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | |
| HOUSE OF VAX | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| CRASH | KL. 6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | |
| THE WEDDING DATE | KL. 4-6-8.15-10.30 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 4 | |

## KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| MR. AND MRS. SMITH | KL. 5.45-8-10.15 |
| STAR WARS - EPISODE III | KL. 5 |
| ICE PRINCESS | KL. 8 |
| THE JACKET | KL. 10 |

## AKUREYRI

| | |
|---|---|
| A LOT LIKE LOVE | KL. 6-8-10 |
| HOUSE OF VAX | KL. 8-10 |
| THE ICE PRINCESS | KL. 6 |

## KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| A LOT LIKE LOVE | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | |
| HOUSE OF VAX | KL. 6-8.15-10.30 | 16 |
| THE WEDDING DATE | KL. 6-8-10 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 4 | |
| THE ICE PRINCESS | KL. 4 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 588 0800 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

| | | |
|---|---|---|
| INSIDE DEEP THROAT | KL. 7-9-11 | B.I. 16 ára |
| A LOT LIKE LOVE | KL. 5.45-8-10.15 | |
| VOKSNE MENNESKER | KL. 5.45-8-10.15 | |
| CRASH | KL. 5.45-8-10.15 | B.I. 16 ára |
| HITCHHIKER´S GUIDE TO THE GALAXY | KL. 5.40-8-10.20 | |

Háskólabíó


# Party Zone fólk dansar meira

Útvarpsþátturinn Party Zone ætlar að halda röð af partýjum í sumar og verður fyrsta partýið haldið á Vegamótum á laugardagskvöld. „Þessi kvöld munu heita „Dansa meira“ því markmiðið er einmitt það,“ segir Helgi Már Bjarnason, einn af umsjónarmönnum kvöldanna. Það verður ókeypis inn og má fólk reikna með að þurfa að mæta snemma því eftirsóknin hefur verið mikil undanfarin ár.

„Við ákváðum að færa Party Zone kvöldin inn á minni staði svo betri stemning myndist. Síðast þegar við héldum partý á Vegamótum þá gengum við nánast frá staðnum en það verður gaman að koma þangað aftur,“ segir Helgi Már. Þátturinn er á Rás 2, á laugardagskvöldum, á milli hálfátta og tíu og ætla þeir félagar að hita upp fyrir partýið í þættinum annað kvöld.

Einnig ætla þeir að dreifa geisladiski í partýinu með tónlist sem DJ Margeir hefur tekið saman og verður diskurinn ókeypis fyrir partýgesti.

„Það eru tíu ár síðan fyrsti Party Zone diskurinn kom út en við eru á fimmtánda starfsári okkar í útvarpinu.“ Bacardi ætlar að styrkja kvöldin og útgáfu disksins en næsta kvöld er fyrirhugað á Akureyri fyrstu helgina í júlí. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**PARTY ZONE** Margeir minnir fólk á að mæta tímanlega.








MENNTASKÓLINN VIÐ SUND



SÉRHÆFÐUR BÓKNÁMSSKÓLI

# Opnir dagar

**Í tilefni af innritun verða opnir dagar í Menntaskólanum við Sund dagana 13. og 14. júní frá kl. 8.10 til kl. 19.00 báða dagana.**

**• NÁMSFRAMBOÐ**
Gestum gefst kostur á að fræðast um skólann, skoða sig um og kynna sér námsframboðið.

**• RAFRÆN INNRITUN**
Stjórnendur og námsráðgjafar verða til viðtals og veita nemendum aðstoð við val og innritun. Rafrænni innritun lýkur á miðnætti 14.júní.

VERIÐ VELKOMIN








Menntaskólinn við Sund | Gnoðarvogi 43 | 104 Reykjavík
sími: 580 7300 | www.msund.is

A4 HÖNNUNARSTOFA / HGM

## VIÐ TÆKIÐ — Skilaboð að handan

**LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR HLUSTAÐI Á ÞÓRHALL MIÐIL Á ÞRIÐJUDAGSKVÖLDIÐ.**

Er ég settist inn í bílinn minn á þriðjudagskvöldið, startaði honum og ætlaði að keyra af stað fékk ég skilaboð að handan. Útvarpið fór í gang og var stillt á Bylgjuna. Bylgjuna! Ég hlusta aldrei á Bylgjuna og því skil ég ekki af hverju sú útvarpsstöð hljómaði í annars hljómgóðum hátölurum í bílnum mínum.
En þetta voru greinilega mjög merkileg skilaboð að handan því á Bylgjunni var Þórhallur miðill með þáttinn sinn Lífsaugað. Þar getur fólk hringt inn og fengið beint samband við hina liðnu í gegnum miðilinn sjálfan.
Er ég hlustaði á Þórhall segja ungum dreng frá gamanmálum föður síns og hve mikið drengnum þætti gaman að elda og krydda mat þá hugsaði ég með sjálfri mér af hverju í ósköpunum við Íslendingar leitum svona stíft í hið óþekkta. Líf eftir dauðann. Af hverju þurfum við að opna okkur fyrir fólk sem hefur beintengingu yfir í þennan heim og fá staðfestingu á því að við borðum of mikið nammi, erum slöpp í fótunum eða í þessu tilviki höfum gaman af því að elda? Þetta eru allt hlutir sem við vitum fyrir. En þegar þeir koma frá einhverjum sem farinn er yfir móðuna miklu þá allt í einu detta þessir hlutir í fullkomið samhengi og sálin öðlast ró. Magnað.



**ÞÓRHALLUR MIÐILL** Það var gaman að hlusta á hann í útvarpinu.

Þórhallur stóð sig með prýði á Bylgjunni ólíkt því þegar hann stundaði skyggnilýsingar í sjónvarpsveri Stöðvar 2. Hann hitti naglann á höfuðið og gaf piltinum hinum megin við línuna greinilega sálarró þar sem hann hafði ekki átt sjö dagana sæla. Og þá spáði ég enn og aftur af hverju við leitum í þessar upplýsingar. Þær gera okkur hamingjusamari eftir allt. Og skiptir það ekki mestu máli?



▶ **20.10** *Fræðsla*

**HEIMUR FARFUGLANNA. Heimildarmynd þar sem fylgst er með farfuglum heimsins á milli áfangastaða.**



▶ **20.30** *Söngur*

**ÞAÐ VAR LAGIÐ. Keppendur í kvöld eru Hlín Pétursdóttir, Davíð Ólafsson, Kristjana Stefánsdóttir og Sammi í Jagúar.**



▶ **22.00** *Stefnumót*

**DJÚPA LAUGIN 2. Gunnhildur og Helgi halda áfram að para fólk saman í beinni útsendingu.**

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Bitti nú! (10:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (4:26)** (Teen Titans)Teiknimyndaflokkur þar sem Robin, áður hægri hönd Leðurblökumannsins, og fleiri ofurhetjur láta til sín taka.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
▶ **20.10 Heimur farfuglanna** (Le peuple migrateur)Frönsk heimildamynd frá 2001 eftir Jacques Perrin þar sem fylgst er með flugi farfugla á þriggja ára tímabili í öllum heimsálfunum.
**21.50 Schimanski – Leyndarmálið** (Schimanski – Das Geheimnis des Golem)Þýsk sakamálamynd frá 2004 þar sem harðjaxlinn Schimanski leitar að dularfullum morðingja. Leikstjóri er Andreas Kleinert og meðal leikenda eru Götz George, Julian Weigend, Chiem van Houweninge og Denise Virieux.

**23.20** Bölvun sporðdrekans **1.00** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** 60 Minutes II 2004 **13.55** Perfect Strangers (73:150) **14.20** Bernie Mac 2 (13:22) (e) **14.45** Jag (8:24) (e) **15.30** Tónlist **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00 Joey (16:24)**
▶ **20.30 Það var lagið**
**21.25 Two and a Half Men (7:24)** (Tveir og hálfur maður)Gamanmyndaflokkur um þrjá stráka, tvo fullorðna og einn á barnsaldri.
**21.50 Osbournes 3(a) (6:10)** (Osbourne-fjölskyldan) Það ríkir engin lognmolla þegar Ozzy er annars vegar.
**22.15 Order, The (Sin Eater)** (Trúarreglan)Hrollvekjandi spennumynd. Alex Bernier er uppreisnargjarn og rótlaus prestur í sérstakri trúarreglu. Lærimeistari hans lætur lífið með dularfullum hætti og Alex heldur til Rómar og rannsakar málið. Hér er ekki allt sem sýnist og ljóst að hjá kirkjunnar mönnum er ekki allt til fyrirmyndar. Stranglega bönnuð börnum.

**23.55** The Fisher King (Stranglega bönnuð börnum) **2.10** Essex Boys (Stranglega bönnuð börnum) **3.45** Fréttir og Ísland í dag **5.05** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**18.00** Cheers – 3. þáttaröð

**18.30 Worst Case Scenario – NÝTT! (e)**
**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.45 Still Standing (e)**
**20.10 Ripley's Believe it or not!** Í „Ripley's Believe it or Not!" er ferðast um víða veröld og fjallað um sérstaka og óvenjulega einstaklinga og aðstæður.
**21.00 Pimp My Ride** Þþættir frá MTV sjónvarpsstöðinni um hvernig er hægt að breyta örgustu bíldruslum í næstum því stórkostlegar glæsikerrur!
**21.30 MTV Cribs** Í þáttunum bjóða stjörnurnar fólki að skoða heimili sín hátt og lágt og upplýsa áhorfendur um hvað þær dunda sér við heimavið.
▶ **22.00 Djúpa laugin 2**
**22.50 Sjáumst með Silvíu Nótt (e)**

**23.20** The Bachelor (e) **0.05** Dead Like Me – Ný þáttaröð (e) **0.45** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.15** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Gathering Storm (B. börnum) **8.00** James Dean **10.00** I Am Sam **12.10** Baywatch: Hawaiian Wedding **14.00** James Dean **16.00** I Am Sam **18.10** Baywatch: Hawaiian Wedding **20.00** The Gathering Storm (B. börnum) **22.00** Sanctuary (Strangl. b. börnum) **0.00** Dinner Rush (Strangl. b. börnum) **2.00** The Yards (B. börnum) **4.00** Sanctuary (Strangl. b. börnum)

### OMEGA

**7.00** J. Meyer **7.30** B. Hinn **8.00** Sherwood Craig **8.30** Um trúna og tilveruna **9.00** Maríusystur **9.30** Blandað efni **10.00** J. Meyer **10.30** T.D. Jakes **11.00** Robert Schuller **12.00** Samverustund (e) **13.00** J. Meyer **13.30** Blandað efni **14.30** Ron Phillips **15.00** Kvöldljós **16.00** J. Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Dr. David Cho **17.30** Freddie Filmore **18.00** Mack Lyon **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Vatnaskil **21.00** Mack Lyon **21.30** Acts Full Gospel **22.00** J. Meyer **22.30** Blandað efni 23.00 CBN fréttastofan **0.00** Miðnæturhróp

### AKSJÓN

**7.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Tennis: ATP Tournament Queen's United Kingdom **15.00** Football: World Cup Germany **16.00** Football: U-21 Festival Toulon France **20.00** Strongest Man: Super Series Grand Prix Moscow Russia **21.00** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **21.30** Adventure: Escape **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Poker: European Tour Monte Carlo Monaco **23.15** All Sports: Vip Pass

**BBC PRIME**
**12.00** Born and Bred **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Angelmouse **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Teletubbies Everywhere **14.35** Stitch Up **15.00** Cash in the Attic **15.30** Home Front in the Garden **16.00** The Chelsea Flower Show **17.00** Tony and Giorgio **17.30** Mersey Beat **18.30** Mastermind **19.00** The Blackadder **19.35** 3 Non-Blondes **20.05** Alistair McGowan's Big Impression **20.30** Top of the Pops **21.00** Girl Friday **22.00** The Cazalets **23.00** Battlefield Britain **0.00** Hollywood Inc **1.00** Spain Means Business **1.30** Japanese Language and People

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** The Sea Hunters **19.00** Paranormal? **20.00** Castro **22.00** Search for the Lost Fighter Plane **23.00** Seconds from Disaster **0.00** VE – Ten Days to Victory

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Austin Stevens – Most Dangerous **13.00** Animal Precinct **14.00** Animal Cops Detroit **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Young and Wild **17.00** Monkey Business **17.30** The Keepers **18.00** Austin Stevens – Most Dangerous **19.00** Animal Precinct **20.00** Miami Animal Police **21.00** Venom ER **22.00** Sharks in a Desert Sea **23.00** Swimming Lions **0.00** Forest Tigers

**DISCOVERY**
**12.00** Extreme Machines **13.00** Killer Tanks **14.00** Scrapheap Challenge **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** John Wilson's Fishing Safari **16.00** Super Structures **17.00** Aircrash **18.00** Mythbusters **19.00** American Casino **20.00** Scene of the Crime **21.00** Impossible Heists **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters

**MTV**
**13.00** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Dance Floor Chart **18.00** Punk'd **18.30** Viva La Bam **19.00** Wild Boyz **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** I Want a Famous Face **21.30** Wonder Showzen **22.00** Party Zone **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80's **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** MTV at the Movies **19.00** All Access **20.00** Fabulous Life Of... **20.30** Angelina Jolie A-Z **21.00** Friday Rock Videos **23.30** Flipside

**CLUB**
**12.10** Come! See! Buy! **12.40** Other People's Houses **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Retail Therapy **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Innertainment **17.15** Arresting Design **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** The Villa **20.15** My Messy Bedroom **20.45** What Men Want **21.10** Spicy Sex Files **22.00** Girls Behaving Badly **22.25** Crime Stories **23.10** Entertaining With James **23.40** Innertainment **0.05** Weekend Warriors

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** The E! True Hollywood Story **13.30** Life is Great with Brooke Burke **14.00** Style Star **14.30** Extreme Close-Up **15.00** The Entertainer **16.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **17.00** Dr. 90210 **18.00** E! News **18.30** Extreme Close-Up **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** High Price of Fame **21.00** Gastineau Girls **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** E! News **23.30** Behind the Scenes **0.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.00** The Last Word **13.45** Sword of the Conqueror **15.20** Romantic Comedy **17.00** The Return of the Living Dead **18.30** The Glory Guys **20.20** Timbuktu **21.50** Robot Jox **23.15** Zero to Sixty **0.55** Rollerblade Warriors **2.25** Flight from Ashiya

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### TWO AND A HALF MEN

*Stöð 2* **kl. 21.25**

*Þetta er sjöundi þáttur.*

## Skemmtileg veisla

Hér er ferð gamanmyndaflokkur sem hefur slegið í gegn vestan hafs sem og hér á landi. Hann fjallar um Charlie Harper sem er piparsveinn. Alan bróðir hans flytur inn til hans eftir skilnað ásamt syni sínum Jake sem segir alltaf allt sem hann hugsar. Heimilishaldið er ansi skrautlegt og gamansamt á tíðum.
Í kvöld ráða Alan og Charlie systur Bertu til að sjá um veitingarnar í veislu sem móðir þeirra hefur platað þá til þess að halda fyrir sig og það gengur vægast sagt mikið á.



Charlie Sheen sem Charlie Parker.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Gary, you didn't kill your brother. Those gorillas did.“**

**Svar:** Lísa úr kvikmyndinni Team America: World Police frá árinu 2004.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – U: Gunnhildur og Sigurjón **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. **12.15** Hádegisútvarpið – U: Sigmundur Ernir

**13.01** Hrafnaþing – U: Ingvi Hrafn **14.03** Birta – U: Ritstjórn Birtu. **15.03** Allt og sumt – Hallgrímur Thorsteinsson, Helga Vala Helgadóttir og Helgi Seljan.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson. **19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt e. **21.00** Morgunstund e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Hádegisútvarpið e. **23.00** Úrval úr Allt & sumt

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins, Lesið í snjóinn **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Bara stelpa **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Lifandi blús **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Plötuskápurinn **19.40** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Tónaljóð **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Andblær frá Ipanema

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.30** Fótboltarásin ásamt Ragnari Páli Ólafssyni **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Halli Kristins

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**22.30** *Spjall*

**DAVID LETTERMAN. Letterman fær góða gesti í heimsókn og auðvitað er Paul Shaffer á sínum stað.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**18.15** David Letterman

**19.00** **Gillette-sportpakkinn**
**19.30** **Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta. Rallíbílar, kappakstursbílar, vélhjól og ótal margt fleira.
**20.00** **World Supercross** (BC Place Stadium)Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum tryllitækjum (250rsm) í aðalhlutverkum.
**21.00** **World Series of Poker** (HM í póker)Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til er ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur HM í póker átt miklum vinsældum að fagna og kemur margt til. Ekki síst veglegt verðlaunafé sem freistar margra.
▶ **22.30 David Letterman**

**23.15** NBA (Úrslitakeppni)

## POPP TÍVÍ

**19.00** Sjáðu (e) **21.00** Íslenski popplistinn

**TCM**

**19.00** The Dirty Dozen **21.25** The Gang That Couldn't Shoot Straight **23.00** Black Legion **0.25** Stay Away, Joe **2.10** Ziegfeld Follies

**HALLMARK**

**12.45** Erich Segal's Only Love **14.15** To Dance With The White Dog **16.00** Early Edition **16.45** Alice Through The Looking Glass **18.30** Reason For Living: The Jill Ireland Story **20.00** Law & Order Vii **20.45** Bait **22.30** Lifepod **0.00** Law & Order Vii **0.45** Reason For Living: The Jill Ireland Story **2.15** Bait

**BBC FOOD**

**12.00** A Cook's Tour **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Ching's Kitchen **13.30** Paradise Kitchen **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **15.30** Ready Steady Cook **16.00** The Rankin Challenge **16.30** Wild Harvest **17.00** Food Source New Zealand **17.30** Douglas Chew Cooks Asia **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Ching's Kitchen **19.30** Wild and Fresh **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Coconut Coast **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.50** Mik Schacks Hjemmeservice **13.20** Erik den R¢des saga **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Hokus Krokus **14.30** Hammerslag **15.00** Shin Chan **15.10** Scooby Doo **15.30** Plan B **16.00** Fredagsbio **16.10** Lauras stjerne **16.20** Mira og Marie **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Endelig fredag **19.00** TV Avisen **19.30** Fear **21.05** Andersonklanen

**SV1**

**13.00** Sommardebatt **14.00** Rapport **14.05** Doktor Gro **14.55** Anslagstavlan **15.00** Fader Ted **15.25** Så såg vi sommaren då **15.30** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **16.00** Hästfolk **16.30** Emil i Lönneberga **16.55** Gula giraffens djurhistorier **17.00** Creepschool **17.30** Rapport **18.00** Sommarkrysset **19.00** Klienten **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Ulveson och Herngren **21.50** The Book of Stars **23.25** Sändning från SVT24






## HRÓSIÐ

*... fær íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu fyrir glæsilegan sigur á Laugardalsvelli á miðvikudag. Þeir gáfust ekki upp þótt á móti blési heldur sýndu að þeir hafa karakter og baráttuvilja eins og sannir víkingar.*

**REYKJAVÍKURNÆTUR > HARPA PÉTURSDÓTTIR** VELTIR FYRIR SÉR VINNUMARKAÐNUM

# *Störf í boði!*

Flestir sem eru á „singles"-markaðnum eru að leita að þeirri manneskju sem passar hvað best við þau sjálf. Þessu má líkja við samstæðuspil, því þegar við finnum „hitt" spilið fáum við slag!

Þessu er þó sennilegast best líkt við ráðningar. Ferlið er nefnilega flókið og vel út hugsað. Fyrst er nauðsynlegt að auglýsa eftir fólki. Það er gert með því að vera duglegur að láta sjá sig úti á lífinu og hafa fyrir því að líta vel út. Svo þegar undirbúningi fyrir ráðningar er lokið er rétt að fá fólk í viðtöl eitt í einu til að kynnast því betur. Atvinnuviðtalið er það stig sem samsvarar fyrsta deitinu. Þetta viðtal er gert til að sjá hvort viðkomandi sé hæfur í starfið. Það er gert í því skyni að komast að hlutum eins og hvað vaki fyrir umsækjandanum, þ.e. hvort hann hafi framtíðarstarf í huga eða aðeins hluta- eða sumarstarf. Síðan verðum við klárlega að komast að því hverjir eru kostir og gallar manneskjunnar, hvort hún sé barn- og reyklaus, og hvort hún sé tilbúin til að takast á hendur ábyrgð. Eftir viðtalið er næst á dagskrá að skoða starfsreynslu, fyrri vinnuveitendur og meðmæli fengin, ef þau eru þá yfir höfuð fyrir hendi. Þá er grennslast fyrir um viðkomandi á tengslanetinu og reynt að hafa uppi á sögusögnum og orðsporinu sem honum fylgir. Mikilvægt verður að teljast að aðilinn hafi ekki starfað hjá samkeppnisaðila, að ekki séu of náin tengsl við fyrrverandi vinnuveitendur og að þau hafi verið algerlega slitin. Þegar þessi skilyrði hafa öll verið uppfyllt og ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin, er umsækjanda gert ljóst að fyrirtækið áskili sér þann rétt að segja upp samningnum séu kröfur ekki uppfylltar. Að reynslutíma loknum eru aðstæður endurmetnar til að kanna hvort grundvöllur sé fyrir áframhaldandi samstarfi og í kjölfarið hvort starfsmanni sé boðin framtíðarráðning. Það að velja sér maka er nefnilega flóknara en margur heldur og oft eru það aðstæður sem fólk hefur ekki hugmynd um eins og fyrrverandi makar eða fjölskylda viðkomandi sem stjórna því hvernig valið er í stöðuna.

Ég er nú reyndar ekki að mælast til þess að við tökum þessu svona bókstaflega en ég áttaði mig bara á því um daginn að við höfum öll mjög ákveðin skilyrði í huga þegar við veljum okkur félaga. Margir eru einmitt bara að leita að hluta- og sumarstarfsfólki og „sumarflíng" og „part time lovers" eru stöður sem eru margrómaðar meðal unga fólksins. Á endanum vilja þó allir hafa félagsskap í ellinni, spurningin er þó um hvenær á að ráða endanlega í stöðuna.





**Lárétt:** 1 yljir, 6 gufu, 7 hér og .., 8 tveir eins, 9 elska, 10 að viðbættu, 12 mergð, 14 selsunga, 15 leyfist, 16 málm, 17 þref, 18 missa.
**Lóðrétt:** 1 tímarit, 2 málmur, 3 í röð, 4 fjárstreymi, 5 leturtákn, 9 sár, 11 nabbi, 13 reika, 14 fjörug, 17 skóli.

**Lausn.**

**Lárétt:** 1 velgir, 6 eim, 7 nú, 8 rr, 9 ann, 10 auk, 12 mor, 14 kóp, 15 má, 16 ál, 17 mas, 18 tapa.
**Lóðrétt:** 1 vera, 2 eir, 3 lm, 4 innkoma, 5 rúm, 9 aum, 11 bóla, 13 rása, 14 kát, 17 ma.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á bls. 8

1 Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.
2 Framsóknarflokkinn.
3 4-1.






FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SEX MANNA BAND Í BÍLI** Mínus hefur undanfarnar vikur verið sex manna band, því Barði Jóhannsson var fenginn til samstarfs þegar tónlistin við kvikmyndina *Strákarnir okkar* var samin og leikin á plötu. Verður forvitnilegt að heyra útkomuna, þar sem Mínus eru vanalega harðir og Barði meira á mjúku línunni.

MÍNUS OG BARÐI: SEMJA TÓNLIST Í BÍÓMYNDINA *STRÁKARNIR OKKAR*

# Mínus verður Plús og Barði verður harður

„Nei, þetta var alls ekki flókið. Við í Mínus eigum okkar mjúku hliðar, og Barði sínar hörðu," svarar Frosti Logason, gítarleikari í Mínus, aðspurður hvort strembið hafi verið fyrir rokkarana að semja mýkri tónlist um samkynhneigðan fótboltamann í bíómyndinni *Strákarnir okkar* í leikstjórn Róberts Douglas en saman sjá Mínus og Barði Jóhannsson um tónsmíðar.

„Við höfðum mjög frjálsar hendur og horfðum á myndina áður en við byrjuðum að semja. Myndin kom skemmtilega á óvart því hún er mjög fyndin. Það var því aldrei pínlegt né við hræddir að gera tónlist við mynd sem ekki væri að virka," segir Frosti, en diskur með tónlistinni kemur út í byrjun júlí þótt myndin sjálf verði ekki frumsýnd fyrr en 1. september.

„Þetta er allt frumsamið og í fyrsta sinn sem við semjum tónlist sérstaklega fyrir kvikmynd, en áður hefur tónlist okkar heyrst í bíómyndunum Fálkar, Nói Albínói og Óskabörn þjóðarinnar," segir Frosti, en Kisi, framleiðandi myndarinnar, fékk Mínus til að taka að sér tónlistarsköpun fyrir margt löngu.

„Margir voru nefndir sem samstarfsaðilar að verkinu, en þegar nafn Barða kom upp sögðum við tvímælalaust já, því við höfðum mikinn áhuga á samstarfi. Barði er mikill snillingur og góður lagahöfundur, sem kom enn betur í ljós núna. Þetta hefur verið ögrandi verkefni og gefandi, því það er öllum tónlistarmönnum hollt að prófa eitthvað nýtt. Með því að hleypa Barða inn í hljómsveitina og fyrir hann að hleypa okkur að sér, erum við reynslunni ríkari og engu líkara en að við höfum nú lokið tveimur góðum háskólaönnum í rokktónlist," segir Frosti brosmildur, en tónlistin í myndinni er gjörólík því sem Mínus hefur áður gert.

„Við gerum ekki ráð fyrir að þetta hafi áhrif á tónlist okkar í framtíðinni, enda hefur Mínus frá upphafi farið víða í sinni tónlistarsköpun og ætti ekki að koma aðdáendum á óvart þótt við spilum bæði popp og argasta þungarokk. Kannski verður ívið meiri Mínuslykt af tónlistinni því hún er frekar rokkaðri en hitt, en inn á milli finnast frábær Bang Gang-rokklög líka, enda samstarfið allt lýðræðislegt og þægilegt. Tekið er til greina það sem mönnum líkar og mislíkar."

Í kvikmyndinni leikur Mínus eitt atriðanna.

„Við leikum aðra hljómsveit en okkur sjálfa; hallærislegt ballband sem við köllum Plús," segir Frosti að lokum, áður en hann flýtir sér í hljóðverið að hitta strákana og leggja smiðshöggið á verkið.

**thordis@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Frétt af heimsókn **David Beckham** og spúsu hans **Victoriu** hingað til lands barst eins og eldur um sinu í gær. Fjölmiðlamenn landsins sátu um Hótel 101 Reykjavík og biðu þess að fótboltaparið léti sjá sig en þau áttu víst að hafa borðað þar hádegisverð. Síðar um daginn bárust þær fréttir að Beckham-hjónin hefðu setið að snæðingi að Vegamótum ásamt ofurfyrirsætunni **Kate Moss**. Það var sama hvar fjölmiðlamennirnir komu, alltaf gripu þeir í tómt. Veitingamenn á fyrrnefndum stöðum virtust koma af fjöllum – nema á 101 Reykjavík þar sem starfsfólkið var þögult sem gröfin.



Sjaldan eða aldrei hafa jafn margir atvinnumenn í íþróttum verið saman komnir á Íslandi og um þessar mundir. Flestir íslensku landsliðsmennirnir í knattspyrnu eru hér á landi enda komnir í frí frá félagsliðum sínum og landsliði. Íslensku strákarnir unnu Möltu á miðvikudag og fögnuðu sigrinum síðar um kvöldið á Vegamótum. Þar mátti meðal annars finna **Eið Smára Guðjohnsen** fyrirliða landsliðsins, **Arnar Þór Viðarsson** og **Gylfa Einarsson** svo fáeinir séu nefndir. Maltverjar virtust fljótir að jafna sig eftir rassskellinguna því nokkrir úr landsliði þeirra sátu þar og fögnuðu með íslensku strákunum.





Fótboltastrákarnir voru ekki þeir einu sem voru á Vegamótum á miðvikudaginn því nokkrir úr íslenska handboltalandsliðinu létu einnig sjá sig eftir góðan leik gegn Svíum á Akureyri. Meðal þeirra voru **Ólafur Stefánsson** og sænski hornamaðurinn **Källman** samherji Ólafs hjá spænska stórliðinu Ciudad Real. **Jón Arnór Stefánsson**, bróðir Ólafs, er einnig kominn til landsins en hann hefur dvalið í Pétursborg í vetur þar sem hann hefur leikið með körfuboltaliðinu St. Pétursborg við góðan orðstír.



SIGIN GRÁSLEPPA, STÓR HUMAR

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga frá 10-14.30

# Nýjasta tíska á heitasta viðburðinum

Einn stærsti tískuviðburður sem haldinn hefur verið á Íslandi mun fara fram í Skautahöllinni í Laugardal í kvöld. Mosaic Fashions sem Baugur Group er stór hluthafi í ætlar að halda árlega tískusýningu sína hér á landi í tilefni þess að verið er að skrá fyrirtækið í Kauphöll Íslands. Tískusýningin verður sérstaklega vegleg í ár en þau fyrirtæki sem sýna föt í kvöld eru Karen Millen, Coast, Whistle, Oasis og Odille Oasis sem er undirfatalína. Íslenska fyrirtækið Storm Event hefur veg og vanda af öllum viðburðinum í heild sinni. „Þetta er gríðarlega stórt verkefni og okkar stærsta hingað til. Við erum með 150 manns í vinnu bara fyrir þetta," segir Kjartan Þór Þórðarson hjá Storm. Eitthvað verður um fræg andlit á viðburðinum, þar á meðal írska söngkonan Samantha Mumba. Breska ríkissjónvarpið BBC verður á staðnum ásamt fulltrúm frá 30 öðrum erlendum fjölmiðlum. Kvöldið hefst á fordrykk klukkan 21 en svo tekur við tískusýning þar sem 36 innlendar og erlendar fyrirsætur munu sýna nýjustu tísku. Dj Margeir sér um tónlistina og stílisti er Steinunn Sigurðardóttir. ■



**SAMANTHA MUMBA** sló í gegn árið 2000 með „Gotta Tell You" og „Body II Body".



# ÁFRAM STELPUR!

# Tökum þátt í Kvennahlaupi ÍSÍ 11. júní

## Ganga eða skokk - á þínum hraða

MÆTUM ALLAR!

KVENNAHLAUP ÍSÍ 11. 06. 2005

FABRIKAN

## Hlaupið verður á eftirtöldum stöðum:

### Garðabær, Garðatorg kl. 14

Dagskrá hefst kl. 13:30 – Vegalengdir 2, 5, 7 og 9 km. – Ýmis skemmtiatriði

### Akureyri, Ráðhústorg kl. 11 - Mosfellsbær, Íþróttavöllurinn kl. 11

| | |
|---|---|
| Keflavík | Holtaskóli kl. 11 |
| Grindavík | Sundmiðstöðin kl. 11 |
| Vogar | Íþróttamiðstöðin kl. 11 |
| Sandgerði | Íþróttamiðstöðin kl. 11 |
| Garður | Íþróttamiðstöðin kl. 12 |
| Kjós | Kaffi Kjós kl. 14 |
| Akranes | Íþr.miðst. Jaðarsbökkum kl. 11 |
| Borgarnes | Íþróttamiðstöðin kl. 12 |
| Akurholt | Kl. 13:30 |
| Hvanneyri | Íþróttavöllurinn kl. 11 |
| Stykkishólmur | Íþróttamiðstöðin kl. 11 |
| Flatey | Samkomuhúsið kl. 13 |
| Grundarfjörður | Esso-planið kl. 11 |
| Ólafsvík | Sjómannagarðurinn kl. 11 |
| Snæfellsbær | Sjá sjova.is |
| Hellissandur | Sjá sjova.is |
| Búðardalur | Íþróttavöllurinn kl. 11 |
| Reykhólar | Sjá sjova.is |
| Ísafjörður | Íþróttahúsið Torfnesi kl. 14 |
| Bolungarvík | Hrafnaklettur kl. 11 |
| Súðavík | Verk-Vest kl. 11 |
| Flateyri | Sundlaugin kl 13 |
| Suðureyri | Grunnskólinn kl. 11 |
| Patreksfjörður | Sundlaugin kl. 11 |
| Barðaströnd | Innri-Múla kl. 15 |
| Tálknafjörður | Íþróttamiðstöðin kl. 13 |
| Bíldudalur | Slökkvistöðin kl. 14 |
| Þingeyri | Íþróttamiðstöðin kl. 11 |
| Hólmavík | Söluskálinn kl. 14 |

| | |
|---|---|
| Bjarnarfjörður | Sjá sjova.is |
| Drangsnes | Fiskvinnslan kl. 11 |
| Trékyllisvík | HLAUPIÐ 12. JÚNÍ frá Litla-Felli |
| Hvammstangi | Íþróttamiðstöðin kl. 13 |
| Blönduós | Íþróttamiðstöðin kl. 11 |
| Skagaströnd | Tjaldstæðið kl. 11 |
| Sauðárkrókur | Sundlaugin kl. 11 |
| Varmahlíð | Sundlaugin kl. 11 |
| Fljót | Ketilás kl. 11 |
| Siglufjörður | Ráðhústorgið kl. 11 |
| Grenivík | Jónsabúð kl. 14 |
| Eyjafjarðarsveit | Hrafnagilsskóli kl. 13 |
| Dalvík | Sundlaugin kl. 11 |
| Ólafsfjörður | Íþróttahúsið kl. 11 |
| Húsavík | Sundlauginni kl. 11 |
| Laugar | Húsmæðraskólinn kl. 10:30 |
| Reykjahlíð | Sjá sjova.is |
| Kópasker | Heilsugæslustöðin kl. 11 |
| Öxarfjörður | Lundur kl. 11. |
| Raufarhöfn | Íþróttamiðstöðin kl. 11 |
| Þórshöfn | Sportver kl. 11 |
| Bakkafjörður | Grunnskólinn kl. 11 |
| Vopnafjörður | Grunnskólinn kl. 14 |
| Egilsstaðir | Tjarnargarðurinn kl. 14 |
| Seyðisfjörður | Miðbæjartorg kl. 11 |
| Reyðarfjörður | Andapollurinn kl. 11 |
| Eskifjörður | Skrúðgarðurinn kl. 11 |
| Neskaupsstaður | Lystigarðurinn kl. 11 |
| Fáskrúðsfjörður | Leikhúsið kl. 11 |
| Stöðvarfjörður | Brekkan kl. 11 |
| Breiðdalsvík | Íþrótthúsið kl. 11 |
| Djúpivogur | Íþróttahúsið kl. 11 |
| Höfn | Sporthöllin kl. 11 |

| | |
|---|---|
| Selfoss | Tryggvaskáli kl. 13 |
| Sólheimar | Græna kannan kl 11 |
| Hraunborgir | Þjónustumiðstöðin kl. 14 |
| Gnúpverjahreppur | Árnes kl. 11 |
| Villingaholtshreppur | Gaflsvegamót kl. 11 |
| Reykholt | Sjá sjova.is |
| Ölfushreppur | HLAUPIÐ 19. JÚNÍ. Egilsstaðir, Ölfusi, kl. 18 |
| Hveragerði | Versl.miðst. Sunnumörk kl. 14 |
| Þorlákshöfn | Íþróttamiðstöðin kl. 11 |
| Eyrarbakki | Rauða húsið kl. 11 |
| Stokkseyri | Sundlaugin kl. 11 |
| Laugarvatn | Íþróttamiðstöðin kl. 14 |
| Úthlíð | Hlíðalaug kl. 11 |
| Flúðir | Íþróttahúsið kl. 11 |
| Hella | Íþróttahúsið kl. 11 |
| Þykkvibær | HLAUPIÐ 12. JÚNÍ. Borg kl. 10 |
| Holta- og Landsveit | Sjá sjova.is |
| Hvolsvöllur | Íþróttmiðstöðin kl. 10 |
| Seljalandsfoss | Kl. 14 |
| Vík | Tjaldstæðið kl. 11 |
| Kirkjubæjarklaustur | Efri Vík kl. 14 |
| Álftaver | Skálm kl. 14 |
| Vestmannaeyjar | Íþróttamiðstöðin kl. 12:30 |

**Einnig er hlaupið erlendis, m.a. á eftirtöldum stöðum: Danmörku (Kaupmannahöfn, Sönderborg, Horsens og Álaborg), Noregi (Osló), England (Bedford), Belgíu (Brussel), Namibíu (Walvis Bay), Eþíópíu (Addis Abeba), Bandaríkjunum (Maryland) og Kanada (Toronto, Winnipeg og Vancouver).**

## Þátttökugjald 1.000 kr.

**Tryggðu þér bolinn fyrirfram!**
**Upplýsingar um forsölu, myndir o.fl. á www.sjova.is**

*Það er mikilvægt fyrir konur, og ekki síst ungar stúlkur, að eiga sér heilbrigðar og sterkar fyrirmyndir. Það styrkir sjálfsmynd þeirra og hvetur þær til dáða.*

LÝÐHEILSUSTÖÐ – lifið heil

Ísland á iði – Hreyfa sig!

SJÓVÁ – Aðalstyrktaraðili Kvennahlaups ÍSÍ

KVENNAHLAUP ÍSÍ – ÍÞRÓTTIR FYRIR ALLA

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Síðan 1991
Þakviðgerðir
PACE ÞAKVIÐGERÐIR
Nánari upplýsingar á www.pace.is
Málarameistari sér um þakið
555 7500



BAKÞANKAR
SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

# Af nágrönnum

Stundum eru svo margir fréttasirkusar í gangi að mannlegu tilfinningalífi svelgist á. Það er ekki hægt að kyngja ósköpunum. Á örfáum lykkjustundum hafa hundar drepið barn, ringlað mannkerti þóst ætla að ræna lest, elskulegir feðgar verið í sérþjálfun hjá ribböldum í Pakistan til þess að læra að sprengja upp spítala og matvöruverslanir í Ameríku, kínverski klipparinn á hárgreiðslustofunni hér rétt fyrir neðan var „böstuð“ fyrir að reka vændishús með ólöglega innfluttum stúlkum, Rússinn sem rekur delikatessuna við hliðina kominn í fangelsi fyrir að rokselja venjuleg laxahrogn héðan að norðan sem eðalkavíar frá Kaspíahafi, eða einhverjum sjó fyrir austan.

**DRENGURINN** sem hundarnir myrtu var jarðaður í gær – og aftur í dag. Tveir frændur hans eru prestar, vildu báðir fá að jarða. Móðirin stöðugt með andlitið inni í stofu hjá manni segjandi að þetta sé ekki hundunum að kenna, heldur Guði sem hafi ákveðið að drengurinn hennar ætti ekki að lifa lengur. Allir í hverfinu búnir að vitna um hvað stráksi var skemmtilegur, sem styður kenningu móðurinnar. Guð vill sjálfur hafa það skemmtilega kompaní sem hann skapar.

**ALLIR** nágrannar feðganna sem þjálfuðust hjá ribböldunum, vitna líka um hvað þeir hafi verið góðir. Pabbinn seldi ís úr bíl, gaf hann meira að segja stundum. Enginn vitnar um manngreyið sem þóttist vera að ræna lest. Enda var hann keyrður á geðsjúkrahús. Ef enginn vill segja að maður sé góður, er maður bara vistaður.

**SVO ER** það konan sem setti fingur í matinn hjá Wendy's veitingahúsinu til þess að svíkja út fé. Hún hitti manninn sinn í réttarsal í dag. Bæði í fanga-júníformi. Hann á leið í grjótið fyrir eitthvað allt annað. Varla von á miklum heimilisófriði hjá þeim á næstunni. Verða að láta nægja að hittast á næstu árshátíð þjófa, bófa og ræningja.

**ÞETTA** með klipparann og vændishúsið hefur svo sannarlega gert mig hugsi yfir hinni lúsiðnu juðu-litlujóns á hæðinni fyrir ofan mig með rúmið sitt sem segir skvík-skvík.

**FLEIRA** er ekki að frétta af nágrönnum mínum að sinni.

www.volkswagen.is




Nýr og rúmgóður Golf Plus

Við kynnum nýjan rúmgóðan Golf Plus. Í Golf Plus nýtur öll fjölskyldan hinna alkunnu kosta Volkswagen Golf. Frábærra akstureiginleikanna, hönnunar á heimsmælikvarða og ríkulegs búnaðar. Það er nóg pláss fyrir athafnasama nútímafjölskyldu í Golf Plus og hann hentar henni við öll tækifæri. Öryggisbúnaðurinn er eins og hæfir þegar það dýrmætasta í lífinu er flutt milli staða.

Fjölskylda þín á aðeins það besta skilið.

Verð 2.090.000 kr.
Trendline 1600 FSI® 115 hestöfl 6 gíra beinskiptur

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is




Hljómfagur flutningur
Hljómtækja- og skrifstofutækjadeild ORMSSON flytur

Verslunarsvið Ormsson er nú í tvennu lagi:

Á gamla staðnum í Lágmúla eru nú sem áður öll eldhústækin og innréttingar, ásamt þvottavélum og þurrkurum, meðan hljómtækja- og skrifstofutækjadeildin er búin að hreiðra um sig í Síðumúla 9, þar sem Mál og Menning var til margra ára og Bílanaust þar á undan.

Þetta þýðir að nú fer betur um menn og tæki og **Pioneer**, **Sharp**, **Samsung**, **Olympus**, **Nikon**, **Nintendo**, **Jamo**, **Loewe** og öll hin gæðamerki Ormsson njóta sín nú sem aldrei fyrr og þjónustan sömuleiðis. Sama má segja um **AEG**, **HTH** innréttingar og önnur merki í Lágmúlanum.

Sími 530-2800
ORMSSON SÍÐUMÚLA 9

Hljómtækja- og skrifstofutækjadeild ORMSSON flytur í Síðumúla 9 · Fjöldi tilboða! · Lítið í heimsókn!